

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir segir ötula framgöngu Jóhönnu Sigurðardóttur hafa veitt sér innblástur. 19



**MENNING** Sigríður Heimisdóttir hannaði verðlaunagripi fyrir Íslandsmótið í kraftlyftingum. 50



**SPORT** Tannlaus Jóhann Gunnar Einarsson missti af fagnaðarlátunum eftir að hann varð meistari. 44







# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
8. maí 2013
107. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Saknar trjánna sinna

Theodóra Guðrún Rafnsdóttir, Reykvíkingur ársins 2012, er miður sín vegna skógarhöggs íbúa við Rituhóla í Elliðaárdal. Hún hefur ásamt hópi unglinga annast lundinn um árabil. 6

**Sláturhús verður hótel** Húsasmíðameistari leggur nú lokahönd á nýtt hótel sem opnað verður í gamla sláturhúsinu á Patreksfirði. 2

**Loks lausar úr prísundinni** Þrjár ungar konur voru á mánudag frelsaðar úr haldi mannræningja í Cleveland í Bandaríkjunum. Þær höfðu verið um áratug í haldi. 16




20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | | NA | 3 |
| Akureyri | 4° | | NA | 2 |
| Egilsstaðir | 2° | | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | NA | 2 |
| Reykjavík | 9° | | N | 5 |

**Bjart syðra** Í dag eru horfur á NA-átt, víða 2-8 m/s en hvassara við SA-ströndina. Skýjað norðan- og austantil en bjart sunnanlands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Stór eldhús | Fólk






**HÉRAÐSDÓMUR I GÆRKVÖLD** Maðurinn sem er grunaður um að hafa banað nágranna sínum var leiddur fyrir dómara í Héraðsdómi Austurlands klukkan hálftíu í gærkvöldi. Lögreglan fór fram á að maðurinn yrði úrskurðaður í fjögurra vikna varðhald en dómari hafði ekki kveðið upp úrskurð þegar blaðið fór í prentun. AUSTURFRÉTT/GUNNAR

# Nágranni grunaður um manndráp á Egilsstöðum

Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn á Egilsstöðum í gær grunaður um að hafa orðið nágranna sínum að bana í fyrrinótt. Óskar Bjartmarz yfirlögregluþjónn segist sleginn en hann er sjálfur nágranni hins látna.

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla krafðist í gærkvöldi fjögurra vikna gæsluvarðhalds yfir manni á þrítugsaldri sem grunaður er um að hafa orðið nágranna sínum að bana í fjölbýlishúsi á Egilsstöðum í fyrrinótt.

Annar nágranni gerði lögreglu viðvart um klukkan átta í gærmorgun þegar hann sá hinn látna hreyfingarlausan í íbúð sinni. Lögregla vill lítið sem ekkert gefa upp um gang rannsóknarinnar, sem var enn í fullum gangi í gærkvöldi.

Hinn látni var um sextugt. Íbúar í Blómvangi 2 lýsa honum sem hæglátum og ljúfum manni. Einn þeirra er Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Seyðisfirði, með aðsetur á Egilsstöðum. Óskar fór suður til Reykjavíkur um helgina til að sækja nýjan lögreglubíl og heldur austur aftur í dag.

„Þetta var síðasti maðurinn í húsinu sem ég talaði við áður en ég fór. Það var nú meiningin að við mundum hittast þegar ég kæmi austur því að hann var í stjórn húsfélagsins með mér,“ segir Óskar.

Hann segir fréttirnar hafa fengið á hann, þótt enn sé óljóst hvað hafi gerst. „Svona hlutir slá mann alltaf,“ segir yfirlögregluþjónninn, sem segist enga aðkomu munu hafa að rannsókn málsins – hún sé alfarið á forræði lögreglunnar á Eskifirði. Óskar segist ekki hafa orðið var við nokkurt ónæði í húsinu að undanförnu.

- sh / sjá síðu 4



> Þetta var síðasti maðurinn í húsinu sem ég talaði við áður en ég fór.
>
> *Óskar Bjartmarz yfirlögregluþjónn*






Stundakennarar í HÍ fullsaddir á slæmum kjörum og ótryggu starfsumhverfi:

# Hóta að hætta að fara yfir próf

**KJARAMÁL** „Krafan er einföld, við viljum að komið sé fram við stundakennara líkt og aðra kennara Háskólans,“ segir Eiríkur Valdimarsson, formaður Hagstundar, hagsmunafélags stundakennara, sem kveður stundakennara við Háskóla Íslands hafa fengið nóg af langvarandi aðgerðaleysi.

Yfir tvö þúsund stundakennarar starfa við Háskóla Íslands. Þeir hafa ekki veikindarétt og eru í ótraustu vinnuumhverfi. Kennurum við H.Í. hefur ekki fjölgað í takt við fjölgun nemenda eftir hrun.

Eiríkur segir ekki lengur viðunandi að bilið sé brúað með stundakennurum sem séu ódýrt vinnuafl. Engan stuðning sé að fá meðal stjórnenda skólans og lítil viðbrögð hafi fengist frá umboðsmanni Alþingis.

„Hvers kyns aðgerðir sem við grípum til munu koma til með að vekja mikla athygli, þar sem kennsla og yfirferð prófa fjölmargra nemenda eru í okkar höndum. Sömuleiðis hyggjumst við jafnvel sleppa því að fara yfir próf og skila einkunnum.“

- mlþ / sjá síðu 8

> Við viljum að komið sé fram við stundakennara líkt og aðra kennara.
>
> *Eiríkur Valdimarsson formaður Hagstundar*







## SPURNING DAGSINS



Finnur, er þetta ekki að sækja vatnið yfir lækinn?

**„Nó komment…“**

Finnur Friðriksson, dósent við HA, rannsakaði muninn á hegðun kynjanna út frá ummælum þeirra á Facebook.

Umboðsmaður Alþingis metur aðstæður á Litla-Hrauni í kjölfar skýrslu CPT-nefndar Evrópuráðs:

# Vinnur úr viðtölum við starfsfólk og fanga

**STJÓRNSÝSLA** „Við erum að vinna við að greina þessar upplýsingar og við munum á næstu vikum taka ákvarðanir um hvort að við þurfum að fá frekari upplýsingar um þessi atriði sem ég er að skoða,“ segir Róbert Spanó, settur umboðsmaður Alþingis, um heimsókn sína á Litla-Hraun.

Róbert fundaði með starfsfólki fangelsisins, heilbrigðisstarfsfólki sem sinnir heilbrigðisþjónustu í fangelsinu, fulltrúum frá Fangelsismálastofnun og innanríkisráðuneytinu og Afstöðu, félagi fanga.

Tilgangur heimsóknarinnar er að leggja mat á hvort aðstæður í fangelsinu, aðbúnaður fanga og verklag við ákvörðunartöku um réttarstöðu þeirra samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar, Mannréttindasáttmála Evrópu, laga og reglugerða um fullnustu refsinga auk meginreglna stjórnsýsluréttar. Hann hafði til hliðsjónar skýrslu CPT-nefndarinnar (Evrópunefndar um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu) sem gerð verður opinber á næstu vikum.

Róbert hitti einnig að máli fanga sem óskuðu eftir samtali. Hann segist vera að íhuga hvort tilefni sé til að eiga frekari fundi. „Þá með fulltrúum fangelsisyfirvalda og þá hugsanlega innanríkisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins og þá sérstaklega hvað varðar heilbrigðismálefni fanga.“ **- hó**



**„Við erum að vinna við að greina þessar upplýsingar og við munum á næstu vikum taka ákvarðanir hvort að við þurfum að fá frekari upplýsingar…**

*Róbert Spanó, lögmaður og settur umboðsmaður Alþingis*



**ALELDA** Fjöldi bíla á hraðbrautinni brann í slysinu, sem varð fyrir dagrenningu í Mexíkó. NORDICPHOTOS/AFP

Vekur athygli á öryggisvandamálum í Mexíkóborg:

# Nítján látnir eftir gassprengingu

**MEXÍKÓ, AP Minnst nítján létust og tæplega fjörutíu slösuðust þegar gasflutningabíll sprakk í loft upp skammt norðan Mexíkóborgar í Mexíkó snemma í gærmorgun.**

**Mikill eldur blossaði upp þegar sprengingin varð og barst hann í nærliggjandi bíla og hús. Alls brunnu um fimmtán bílar og eldur kviknaði í 27 húsum. Lögreglumenn sögðu í gær ekki útilokað að tala látinna gæti hækkað. Enn var verið að leita í rústum húsa og flökum bíla.**

**Bíllinn lenti í árekstri, sem varð til þess að hann sprakk. Slysið vakti athygli á tveimur öryggisvandamálum í Mexíkóborg, miklum þungaflutningum bíla, sem lenda reglulega í alvarlegum slysum, og byggingu húsa alveg við stórar hraðbrautir.** **- þeb**

## SAMKEPPNISMÁL

### Fyrirstaða við Jökulsárlón

Samkeppniseftirlitið vill að sveitarfélag Hornafjarðar útskýri hvað standi í vegi fyrir því að heimila Must Visit Iceland ehf. áframhaldandi rekstur við Jökulsárlón og hvernig til standi að haga skipulagi svæðisins til framtíðar.

## FERÐAÞJÓNUSTA

### Fjölgun gistinótta

Gistinætur á hótelum í mars voru 163.200 í marsmánuði og fjölgaði um 22 prósent frá í fyrra. Gistinætur erlendra gesta voru um 79 prósent af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum og fjölgaði þeim um 26% frá sama tíma í fyrra. Jafnframt fjölgaði gistinóttum Íslendinga um tíu prósent.

CCP-stytta sem var hafnað:

# Vildu nöfn allra viðskiptavina

**MENNINGARMÁL** Fyrsta tillaga fyrirtækisins CCP að styttu sem gefa á Reykjavíkurborg gerði ráð fyrir að nöfn allra 400 þúsund notenda Eve-Online tölvuleiksins yrðu letruð á skjöld á styttunni. Sjálf átti styttan að vera tæplega sex metra há á stöpli sem borgin átti að leggja til.

Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur sagði nöfnin mundu takmarka merkingu listaverksins og koma í veg fyrir að það stæði óháð hagsmunum einkafyrirtækis. **- gar**

# Breytir sláturhúsi í þriggja stjörnu hótel

Húsasmíðameistari leggur nú lokahönd á nýtt hótel sem verður opnað í gamla sláturhúsinu á Patreksfirði. Hann gerði einnig upp gamla stúkuhúsið í bænum sem nú er starfrækt sem kaffihús. Þorpið ól mig upp og ég skulda því, segir hann.

**PATREKSFJÖRÐUR** „Þetta var hlutverkalaust hús í anddyri þorpsins og hafði ekki verið notað síðan rétt fyrir aldamót,“ segir Ólafur Sæmundsson húsasmíðameistari, sem leggur nú lokahönd á nýtt 40 herbergja, þriggja stjörnu hótel við Aðalstræti 100 á Patreksfirði sem verður opnað í lok mánaðarins.

Húsið sem um ræðir var byggt á árunum 1938-39 og þá sem frystihús. Árið 1961 var frystigeymsla byggð við húsið en 1981 var frystihúsinu sjálfu breytt í sláturhús. Húsið stóð sem fyrr segir autt til lengri tíma en nú hefur það fengið nýtt hlutverk. Ólafur starfar sem byggingarstjóri en rekstur hótelsins verður í höndum Fosshótela.

„Það var ekkert hótel á Patreksfirði fyrir, aðeins gistiheimili,“ segir Ólafur. „Hér eru mikil náttúrundur og mikil náttúra til að sýna en það hefur háð sunnanverðum Vestfjörðum að það hefur ekki verið neitt hótel sem hefur getað tekið á móti stórum hópum. Hér fá allir prívatherbergi með baði og svo verður boðið upp á fínan dinner.“

Þegar Ólafur, sem rekur verktakafyrirtækið TVT í félagi við Guðmund Kjartansson húsasmíðameistara, tók við húsinu var það stórt, gluggalaust verksmiðjuhús. Fyrsta verk var því að saga út glugga. Byggingavinnan hefur nú staðið yfir í tæpt ár. Hótelið á að opna 20. maí og það er fullbókað 24. maí.

Þetta er ekki fyrsta verkið sem Ólafur kemur að á Patreksfirði. Hann breytti gamla stúkuhúsinu í kaffihús sem hóf rekstur í fyrra.



**NÝJA HÓTELIÐ** Ólafur Sæmundsson stendur hér við nýja hótelið. Framkvæmdir við það hófust 1. júlí í fyrra en hótelið verður opnað í lok mánaðarins. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Hnignunartímabilið hér hófst í kringum árið 1989 en ég hef verið svo heppinn að fá að taka þátt í þessum viðsnúningi. Nú eru tvö laxeldisfyrirtæki sem starfa hér svo það er mikil jákvæðni og gróska í gangi sem á eftir að skapa ný störf og veita fólki atvinnutækifæri.“

Ólafur segir að þegar hrunið hafi orðið á Íslandi hafi fyrirtæki hans ekki horft til Noregs heldur landsbyggðarinnar. „Það er fullt af tækifærum og atvinnuuppbyggingu um land allt og við erum bara að sinna því,“ segir hann.

Og Ólafur er stoltur Patreksfirðingur. „Hér er ég fæddur og uppalinn og stoltur af því. Ég hef aldrei farið þó að ég hafi haft viðveru annars staðar. Ég hef komið hingað á hverju ári í verk og viðhald á húsum. Þetta er þorpið mitt, það ól mig upp og fyrir vikið skulda ég því mikið.“ **kristjan@frettabladid.is**

**„Hér eru mikil náttúruundur og mikil náttúra til að sýna en það hefur háð sunnanverðum Vestfjörðum að það hefur ekki verið neitt hótel sem hefur getað tekið á móti stórum hópum.**

*Ólafur Sæmundsson húsasmíðameistari*


**Til leigu verslunarhúsnæði á besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar**




Til leigu verslunarhúsnæði við Fjarðargötu 19 í miðbæ Hafnarfjarðar.
Hægt er að leigja húsnæði á bilinu 130 til 364,2 fermetrar.
Góð bílastæði, gott aðgengi og stórir gluggar. Húsnæðið er laust.

**Uppl. veita Úlfar Þór Davíðsson s: 897-9030 og Gunnar Skúli Guðjónsson 696-7008**


Formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um stjórnarmyndun:

# Ráðherraskipan ekki rædd enn

**STJÓRNMÁL** Formennirnir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segja að ráðherraskipan eða breytingar varðandi ráðherrafjölda hafi ekki enn komið alvarlega til tals í viðræðum um myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Hingað til hafi viðræðurnar gengið vel, og búast þeir við að línur gætu farið að skýrast öðru hvorum megin við helgina. Formlegar viðræður hófust á sunnudag. „Hingað til höfum verið að ræða stóra samhengið þar sem efnahagsmálin eru fyrirferðarmikil,“ segir Bjarni. „Þar erum við meðal annars að ræða ríkisfjármálin, skattamál og hvernig megi örva atvinnulífið og koma hagvexti aftur af stað.“

Varðandi hugsanlega ráðuneytaskipan segir Bjarni að það hafi ekki verið rætt í þaula. „Ég hef tjáð þá skoðun mína að koma aftur á sérstökum heilbrigðisráðherra, en að öðru leyti hefur stjórnarráðið verið mjög lítið rætt. Skipting ráðuneyta og slíkt er einfaldlega ekki komið á dagskrá hjá okkur.“

Sigmundur segir að skuldamál og verðtrygging séu næst á dagskrá viðræðnanna.

„Við höfum farið frekar vítt yfir sviðið og ekki sökkt okkur djúpt í neina málaflokka. Ég á von á því að við höldum því áfram og höfum mörg mál undir samtímis.“

Varðandi tímaramma fyrir viðræðurnar segir Bjarni að eftir helgi ætti að liggja fyrir hvort flokkarnir hafi náð saman um einstaka þætti og Sigmundur tekur í sama streng. **- þj**



**FUNDAÐ Í GÆR** Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segja að stjórnarmyndunarviðræður gangi vel og ættu að skýrast um eða eftir næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Landsbankinn óskar TM til hamingju með skráningu á markað

Skráning TM í Kauphöllina markar lok á söluferli félagsins sem Landsbankinn hafði umsjón með. Stefnt var að því að hluthafahópur TM yrði sterkur og að félagið yrði í dreifðri eign. Markmiðið náðist og er TM nú með um 7.000 hluthafa, jafnt fagfjárfesta sem almenna hluthafa. Landsbankinn fagnar þessari öflugu viðbót á íslenskum hlutabréfamarkaði.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## GENGIÐ 07.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,79 | 116,35 |
| Sterlingspund | 180,21 | 181,09 |
| Evra | 151,7 | 152,54 |
| Dönsk króna | 20,347 | 20,467 |
| Norsk króna | 19,877 | 19,995 |
| Sænsk króna | 17,715 | 17,819 |
| Japanskt jen | 1,1668 | 1,1736 |
| SDR | 174,65 | 175,69 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
206,8504

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði ósammála Kvikmyndasafni Íslands varðandi möguleika á notkun Bæjarbíós:

# Tvær kvikmyndasýningar á viku duga ekki

**STJÓRNSÝSLA** Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segist ekki sammála því að ekki getið farið saman rekstur leikhúss og starfsemi Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíó.

Kvikmyndasafnið hefur afnot af Bæjarbíói samkvæmt samningi við Hafnarfjarðarbæ. Þess utan hefur safnið geymslu í byggingu sem áður var fiskvinnsluhús og Guðrún segir ekki standa til að hrófla við því. Gaflaraleikhúsið hafi hins vegar áhuga á að taka við rekstri Bæjarbíós og hleypa lífi í húsið – sem sé einmitt ósk bæjaryfirvalda.

„Þetta er náttúrulega hús sem bærinn á og hlýtur að hafa eitthvað um að segja hvað þar á að vera inni,“ segir bæjarstjórinn sem kveðst ekki telja að Hafnfirðingar séu að fórna Kvikmyndasafninu með því að endurnýja ekki samning safnsins um Bæjarbíó.

„Auðvitað er alls ekki skemmtilegt að missa safnið úr bænum. Spurningin er hins vegar hvort við getum búið við það að Bæjarbíó sé í notkun fjóra tíma í viku með tvær kvikmyndasýningar en að öðru leyti nánast ónotað. Þetta er hús í hjarta bæjarins og við teljum að það sé hægt að njóta þess meira,“ segir bæjarstjórinn. - gar



**BÆJARBÍÓ** Hafnfirðingar vilja meira líf í Bæjarbíó með leikhúsrekstri en Kvikmyndasafn Íslands segist þá munu hverfa á braut. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**Á LANDLEIÐ** Hvalveiðar á stórhvelum hófust árið 2006 eftir langt hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

Segja hvalveiðar ósjálfbærar:

## Veiðum á hval mótmælt hart

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórn Ferðamálasamtaka Íslands mótmælir harðlega ákvörðun Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals hf., um að hefja hvalveiðar í sumar.

Fullyrða samtökin að veiðarnar séu ósjálfbærar og að það veki furðu að „sérhagsmunir eins aðila gangi fyrir almannahagsmunum auk þess sem veiðarnar eru stundaðar í algjörri andstöðu við okkar helstu viðskiptalönd“.

Samtökin vilja benda á „að eina leiðin til sjálfbærrar nýtingar hvalastofnanna hér við land er að sýna þá með ábyrgum hætti erlendum og innlendum ferðamönnum, þ.e. hvalirnir eru mun meira virði lifandi en dauðir“, eins og segir í tilkynningu. - shá

### LEIÐRÉTT

Börkur Jónsson leikmyndahönnuður hlaut Grímuna fyrir sýninguna Fögnuð árið 2006 en ekki Afmælisveisluna, eins og ranghermt var í blaðinu í gær. Grétar Eyþórsson hannaði leikmyndina fyrir Afmælisveisluna. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Átakið Hjólað í vinnuna:

## Heilsusamlegur ferðamáti

**HEILSA** Blásið verður til átaksins Hjólað í vinnuna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum klukkan 8.30 í dag. Þetta er ellefta árið sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands efnir til þessarar vinnustaðakeppni og hefur þátttakendum fjölgað frá upphafi um 2.035 prósent.

Hægt er skrá sig á vef Íþrótta- og Ólympíusambandsins, isi.is.



**VIÐ HESTAHEILSU** Almennt heilbrigði Norðmanna sparar ríkinu miklar fjárhæðir. NORDICPHOTOS/GETTY

Norðmenn heilsuhraustir:

## Spara milljarða á betri heilsu

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld hafa fimm milljarða norskra króna, um 100 milljarða íslenskra, til ráðstöfunar í ár þar sem útgjöld vegna veikinda eru minni en búist var við. Í frétt á vef VG kemur fram að fjármunirnir sparist meðal annars vegna færri veikindadaga á vinnumarkaði, færri sækja um örorkubætur og eldri borgarar haldast lengur í vinnu áður en þeir fara á ellilífeyri.

Anniken Huiwtfeldt atvinnumálaráðherra segir þetta góðar fréttir, og afsanni þá kenningu að öflugt velferðarkerfi hvetji fólk til þess að vera frekar á bótum en í vinnu. - þj

# Var með óspektir í húsinu kvöldið áður

Ungur maður sem var handtekinn á Egilsstöðum í gærmorgun, grunaður um að hafa banað nágranna sínum, hafði kvöldið áður áreitt nágranna sína svo að kalla þurfti til lögreglu. Íbúar segja húsið hafa verið friðsælt og eru slegnir vegna málsins.

**LÖGREGLUMÁL** Kvöldið áður en maður um sextugt fannst látinn í íbúð sinni í Blómvangi 2 á Egilsstöðum þurfti lögregla að hafa afskipti af ungum íbúa í húsinu, sem gekk íbúð úr íbúð, áreitti nágranna sína og heimtaði af þeim tóbak. Sá maður, sem er 24 ára, var handtekinn í gær, grunaður um að hafa ráðið nágranna sínum bana.

Maðurinn fannst látinn í íbúð sinni snemma í gærmorgun. Annar nágranni hans gerði lögreglu viðvart þegar hann sá hann liggja hreyfingarlausan.

Ætlaður banamaður hans var yfirheyrður í gærkvöldi. Yfirheyrslunni lauk skömmu eftir klukkan níu og að henni lokinni var maðurinn leiddur fyrir dómara við Héraðsdóm Austurlands þar sem lögregla fór fram á að hann sætti gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna í fjórar vikur.

Dómari hafði ekki kveðið upp úrskurð þegar blaðið fór í prentun kvöldsins hálfellefu.

Lögregla varðist allra fregna af málinu í gær, en Jónas Wilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Egilsson, staðfesti við Fréttablaðið að skýrslur hefðu verið teknar af nágrönnum mannsins tveggja, auk þess sem vettvangurinn hefði verið rannsakaður gaumgæfilega með aðstoð manna frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Ætli við höldum því ekki áfram eitthvað fram eftir og síðan aftur í fyrramálið,“ sagði Jónas um vettvangsrannsóknina í gærkvöldi.

Íbúar að Blómvangi 2, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, voru sammála um það að atburðurinn kæmi fólki í opna skjöldu og að húsið hefði hingað til verið einstaklega friðsælt, eins og það var orðað.

Hinn látni er sagður hafa verið einstæðingur og enginn sem Fréttablaðið ræddi við hafði nokkuð upp á hann að klaga. - sh, þeb, kh



**VETTVANGUR VOFEIFLEGS ATBURÐAR** Fjölmennt lögreglulið rannsakaði í allan gærdag íbúð að Blómvangi á Egilsstöðum þar sem maður fannst látinn í gærmorgun. Tæknideild höfuðborgarlögreglunnar var kölluð austur til að aðstoða við rannsókn málsins, sem lítið fæst gefið upp um. AUSTURFRÉTT/GUNNAR

### Fólk er auðvitað slegið



„Fólk er auðvitað slegið yfir þessum fregnum en maður veit svo sem ósköp lítið,“ segir **Björn Ingimarsson**, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs. „Þessu eiga menn alls ekki von á, hvar sem þeir eru, en síst hér.“






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VOR Á NÆSTA LEITI?** Hitastigið þokast hægt upp á við þessa dagana en þó eru enn töluverð snjóalög norðan- og austanlands. Í dag og á morgun verður hlýjast í innsveitum sunnanlands en á föstudag spáir hæsta hitastiginu norðvestan til.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur.




**Föstudagur**
2-6 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Berlín | 25° | Friedrichshafen | 23° | Las Palmas | 25° | New York | 18° | París | 19° |
| Aþena | 23° | Billund | 15° | Gautaborg | 16° | London | 16° | Orlando | 28° | San Francisco | 17° |
| Basel | 23° | Frankfurt | 23° | Kaupmannahöfn | 16° | Mallorca | 25° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 15° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



SÍBS

# UM 50 MILLJÓNIR
## DREGNAR ÚT Í HVERJUM MÁNUÐI

**Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.**

VERTU VINUR - **DRÖGUM Í DAG**

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

25.308 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: **1.200 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS

H:N Markaðssamskipti / SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvort eru konur eða karlar taldir montnari á Facebook?
**2.** Hverjir eru Íslandsmeistarar í handknattleik karla og kvenna?
**3.** Hvað heitir Leifsstöð?

**SVÖR**

**1.** Konur. **2.** Fram. **3.** Flugstöð Leifs Eiríkssonar, FLE, Keflavíkurflugvöllur eða flugstöðin á Keflavíkurflugvelli allt eftir því sem best þykir henta hverju sinni.

Önnur gíslatakan á tveimur mánuðum sýnir varnarleysi friðargæslunnar í Ísrael:

# Tóku fjóra friðargæsluliða í gíslingu í gær

**SÝRLAND, AP** Hópur sýrlenskra uppreisnarmanna hefur tekið fjóra friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna í gíslingu. Þetta er önnur gíslataka uppreisnarmanna í kringum Gólanhæðir á undanförnum tveimur mánuðum, en 21 friðargæsluliða var rænt í mars síðastliðnum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa staðfest gíslatökuna og segja að gæsluliðarnir fjórir séu allir frá Filippseyjum. Þeim var rænt í nágrenni við bæinn Jamla í suðurhluta Sýrlands. Þegar voru hafnar samningaviðræður við uppreisnarmennina um að láta friðargæsluliðana lausa.

Friðargæsluliðunum sem var rænt í mars síðastliðnum var sleppt lausum fjórum dögum síðar eftir stífar samningaviðræður.

Hópur uppreisnarmanna, sem kallar sig Yarmouk-píslarvottaflokkinn, hefur lýst mannránunum á hendur sér. Hópurinn segist hins vegar ekki vera með gæsluliðana í gíslingu heldur sé þeim haldið til að vernda öryggi þeirra.

Friðargæsluliðar hafa gætt Gólanhæða frá árinu 1974, til að halda frið á milli Ísraels og Sýrlands. Gíslatökurnar eru sagðar hafa sýnt fram á varnarleysi friðargæsluliðanna í stríðinu í Sýrlandi. Vaxandi spenna hefur verið á milli ríkjanna undanfarið.

- þeb



**GÓLANHÆÐIR** Landamæra Ísraels og Sýrlands hefur verið gætt frá árinu 1974. NORDICPHOTOS/AFP








**STEINHISSA** Theodóra Guðrún heimsótti svæðið aftur í gær. Þar liggja felld tré á víð og dreif. Í baksýn má sjá tvö húsanna við Rituhóla, sem íbúar töldu að trén byrgðu útsýni úr. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Reykvíkingur ársins saknar trjánna sinna

Þroskaskert ungmenni sem hafa árum saman hlúð að trjánum í Breiðholtshvarfi eru miður sín yfir skógarhöggi íbúa við Rituhóla. Leiðbeinandi þeirra, Theodóra Guðrún Rafnsdóttir, hefur annast lundinn í yfir 30 ár og fékk áfall fyrir helgi.

**FÓLK** „Ég er sár og leið,“ segir Theodóra Guðrún Rafnsdóttir, kennari við Seljaskóla, sem öðrum fremur á veg og vanda af ræktun skógarins í Elliðaárdal sem íbúar við Rituhóla hjuggu stórt skarð í hinn 1. maí.

Theodóra leiðbeindi hópi ungmenna sem plantaði þar trjám á sextán ára tímabili frá árinu 1979 og hefur síðan hirt um svæðið á hverju sumri ásamt hópi ungmenna með þroskaskerðingu á vegum Reykjavíkurborgar.

Íbúar við Rituhóla, ofan við trjálundinn, tóku sig til hinn 1. maí og söguðu niður hundruð trjáa sem þeir töldu byrgja sýn úr húsum þeirra. Umsjónarmaður skógarins gagnrýndi þetta harðlega og kærði skógarhöggið til lögreglu.

Theodóra rölti sjálf um svæðið daginn eftir, á fimmtudaginn í síðustu viku. „Mér varð um – ég fékk áfall. Þetta er alveg hræðilegt,“ segir Theodóra, sem í fyrra var útnefnd Reykvíkingur ársins fyrir störf sín við með ungmennunum við uppgræðsluna í Breiðholtshvarfi og Arnarbakka.

Hún kveðst ekki gera sér grein fyrir því hversu mikil vinna hafi verið lögð í uppgræðslu og umhirðu trjánna. Eðli málsins samkvæmt hafi það hins vegar verið dágóður tími á rúmum þrjátíu árum.

Theodóra segir nokkur ungmennanna sem hún vinnur með á sumrin hafa haft samband við hana eftir að fréttir bárust af skemmdarverkinu, miður sín yfir stöðunni.

„Strax á föstudagskvöldið var byrjað að hringja. Ein spurði bara: Thea, hvað getum við gert?“ Hjá henni hafi hins vegar verið ósköp fátt um svör – þau þyrftu einfaldlega að bíða eftir viðbrögðum borgaryfirvalda.

> **Ég hugsa að fólkið sjái Esjuna úr gluggunum – en kannski vill það sjá ána, ég veit það ekki.**

„Þau eru að sjálfsögðu sjokkeruð. Uppistaðan í hópnum er sömu krakkarnir ár eftir ár og auðvitað þykir þeim vænt um svæðið.“

Og Theodóru finnst miður að íbúarnir hafi valið að fara þessa leið. „Ég hugsa að fólkið sjái Esjuna úr gluggunum – en kannski vill það sjá ána, ég veit það ekki. Það sem manni þykir eiginlega verst er að fólkið kunni ekki að meta það skjól sem trén veita því.“

stigur@frettabladid.is


LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA

**Ráðstefna í tilefni af 40 ára afmæli LSS**

**Hótel Natura í Reykjavík 11. maí kl. 9:00–16:00**

**Fyrirlestrar um sjúkraflutninga salur 1, kl. 9:00 – 12:30**
- Skýrsla vinnuhóps Velferðarráðherra
- Framtíð sjúkraflutninga -Vinnuferlar, menntun og nýjungar
- Stoðkerfisálag
- Notkun bakbretta

**Fyrirlestrar um slökkviliðsmálefni salur 2, kl. 11:00 – 16:00**
- Gróðureldar
- Eldur í jarðgöngum
- Eldvarnaeftirlit í framtíðinni
- Viðbragðs og aðkomuáætlanir
- Björgun úr bílflökum
- Ábyrgð sveitarfélaga á brunavörnum
- Tengsl krabbameins og slökkvistarfa

**Nánar á heimasíðunni www.lsos.is**
**Vinsamlegast skráið þáttöku á lsos@lsos.is**



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.


Ísland er fjórða besta landið til að vera móðir samkvæmt skýrslu Barnaheilla:

# Milljón barna deyr á fyrsta degi

**SAMFÉLAGSMÁL** Rúmlega ein milljón barna deyr áður en hún nær sólarhrings aldri. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu Barnaheillar – Save the Children um stöðu mæðra, sem var birt í gær. Þrjár milljónir barna deyja áður en þær verða þriggja mánaða gömul.

Hægt væri að koma í veg fyrir 75 prósent ungbarnadauða í heiminum með ódýrum og áhrifaríkum aðferðum. Meðal þeirra eru sterasprautur sem hjálpa lungum fyrirbura að þroskast, sótthreinsandi efni á naflastreng og nafla, sýklalyf og tæki fyrir öndunarstuðning. Besta leiðin til þess koma í veg fyrir ungbarnadauða er að auka jafnrétti kynjanna, að sögn Þóru Arnórsdóttur fjölmiðlakonu, sem kynnti skýrsluna.

287 þúsund konur deyja á hverju ári af barnsförum eða á meðgöngu. Þá deyja 6,9 milljónir barna fyrir fimm ára aldur. Langflest dauðsföll verða í þróunarlöndunum þar sem ekki er aðgangur að lágmarksþjónustu.

Ísland er í fjórða sæti yfir þau lönd þar sem er best að vera móðir. Finnland er í fyrsta sæti. Verst er að vera móðir í Kongó.

- þeb

**75%** dauðsfalla hjá ungabörnum væri hægt að koma í veg fyrir með einföldum og ódýrum aðferðum eins og sýklalyfjum og sótthreinsandi efnum.

VELKOMIN Á BIFRÖST

# Opinn dagur á Bifröst

## Uppstigningardag 9. maí kl. 14-17





Nemendur og starfsfólk Háskólans á Bifröst taka á móti gestum og gangandi **fimmtudaginn 9. maí kl. 14-17**. Boðið verður upp á kynningu á námsleiðum, leiðsögn um einstakt háskólaþorp og kynningu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði og þjónustu fyrir nemendur skólans.

**Allir velkomnir.**







## Fjölbreytt skemmtidagskrá

Lazer Tag
Stjörnuskoðun í sýndarheimi
Hoppukastali
Sveitamarkaður
Leikhópurinn Lotta
Vöfflur og kakó

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## NORÐURLÖND




### Betl ekki bannað í Noregi

**1** **NOREGUR** „Við getum ekki bannað fátækt og hungur og við verðum að sætta okkur við að sjá betlara á götunum.“ Þetta segir dómsmálaráðherra Noregs, Grete Faremo, í grein í Dagbladet í Noregi. Betlarar eiga hins vegar að gera grein fyrir sér hjá lögreglunni. Samkvæmt nýrri áætlun stjórnvalda á að verja tíu milljónum norskra króna til að reisa snyrtiaðstöðu fyrir betlara. Auðveldara á að verða að vísa úr landi borgurum Evrópusambandsríkja sem framið hafa afbrot.

### Seld mansali til Svíþjóðar

**2** **SVÍÞJÓÐ** Talið er að 166 börn hafi verið seld mansali í Svíþjóð á árunum 2009 til 2011. Erfitt þykir þó að segja til með vissu um fjöldann þar sem mörg barnanna hverfa áður en mál þeirra koma til rannsóknar. Yngstu börnin eru þriggja til fjögurra ára og hafa þau verið notuð í þjófnaðarleiðöngrum. Táningsstúlkur hafa verið látnar stunda vændi.

### Þjóðaratkvæði mögulegt

**3** **DANMÖRK** Þjóðaratkvæðagreiðsla verður kannski haldin í Danmörku vegna þátttöku Dana í sameiginlegum evrópskum Einkaleyfadómi. Þetta tilkynnti **Helle Thorning-Schmidt** forsætisráðherra í gær. Dómsmálaráðuneytið hefur úrskurðað að þátttaka Dana í slíkum dómstól sé fullveldisframsal samkvæmt 20. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðsla verður haldin verði þátttakan ekki samþykkt á þingi með ákveðnum meirihluta á þingi.





**SJÓRÁN ÁRIÐ 2009** Franska skipinu Tanit var rænt af sómölskum sjóræningjum í apríl 2009. NORDICPHOTOS/AFP

Sjórán við Sómalíu:

## Sjóræningjar stöðvaðir

**SÓMALÍA** Sjóránum undan ströndum Sómalíu hefur fækkað mikið á síðustu misserum en sjórán á svæðinu voru mikið vandamál á árunum 2008 til 2010. Árin 2009 og 2010 áttu sér stað um 50 sjórán hvort ár en nú er svo komið að skipi hefur ekki verið rænt á svæðinu í tólf mánuði.

Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna er bætt ástand á svæðinu einkum rakið til þriggja þátta: aukinnar gæslu herskipa, aðgerða keníska hersins gegn herskáum íslamistum í Sómalíu og meiri aðgátar skipaeigenda.

Þá hefur árásum á skip á svæðinu einnig fækkað, úr ríflega 100 árið 2011 í 24 í fyrra. - mþl

Lögreglan stöðvaði konu:

## Án ökuréttinda í áttunda sinn

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum hafði um helgina afskipti af tæplega fertugri konu sem ók um án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini sitt. Var þetta í áttunda skiptið sem lögregla stöðvar akstur konunnar vegna þessa.**

**Þá var sautján ára stúlka stöðvuð þar sem hún ók í umdæminu. Hún reyndist vera án ökuréttinda og viðurkenndi brot sitt. Að auki hafði hún tekið bílinn ófrjálsri hendi.** - kh

Sláandi fundur í Hjörring:

## Þrjátíu dauðir hundar í frysti

**DANMÖRK** Lögreglan í Hjörring á Sjálandi fann þrjátíu dauða hunda í frysti í íbúðarhúsi einu á mánudag. Lögregla kom þangað til að fjarlægja fjóra hunda sem húsráðandi hélt án leyfis, að því er segir í dönskum miðlum.

Í frystigeymslunni fundust 25 hvolpar og fimm fullvaxnir hundar. Síðustu ár hafa nágrannar margoft kvartað undan miklum fjölda af hundum, allt upp í 27 í einu, og var maðurinn sviptur leyfi til hundahalds í síðasta mánuði.

Ekki er enn ljóst hvernig hundarnir voru aflífaðir, en rannsókn stendur yfir. - þj

Ævintýrahugur ungra pilta:

## Barnungir bílþjófar gómaðir

**DANMÖRK Tveir baldnir drengir, sex og sjö ára gamlir, voru staðnir að verki í Nykøbing á Falstri snemma í gærmorgun þar sem þeir höfðu tekið bifreið traustataki og ekið nokkurn spöl. Frá þessu segir í dönskum miðlum.**

**Drengirnir, sem búa á stofnun, læddust út um miðja nótt og tóku með sér lykla að Toyota Aygo. Þeir höfðu komist um þrjá kílómetra að heiman þegar vegfarandi stöðvaði þá.**

**Piltarnir báru í samtali við lögreglu að þeir hefðu fylgt umferðarreglum í hvívetna og alltaf stöðvað á rauðu ljósi. Þeim var ekið heim, en málið mun víst ekki hafa nein frekari eftirmæli en gott tiltal.** - þj

### HEILSA

### Sýking veldur bakverk

Rannsóknir danskra sérfræðinga sýna að lækna má bakverk fólks í 40 prósentum tilvika með sýklalyfjameðferð og dragar þar með úr dýrum og áhættusömum aðgerðum. Niðurstöðurnar hafa vakið heimsathygli.

LEIGJENDANÁMSKEIÐ

Neytendasamtökin standa fyrir námskeiði fyrir leigjendur

Námskeiðið er fyrst og fremst ætlað leigjendum en einnig þeim sem leigja út íbúðarhúsnæði. Kynnt verða helstu atriði húsaleigulaga og nokkur algeng vandamál sem upp geta komið skoðuð sérstaklega:

Hvernig leigusamning er best að gera ?
Hvað eru húsaleigubætur?
Hver á að sjá um viðhald og framkvæmdir?
Hvernig er best að kvarta við leigusala?
Hvernig er hægt að segja leigusamningi upp?

Námskeiðið fer fram 15. maí nk. frá kl. 19.30-21.30 hjá Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Þátttökugjald er kr. 2.000 -

Nánari upplýsingar og skráning á www.ns.is.



**STUNDAKENNARAR HUGSA SINN GANG** Yfir tvö þúsund stundakennarar kenna við Háskóla Íslands.

# Stundakennarar íhuga vinnustöðvun

Langvarandi kurr meðal stundakennara við Háskóla Íslands gæti brotist út í verkfalli á næstu önn ef ekki verður hlustað á kröfur þeirra. Yfir 2.000 stundakennarar eru við skólann og komi til aðgerða mun það hafa djúpstæð áhrif á skólastarfið.

**MENNTAMÁL** Stundakennarar við Háskóla Íslands hafa fengið nóg af langvarandi aðgerðaleysi skólans og búa sig undir aðgerðir næstu skólaönn. Þetta staðfestir Eiríkur Valdimarsson, formaður Hagstundar, hagsmunafélags stundakennara.

„Við erum að hugsa okkar gang og höfum velt fyrir okkur aðgerðum,“ segir Eiríkur og á þá við í formi vinnustöðvunar eða verkfalls. „Krafan er einföld en við viljum að komið sé fram við stundakennara líkt og aðra kennara Háskólans,“ segir Eiríkur.

Yfir 2.000 stundakennarar starfa við Háskóla Íslands. Stéttin er hins vegar ekki fastráðin og nýtur því ekki almennra réttinda á vinnumarkaði. Kennararnir hafa engan veikindarétt og búa við mjög ótraust vinnuumhverfi, þar sem þeim getur verið skipt út fyrirvaralaust.



**EIRÍKUR VALDIMARSSON**

Nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað talsvert eftir hrun. Kennurum við stofnunina hefur þó ekki fjölgað í sama hlutfalli svo notast er við þjónustu stundakennara til að brúa bilið. Stundakennarar sinna nú um þriðjungi allrar kennslu við skólann. Þetta segir Eiríkur að sé ekki lengur viðunandi. „Við höfum því fengið aukna ábyrgð við kennslu og ástæða þess er í sjálfu sér einföld, við erum ódýrt vinnuafl en á sama tíma afar hæft starfsfólk og oftar en ekki einstakir sérfræðingar á þeim sviðum sem við kennum á.“

Eiríkur segir engan stuðning að finna meðal stjórnenda skólans. Málefni stundakennara hafi verið borin undir umboðsmann Alþingis fyrir rúmu ári en þaðan hafi verið lítið um viðbrögð. Nú segir Eiríkur að mælirinn sé fullur og þörfin á aðgerðum aukist dag hvern. Komi til þess að stundakennarar leggi niður vinnu sína er ljóst að það gæti haft djúpstæð áhrif á skólastarfið.

„Hvers kyns aðgerðir sem við grípum til munu koma til með að vekja mikla athygli, þar sem kennsla og yfirferð prófa fjölmargra nemenda er í okkar höndum. Stundakennarar sem eru aðeins á tímakaupi gætu hæglega hætt að kenna án nokkurra skuldbindinga. Sömuleiðis hyggjumst við jafnvel sleppa því að fara yfir próf, sleppt því að skila einkunnum. Við munum mögulega grípa til slíkra aðgerða.“

maria@frettabladid.is

Undirbúningur opnunar kaffihússins GÆS í fullum gangi:

# Fólk beðið um að leggja til bolla

**FÓLK** Aðstandendur kaffihússins GÆS biðla til almennings um að leggja þeim til kaffibolla. Þeir taka fegins hendi á móti bollum af öllum stærðum og gerðum frá þeim sem vilja hjálpa til við að koma kaffihúsinu af stað.

Þessa dagana er unnið hörðum höndum að því að undirbúa opnun kaffihússins sem verður 1. júní næstkomandi. Ráðgert er að kaffihúsið verði opið í sumar og hugsanlega lengur ef vel gengur.

Fimm starfsmenn verða á kaffihúsinu en þeir hafa þróað hugmyndina og undirbúið stofnun kaffihússins í námi sínu í Háskólanum. Verkefnið byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og á félagslegum skilningi á fötlun. Lögð verður áhersla á að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín og manngerðum hindrunum í samfélaginu rutt úr vegi.

Tekið verður á móti kaffibollunum í Ráðhúsi Reykjavíkur milli klukkan 14 og 16, á uppstigningardag, fimmtudaginn 9. maí, og eru allir hvattir til að leggja verkefninu lið. - hó



**GÆS** Fimmmenningarnir sem standa að kaffihúsinu. Frá vinstri: Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, Unnur Jónsdóttir, María Þ. Hreiðarsdóttir, Gísli Björnsson og Lára Steinarsdóttir.

# RISA

AUKINN KAUPMÁTTUR!

# TAX FREE DAGAR

**SNYRTIVÖRUR, FATNAÐUR, SKÓR, LEIKFÖNG, BÚSÁHÖLD, RÚMFÖT, HANDKLÆÐI...**

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

DAGANA 8.-12. MAÍ

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af hjólum, hlaupahjólum, kertum, servíettum og garni.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð




Forstjóri Landsvirkjunar á fund í gær með bæjarfulltrúum í Fljótsdalshéraði:

# Starfshópur skoðar Lagarfljótið

**UMHVERFISMÁL** „Það er samhljómur í því að við vinnum saman á næstu vikum úr þessum málum,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, eftir fund um ástandið í Lagarfljóti með Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar í gær.

Bæjarstjórnin óskaði eftir því að forstjóri Landsvirkjunar kæmi til fundar eftir umræðu um neikvæð áhrif Kárahnjúkavirkjunar á Lagarfljót og umhverfi þess. Björn segir fundinn með Herði hafa verið ágætan. Auk hans sjálfs hafi fulltrúar úr bæjarstjórn rætt við forstjórann. „Væntanlega verður myndaður starfshópur sem er lausnamiðaður því menn gera sér grein fyrir að það eru ákveðin vandamál sem þarf að leysa,“ segir Björn.

Bæjarstjórinn minnir á að sveitarfélagið sé ekki eini hagsmunaaðilinn á svæðinu því landeigendur og veiðifélög séu ósáttir við landbrot og versnandi skilyrði fiskistofna. Hörður Arnarson mun einmitt hafa fundað með fulltrúum veiðifélaganna við Lagarfljót á mánudag. Einnig stendur til að hann hitti landeigendur. - gar



**HÖRÐUR ARNARSON** Heimamenn vilja að Landsvirkjun grípi til aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

# Segir Fyrirtækjaskrá hafa verið blekkta

Forstöðumaður Fyrirtækjaskrár viðurkennir að ólöglærður starfsmaður hafi gert mistök þegar 50 milljarða hlutafjáraukning Existu var samþykkt í desember 2008. Hins vegar hafi Fyrirtækjaskráin vísvitandi verið blekkt með villandi tilkynningu.

**DÓMSMÁL** „Ég lít þannig á að skráin hafi verið vísvitandi blekkt. Það er ekki hægt að líta á þessa tilkynningu með öðrum hætti,“ sagði Skúli Jónsson, forstöðumaður Fyrirtækjaskrár, fyrir dómi í gærmorgun um fimmtíu milljarða hlutafjárhækkun Existu í desember 2008 og tilkynningu sem lögmaðurinn Bjarnfreður Ólafsson sendi Fyrirtækjaskrá um hana.

Skúli var fyrstur manna í vitnastúku í morgun á öðrum degi aðalmeðferðar í máli Sérstaks saksóknara gegn Lýði Guðmundssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Existu, og Bjarnfreði fyrir brot á hlutafélagalögum. Málið snýst um að einungis hafi verið greiddur einn milljarður fyrir fimmtíu milljarða hlutafjárhækkunina, sem sé andstætt 16. grein hlutafélagalaga um að ekki megi greiða minna en nafnverð fyrir hluti.

Skúli sagðist fyrst hafa áttað sig á því að ekki væri allt með felldu snemmsumars 2009 þegar hann fékk símtal frá blaðamanni. Skúli hafi þá skoðað tilkynninguna sjálfur í fyrsta sinn. „Þá sé ég að þetta er fjarri því að vera í lagi,“ sagði Skúli. Honum hafi brugðið mjög að sjá að þetta hefði verið samþykkt á sínum tíma, enda hefði ekki verið samræmi á milli tilkynningarinnar og efnis skýrslunnar frá Deloitte, sem fylgdi henni.

En hvernig stendur þá á því að Fyrirtækjaskrá samþykkti hlutafjáraukninguna til að byrja með, fyrst svona augljóst var að hún stæðist ekki lög? Skúli skýrði það með því að þegar tilkynningin barst hafi einfaldlega enginn sérfræðingur verið á vakt hjá skránni. Því hafi reyndur starfsmaður, sem ekki var sérfræðingur, farið yfir málið undir mikilli tímapressu.



**VERJANDI OG SAKBORNINGUR** Forstöðumaður Fyrirtækjaskrár segir Lýð Guðmundsson og félaga hafa blekkt stofnunina. Hér er Lýður ásamt verjanda sínum, Gesti Jónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Starfsmaðurinn hafði greinilega ekki þá faglegu þekkingu til að átta sig á því að það var ekki samræmi á milli tilkynningarinnar og efnis skýrslunnar,“ sagði Skúli. Vegna þessa máls hefði vinnulagi stofnunarinnar verið breytt á þann hátt að nú læsu alltaf minnst tveir sérfræðingar yfir tilkynningar og skýrslur af þessu tagi. Saksóknari og verjendur munu flytja málið í dag. stigur@frettabladid.is

## Sigurður segist hafa átt hugmyndina



**Sigurður Valtýsson**, annar tveggja fyrrverandi forstjóra Existu, sagðist fyrir dómi í gær hafa átt hugmyndina að þeirri fléttu að hækka hlutafé Existu um fimmtíu milljarða króna en borga einungis einn milljarð fyrir hana.

Erlendur Hjaltason, hinn fyrrverandi forstjóri Existu, kom einnig fyrir dóminn. Bæði hann og Sigurður báru að þeim hefði ekki verið kunnugt um það þegar hlutafjárhækkunin var til umræðu innan Existu að Nýja Kaupþing hefði uppi áform um að taka félagið yfir, eins og greint var frá í fjölmiðlum nokkrum dögum síðar að stæði til.

**visir.is**

**MEIRA Á VÍSI** Lesa má ítarlegri fréttir af réttarhöldunum á vefnum Visir.is.

Floti fimm tundurduflaslæðara NATO væntanlegur til landsins:

# Æfa með Landhelgisgæslunni

**ÖRYGGISMÁL** Heimsókn fimm tundurduflaslæðara Atlantshafsbandalagsins til Íslands stendur fyrir dyrum. Skipin munu starfa með Landhelgisgæslunni og æfa tundurduflavarnir og fleira meðan á dvöl þeirra hér við land stendur.

Flotinn samanstendur af fimm skipum, frá Póllandi, Belgíu, Þýskalandi, Noregi og Hollandi. Helstu verkefni skipanna felast í að leita að tundurduflum og sprengjum í sjó og eyða hlutum sem fólki getur stafað hætta af. Einnig sinna þau slökkvistörfum og sjúkraflutningum þegar á þarf að halda. Forystuskip flotans er pólska skipið ORP Czernicki. Atlantshafsbandalagið rekur tvo flota tundurduflaslæðara. Er þetta flotinn sem sinnir norðursvæðinu, en á síðastliðnum 100 dögum hafa skipin heimsótt tíu hafnir í sex þjóðlöndum.

Skipin koma til Íslands eftir að hafa tekið þátt í æfingu á Norðursjó en fyrr á árinu tók flotinn þátt í fjölþjóðlegu verkefni sem fór fram við strendur Belgíu, Hollands og Bretlands. Þar fundu skipin og eyddu átta neðansjávarsprengjum sem innihéldu samtals tvö tonn af TNT-sprengiefni.



**NORÐURFLOTINN** Forystuskipið er ORP Czernicki frá Póllandi. MYND/NATO

Skipin verða staðsett við Skarfabakka og er almenningi boðið að koma um borð næstu tvær helgar. - shá

# Hámarkaðu afsláttinn




# Afsláttarþrep Orkunnar
# +
# Þín stöð

**Afsláttarþrep Orkunnar** er nýjung á Íslandi þar sem Orkulyklahöfum býðst stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkunni í takt við aukinn fjölda keyptra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkunni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **ÞREP 1** | 0-50L | 3 kr. | + 2 kr. Þín stöð | = **5 kr. afsl.** |
| **ÞREP 2** | 50-150L | 5 kr. | + 2 kr. Þín stöð | = **7 kr. afsl.** |
| **ÞREP 3** | 150L+ | 8 kr. | + 2 kr. Þín stöð | = **10 kr. afsl.** |

Skráðu þig í **Afsláttarþrep Orkunnar** á orkan.is og hámarkaðu afsláttinn þinn.

**Sjá nánar á www.orkan.is**

www.orkan.is/afslattarthrep

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM56163




Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ






**GRUNDARTANGI** Tíu fyrirtæki eru á svæðinu en langstærst er álver Norðuráls og járnblendiverksmiðja Elkem.
MYND/FAXAFLÓAHAFNIR

# Mengun frá stóriðju komin að mörkum

Frekari uppbygging stóriðju er ekki inni í myndinni á Grundartanga, að óbreyttu. Þolmörkum er náð er varðar útblástur. Horfa til lítilla fyrirtækja við uppbyggingu.

**UMHVERFISMÁL** Uppbyggingu frekari starfsemi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga eru settar skorður og mun að óbreyttu takmarkast við lítil fyrirtæki. Styrkur brennisteinstvíoxíðs innan þynningarsvæðis loftmengunar fyrir Norðurál og járnblendiverksmiðju Elkem hefur náð þolmörkum.



**HJÁLMAR SVEINSSON**

Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt óháðra sérfræðinga um umhverfisáhrif stóriðjunnar á Grundartanga sem var kynnt í gær. Skýrslan var unnin að frumkvæði Faxaflóahafna sf. sem landeiganda á Grundartanga.

„Það hefur ríkt ákveðin tortryggni; ákveðnar grunsemdir um það að mengun, til dæmis flúormengun, sé meiri en mælingar fyrirtækjanna gefa til kynna," sagði Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, og sagði að þess vegna hefði verið ráðist í úttektina. Hann taldi vinnuna mikilvæga því nú væri óþarfi að rífast um staðreyndir mála og jafnframt að framtíðaráætlanir Faxaflóahafna og sveitarfélagsins lytu að því að lítil fyrirtæki bætist í hóp þeirra tíu fyrirtækja sem þar eru fyrir. „Þá er mikilvægt að hafa rannsókn sem á að vera hafin yfir allan vafa, svo við vitum hvaða fyrirtækjum við getum hleypt inn á svæðið," sagði Hjálmar.




**ÞYNNINGARSVÆÐI** Það takmarkar uppbyggingu að styrkur brennisteinstvíoxíðs við jaðar þynningarsvæðisins hefur náð þolmörkum.
MYND/FAXAFLÓAHAFNIR

Guðjón Jónsson, efnaverkfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf og formaður starfshópsins, tiltók það helst við kynningu niðurstaðna rannsóknarinnar að þolmörkum væri náð á þynningarsvæðinu á Grundartanga hvað varðaði styrk brennisteinstvíoxíðs frá álveri Norðuráls og járnblendiverksmiðju Elkem. Kemur fram í skýrslunni að kvaðir í reglugerð um mengun brennisteinstvíoxíðs eru ekki uppfylltar. Á þetta við um ákvæði um sólarhringsgildi fyrir gróðurverndarmörk en það gildi hefur mælst 21 sinni yfir leyfilegum mörkum en má fara sjö sinnum yfir mörk á ári. Sólarhringsgildi fyrir heilsuverndarmörk hefur einu sinni farið yfir hámarksgildi, en má fara þrisvar yfir mörk á ári.

Í því samhengi vakti Guðjón athygli á því að kröfur til iðjuveranna í starfsleyfum væru sambærilegar því sem gerist annars staðar. „Í einhverjum tilfellum eru þær strangari hér á landi en þær birtast í Evróputilskipunum," sagði Guðjón og bætti við að vöktun umhverfisins gæfi skýra mynd af umhverfisálaginu á Grundartanga, og ekki væri ástæða til að efast um eftirlitið eða þann mengunarvarnabúnað sem nýttur er af fyrirtækjunum.

svavar@frettabladid.is

## Þynningarsvæðið vekur spurningar

Núverandi þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga var upphaflega skilgreint árið 1979 með tilkomu járnblendiverksmiðjunnar en var þá skilgreint sem svæði takmarkaðrar ábyrgðar. Við stækkun Norðuráls 2002 var niðurstaða umhverfismatsins að ekki þyrfti að stækka þynningarsvæðið þar sem aukning losunar væri vel innan við mörk, m.a. vegna þess árangurs sem náðst hefði við stýringu og hreinsun útblásturs. Undanfarið hafa þó komið upp ákveðnar spurningar varðandi skilgreininguna á þynningarsvæðinu. Elkem og Norðurál hafa í þessu ljósi, í samráði við Umhverfisstofnun, ráðist í að uppfæra loftdreifingarlíkanið til að fá sem réttasta mynd af loftdreifingunni. Hvort sú endurskoðun leiðir til endurskoðunar á þynningarsvæðinu skal ósagt látið en ákvörðun um það verður væntanlega í höndum umhverfisyfirvalda í samráði við landeigendur og skipulagsyfirvöld. Uppfærða loftdreifingarlíkanið byggist á veðurmælingum og mannvirkjum á svæðinu til að meta upphafsskilyrði útblásturs.

*Grundartangi; úttekt á umhverfisáhrifum, maí 2013*

## ➜ Fylgjast skal með flúor og þungmálmum

Efasemdir heimamanna hvað varðar flúormengun í Hvalfirði eru vel þekktar. Rannsóknin leiðir í ljós að flúormengun er einnig við þolmörk, en ekki tókst að tengja mengunina á svæðinu við einkenni sem greind hafa verið í búpeningi. Í niðurstöðum segir að „skýrsluhöfundar kveikja á viðvörunarljósum varðandi flúor, þungmálma og svifryk og telja nauðsynlegt að fylgjast með gangi mála". Á það er bent að viðbragðsáætlun vegna flúormengunar er ekki til á Grundartanga sem væri þó tæknilega mögulegt þegar veðurskilyrði gefa tilefni til þess; þurrviðri og ríkjandi vindáttir yfir beitarsvæði búfjár.

# Komdu í saumó!



## Í Pfaff miðvikudaginn 8. maí, frá kl. 18–22.

Öðruvísi kvennakvöld í verslun Pfaff, þar sem við saumum, sníðum og höfum gaman í góðra kvenna hópi.

- **Saumavélaráðgjöf**
- **Íslensk hönnun** – Tískusýning kl.19:30: DÍS, Evuklæði, Fluga, Helena og núrgiS
- **„Frá sniði að flík"** – sýnikennsla
- **„Venjuleg flík öðlast nýtt líf"** – sýnikennsla
- **20% afsláttur** af saumavélum
- **20% afsláttur** af snyrtispeglum, hárblásurum, nuddtækjum, dömurakvélum og ljósum
- **Ofurtilboð** á völdum vörum

**Hlökkum til að sjá þig!**



Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 **www.pfaff.is**

PFAFF

www.baddydesign.com

# Sumarhátíð 8. maí




VEXTIR 0%*

## KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.

living with style

ILVA














# Frí heimsending um allt land

ef verslað er fyrir 45.000 eða meira og greitt í dag

ILVA sendum um allt land



# Allir krakkar fá ís. Grillaðar pylsur og svali eftir kl 15



# Happdrætti

## 10 x 10.000 kr gjafabréf

Nýr 16 síðna bæklingur

www.ILVA.is




**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is

laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

## FUNDUST HEILAR Á HÚFI




**Amanda Berry**
*Sást síðast í apríl 2003, 16 ára*

**Gina DeJesus**
*Sást síðast í apríl 2004, 14 ára*

**Michele Knight**
*Sást síðast í apríl 2002, 21 árs*



**ENDURFUNDIR** Ánægjan leyndi sér ekki þegar Amanda Berry hitti systur sína eftir tíu ára aðskilnað. Með þeim er sex ára dóttir Berry, sem hún átti í haldi, en óvíst er hver faðir hennar er. NORDICPHOTOS/AFP

### ➜ Sonur mannræningja skrifaði um hvarfið

Svo einkennilega vill til að sonur Ariels Castro, mannsins sem átti húsið þar sem konurnar fundust, var blaðamaður hjá staðarblaði þegar Gina DeJesus hvarf og skrifaði sem slíkur um málið. Í umfjöllun hans var fjallað um hversu íbúar væru uggandi vegna öryggisleysis, og talaði hann meðal annars við móður DeJesus. Í viðtali við fjölmiðla sagðist sonurinn vera sleginn og varla trúa því að nokkuð slíkt gæti átt sér stað.

# Loksins lausar úr prísundinni

Þrjár ungar konur voru frelsaðar úr haldi mannræningja í Cleveland á mánudag eftir að hafa verið um og yfir áratug í haldi þeirra. Þrír bræður á sextugsaldri eru í haldi lögreglu vegna málsins. Þær voru taldar af, en ein þeirra ól barn á meðan hún var í haldi.

**BANDARÍKIN, AP** „Hjálpið mér. Ég heiti Amanda Berry. Mér var rænt og mín hefur verið saknað í tíu ár, en ég er hér, ég er laus núna.“ Þetta sagði ung kona í samtali við neyðarlínuna á mánudag. Hún slapp úr haldi mannræningja í bandarísku borginni Cleveland ásamt tveimur öðrum konum, Ginu DeJesus og Michele Knight.

Berry var sextán ára gömul þegar hún var numin á brott árið 2003 á leið heim frá vinnu á hamborgarastað og er nú 27 ára, Knight var rænt árið 2002 og er nú 32ja ára gömul og DeJesus var fjórtán ára og á leið heim úr skóla þegar henni var rænt árið 2004 og er nú 23 ára.

Sex ára gömul stúlka fannst einnig í húsinu og segir lögreglan að hún sé að öllum líkindum dóttir Berry, en ekki er vitað hver faðir barnsins er.

Þrír bræður á sextugsaldri eru í haldi vegna málsins, Ariel, Pedro og Onil Castro.

Stúlkurnar fundust í húsi í eigu Ariels. Nágranni Castros, Charles Ramsey að nafni, heyrði hróp frá húsinu þar sem Berry grátbað um hjálp við að sleppa út. Hún gerði svo lögreglunni viðvart, en fram að þessu hafði ekkert vakið grunsemdir nágrannanna um að nokkuð vafasamt væri þar á seyði.

„Það var ekkert spennandi við hann [Ariel Castro], þangað til í dag,“ sagði Ramsey.

Lögregla hafði að vísu verið kölluð að húsinu einu sinni, eftir að stúlkurnar hurfu.

Ramsey sagði að þau hefðu sparkað niður útidyrahurðina og hafi Berry sloppið út með dóttur sína.

Enn var flest á huldu í gær um dvöl kvennanna í húsinu, en þær voru útskrifaðar af sjúkrahúsi eftir læknisskoðun í gær. Frank Jackson, borgarstjóri Cleveland, sagði að mörgum spurningum þyrfti að svara við rannsókn málsins.

Hvarf þeirra Berry og DeJesus vakti mikla athygli í Cleveland og nágrenni á sínum tíma. Minna fór hins vegar fyrir því þegar Knight hvarf, enda var hún nokkru eldri. Amma hennar sagði í viðtali við fjölmiðla í gær að yfirvöld hefðu gengið út frá því að hún hefði strokið að heiman.

Aðstandendur þeirra Berry og DeJesus gáfu aldrei upp vonina um að finna þær á lífi. Móðir Berry vann sleitulaust að því að hafa upp á dóttur sinni, en lést af völdum veikinda þremur árum síðar.

thorgils@frettabladid.is

## Í haldi ómenna

Síðustu ár hafa komið upp mörg mál þar sem fólk hefur sloppið úr haldi mannræningja eftir langa vist.

**Natascha Kampusch** *(Austurríki)* var rænt þegar hún var tíu ára gömul og tókst að sleppa átta árum síðar, árið 2006.



JAYCEE LEE DUGARD

**Jaycee Lee Dugard** *(Bandaríkin)* var rænt þegar hún var ellefu ára og var fangi dæmds barnaníðings, Phillips Garrido, og konu hans í átján ár áður en hún slapp úr haldi árið 2009. Hún hafði eignast tvö börn með Garrido.

**Elizabeth Smart** *(Bandaríkin)* var fjórtán ára gömul þegar henni var rænt frá heimili sínu í júní 2002. Hún var í haldi í níu mánuði þar sem hún var beitt stöðugu kynferðisofbeldi þar til henni var bjargað.



JOSEF FRITZL

**Elizabeth Fritzl** *(Austurríki)* var fangi föður síns, Josefs, í 24 ár þar til árið 2008 þegar hún slapp úr prísundinni. Þá hafði hún alið föður sínum sjö börn.



**PRÍSUNDIN** Í þessu húsi í Cleveland voru konurnar þrjár og stúlkan litla í haldi í áraraðir þar til þeim var bjargað á mánudag. Berry sparkaði niður útidyrahurðina með hjálp íbúa í nærliggjandi húsi. NORDICPHOTOS/AFP



**BJARGVÆTTURINN** Charles Ramsey, nágranni mannræningjans, aðstoðaði Berry við að sleppa út úr húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.bauhaus.is

# BAUHAUS®

**Allt fyrir hús, heimili og garða**



**FLORIDA STURTUSETT**
Krómað. 20 x 20 cm.

**AFMÆLISVERÐ**
**19.995,-!**



**ANA STAFLANLEGUR STÓLL**
Fæst í silfurlitu/hvítu, silfurlitu/sítrónugulu og silfurlitu/svörtu.

**AFMÆLISVERÐ**
**3.495,-!**






millarco
**HJÓLBÖRUR**
80 l. Burðargeta 100 kg.

**AFMÆLISVERÐ**
**3.995,-!**



**FÆRANLEGUR VINNUPALLUR**
Fullbúinn vinnupallur sem má skipta í hluta og nota í þrenns konar hæð, 1,95, 4 og 6 m. Hám. vinnuhæð u.þ.b. 7 m.
Hjól, lóð og stuðningsfætur fylgja ekki.

**AFMÆLISVERÐ**
**129.000,-!**

Auglýst verð gildir frá miðvikudegi 8. maí til og með laugardegi 11. maí 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS REYKJAVÍK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

# SKOÐUN

Ætli flokksformennirnir hafi skoðað strimilinn?

## Tækifæri í tollalækkun

Þegar fréttist af Bjarna Benediktssyni og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni í Krónunni í Mosfellsbæ að kaupa inn fyrir stjórnarmyndunarviðræðurnar í sveitinni sendu Samtök verzlunar og þjónustu formönnunum áskorun. Þar eru þeir hvattir til að skoða vel strimilinn sem þeir fengu í Krónunni og íhuga að taka rækilega til í álagningu tolla og gjalda á neyzluvörur til þess að lækka vöruverð í landinu.

Þetta er sannarlega þörf ábending, þótt sjálfsagt séu margir hóflega bjartsýnir á að formenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins taki nokkurt mark á henni. Breyting á tollum þýðir nefnilega líka talsverða breytingu á rekstrarumhverfi landbúnaðarins og þessir flokkar hafa í sameiningu yfirleitt staðið dyggan vörð um sérhagsmuni og óskilvirkt stjórnkerfi í landbúnaði.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Þó er ekki eins og fráfarandi stjórnarflokkar séu skárri að því leytinu. Á sama tíma og einhver mesti niðurskurður ríkisútgjalda frá upphafi átti sér stað, var ekki hróflað við landbúnaðarkerfinu. Stuðningur íslenzkra skattgreiðenda við atvinnugreinina er enn einhver sá hæsti í heimi, meira en helmingi hærri en að meðaltali í Evrópusambandinu eða OECD-löndum, sama við hvort er miðað.

Það er óneitanlega undarlegt að landbúnaðarkerfið hafi sloppið við niðurskurð og uppstokkun, en kannski var síðasta stjórn of upptekin við að reyna að eyðileggja stjórnkerfi sem virkar í sjávarútveginum til að geta sinnt landbúnaðarkerfi sem virkar alveg augljóslega ekki. Íslenzkir skattgreiðendur borga einhverja hæstu landbúnaðarstyrki í heimi til að geta svo keypt einhverjar dýrustu búvörur í heimi.

SVÞ benda réttilega á að lækkun tolla væri ein skilvirkasta leiðin til að lækka vöruverð. Það mætti byrja á því að afnema tolla á innfluttan kjúkling og svínakjöt, enda er ekki verið að vernda neina aldagamla búsetuhætti eða sveitamenningu með því að verja verksmiðjuframleiðslu fyrir erlendri samkeppni.

Samtökin hafa líka rétt fyrir sér í því að svigrúm til launahækkana í næstu kjarasamningum er lítið. Átak til lækkunar vöruverðs er nærtækari leið til að efla kaupmátt heimilanna. Slík kaupmáttaraukning kemur stórum hluta fjölskyldna í landinu, til dæmis fólki í leiguhúsnæði, miklu betur en lækkun húsnæðisskulda sem virðist vera það sem stjórnmálaflokkarnir einblína á.

Að minnsta kosti annar flokksformaðurinn er ekki fráhverfur þessum hugmyndum. Þegar Melabúðin lækkaði verð hjá sér um tugi prósenta í einn klukkutíma í kosningabaráttunni, til að sýna hvað ýmsar vörur gætu kostað ef tollverndin væri afnumin og vörugjöldin lækkuð, skrifaði Bjarni Benediktsson á Facebook-síðuna sína: „Flott framtak hjá Melabúðinni. Það þarf að taka vörugjöld, tolla og skatta til endurskoðunar og lækka.“

Mikið væri nú ánægjulegt ef flokksformennirnir við eldhúsborðið í sumarbústaðnum kæmu auga á þau stóru, vannýttu tækifæri til kjarabóta fyrir almenning sem liggja í lækkun á tollum og vörugjöldum – og skelltu skollaeyrum við hinu venjulega sífri verndarstefnufólks í flokkunum báðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Þarfnastu **meiri orku** til daglegra starfa?



**Orkulausnir** henta þeim sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda. Hentar vel þeim sem vilja byggja upp orku vegna vefjagigtar eða eftir veikindi.

- **Hefst 14. maí - 6 vikur**
- **Þjálfun 2x í viku**
- **Fræðsla og einstaklingsviðtal**
- **Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari**



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík

Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Er Gestur hættur?

Lögmaðurinn Gestur Jónsson var áberandi í fréttum fyrir skemmstu þegar hann, ásamt kollega sínum Ragnari Hall, sagði sig frá verjendastörfum í Al Thani-málinu svokallaða. Í réttarkerfinu hafa menn greinilega ekki gleymt því. Á mánudag skilaði Gestur sér agnarögn of seint inn í dómsal úr réttarhléi í aðalmeðferð svokallaðs Exista-máls sérstaks saksóknara. Arngrímur Ísberg héraðsdómari var snöggur til og spurði spurningarinnar sem brann á öllum: „Hvar er Gestur? Er hann hættur?“ Að þessu var hlegið.



### Ekki réttlætanlegt

Friðþóri Eydal og félögum hjá Isavia er mjög á móti skapi að fjölmiðlar noti orðið Leifsstöð um það sem í hugum margra heitir einmitt Leifsstöð. Þeir vilja að stöðin sé kölluð sínu rétta nafni: „Flugstöð Leifs Eiríkssonar“, nú eða „Keflavíkurflugvöllur“, já eða jafnvel „flugstöðin á Keflavíkurflugvelli“. Þar á bæ telja menn hreinlega að notkun orðsins „Leifsstöð“ á opinberum vettvangi sé óréttlætanleg. Þeir ættu kannski að líta í eigin barm. Isavia er nefnilega skráð fyrir léninu leifsstod.is og sé slóðin slegin inn í vafra enda menn á heimasíðu flugstöðvarinnar.

### FLE og FLE

Isavia-menn stinga reyndar upp á einu heiti enn, styttingunni „FLE“. Það er tilvalið, fer vel í munni og tekur lítið pláss á prenti. Það er hins vegar spurning hvað Félag löggiltra endurskoðenda segir við þessari tillögu Isavia. Það hefur notað styttinguna FLE árum saman.

stigur@frettabladid.is



## HALLDÓR




# 5% kvenna finnst þær öruggar

KYNFERÐIS-LEGT OFBELDI



**Inga Dóra Pétursdóttir**

framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Það er algjörlega óásættanlegt að aðeins fimm prósent kvenna í Nýju-Delí finnist þær vera öruggar. Það er jafnógnvekjandi að fimmtíu prósent þeirra karlmanna sem tóku þátt í könnun UN Women sögðust hafa beitt konur kynferðislegu ofbeldi og helmingur þeirra á síðustu sex mánuðum. Í sömu könnun kom fram að tveir af hverjum fimm aðspurðum karlmönnum voru samþykkir því að „konur sem eru á ferð um nætur verðskuldi að vera kynferðislega áreittar“.

Augu heimsins hafa beinst að Nýju-Delí eftir að hin 23 ára Jyoti Singh Pandy lést eftir hrottalega hópnauðgun. Í síðustu viku lést fjögurra ára gömul stúlka í Nýju-Delí af völdum nauðgunar. Nú liggur fimm ára gömul telpa á spítala, þungt haldin eftir nauðgun.

Stundum er veruleikinn svo þungbær að það reynist okkur erfitt að meðtaka hann en það virðist sem andlát Jyoti Singh Pandy hafi verið dropinn sem fyllti mælinn. Þúsundir kvenna og manna hafa staðið fyrir kröftugum mótmælum í Nýju-Delí frá því í desember. Ung kona sem tekið hefur þátt í mótmælunum segir sig og aðra hafa fengið sig fullsadda á ástandinu. Verið sé að mótmæla því að hingað til hafi þolendum nauðgana verið kennt um ofbeldið; nú sé kominn tími til að vísa ábyrgðinni á gerendurna sjálfa og á aðgerðaleysi yfirvalda.

> **➜ Nú er það ekki aðeins almennings á Indlandi að halda yfirvöldum við efnið, heldur okkar allra.**

Mótmælin hafa vissulega borið árangur. Aldrei hefur jafnmikil opinber umræða átt sér stað á Indlandi um réttindi kvenna og mikilvægi þess að útrýma kynbundnu ofbeldi. Yfirvöld skipuðu nefnd til að endurskoða lagarammann er varðar kynferðisofbeldi og skilaði nefndin yfirgripsmikilli skýrslu í febrúar.

Nú er það ekki aðeins almennings á Indlandi að halda yfirvöldum við efnið, heldur okkar allra. UN Women, með ríkum stuðningi fjölda Íslendinga, mun beita stjórnvöld þrýstingi að framfylgja tillögunum. Síðast en ekki síst mun UN Women vinna af öllu afli að því að koma af stað róttækri hugarfarsbreytingu á öllum sviðum samfélagsins; ofbeldi gegn konum og stúlkum á aldrei að líðast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Brauðmolum kastað inn í framtíðina

Í DAG
**Sif Sigmarsdóttir**
rithöfundur



„Sagan mun fara um mig mjúkum höndum því ég hyggst skrifa hana sjálfur.“ Tilvitnun þessi, sem gjarnan er eignuð Winston Churchill, virðist mörgum mektarmönnum hugleikin nú í umróti eftirhrunsáranna. Fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri situr í hásæti sínu í Hádegismóum og endurskrifar söguna skorpnum áskrifendahópi Morgunblaðsins til mismikillar skemmtunar, almannatenglar og lögfræðingar reyna að endurbyggja orðstír útrásarvíkinga eins og háhýsi úr Legókubbum um leið og forseti Íslands endurhannar ímynd sína jafnoft og aðrir skipta um sokka.

Sá sögulegi atburður á sér nú stað að fyrsti kvenforsætisráðherra landsins lætur af störfum. Jóhanna Sigurðardóttir settist á þing sama ár og ég fæddist og þekki ég því ekki Alþingi án glóandi kolls hennar og stálharðrar einurðarinnar. Síðan ég lærði að sitja á koppi hef ég fylgst með Jóhönnu skjóta karlkyns kollegum ref fyrir rass. Viðtal við Jóhönnu í Sjónvarpinu á kosninganótt varð þó til þess að ég hóf að velta fyrir mér hvort nú, við sögulok, væri körlunum loks að takast að hafa hana undir.

### Annie Leifs

Fyrir rúmum tíu árum skrifaði ég lokaritgerð í sagnfræði sem fjallaði um hið umdeilda tónskáld Jón Leifs. Við ritgerðarsmíðina vakti þó meiri áhuga minn saga fyrstu eiginkonu Jóns, Anniear Leifs, hámenntaðrar evrópskrar tónlistarkonu af auðugu fólki. Í kjölfar hjónabands hennar og Jóns dagaði hana uppi blásnauða á Íslandi eftir að hafa misst manninn sem hún elskaði, dætur sínar tvær – aðra í hafið, hina í svartnætti geðsjúkdóms – fjölskyldu sína í gyðingaofsóknum nasista, heimkynni, eigur og loks ástkæran píanóleikinn er hún hlaut skaða á hendi.

Mér fannst þurfa að gera ævi þessarar merku konu skil í ævisögu. Í rykmettuðu herbergi handritadeildar Landsbókasafnsins varð mér hins vegar fljótt ljóst að svo mætti líklega aldrei verða.

### Snara fyrir bráð

Eitt þeirra vandamála er þeir sem fást við kvennasögu standa andspænis varðar heimildirnar. Heimildir um líf, atferli og skoðanir kvenna eru oft af skornum skammti. Ástæðurnar eru margar. Ein skýringin er vafalítið hugarfar viðfangsefnanna sjálfra eins og sést glögglega þegar saga hjónanna Anniear og Jóns Leifs er skoðuð.

Jón fer ungur að leggja heimildir fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar eins og veiðimaður snöru fyrir bráð. Í formála dagbókar sem hann hóf að halda á sextánda aldursári ritar hann: „Þetta, sem eg hér mun skrifa, ætlast eg ekki til að nokkur maður sjái. … [Þ] að sem hér er ritað er frá mér og til mín … En þegar dagar mínir eru liðnir, kunna, ef til vill, einhverjir að „gægjast inn í hið allra helgasta“.“



Eftir Jón liggur mikið af persónulegum heimildum sem hann hélt sjálfur til haga af mikilli natni. Hann passaði vel upp á öll bréf sem honum bárust og tók afrit af bréfum til varðveislu sem hann sjálfur skrifaði öðrum. Hann bað foreldra sína um að geyma bréfin sem hann sendi þeim er hann var í námi í Leipzig og lagði mikið á sig til að endurheimta kistil sem innihélt heimildir um líf hans eftir að hann yfirgaf Þýskaland í síðari heimsstyrjöld. Segja má að Jón Leifs hafi greypt sig inn í söguna með því að sjá til þess að nægar heimildir væru til um hann.

Því er hins vegar öfugt farið með Annie. Þótt á heimili hjónanna hafi ríkt kúltúr „sjálfsvarðveislu“ þegar kom að Jóni virðist ekki hafa verið talin þörf á því að varðveita sögu Anniear. Þau tiltölulega fáu bréf til Anniear sem til eru á Landsbókasafni tengjast flest störfum Jóns og eru viðbrögð við tilraunum hennar til að koma honum og list hans á framfæri. Í ævisögu sinni um Jón Leifs vekur sænski tónlistarblaðamaðurinn Carl-Gunnar Åhlén jafnframt máls á úrklippubók tónskáldsins sem geymd er á Landsbókasafni. Hann segir „leiðinlegt að sjá leifarnar af þeim fáu umsögnum sem Annie fékk um tónleikana [í Magdeburg árið 1923]. Þær hafa verið klipptar niður og fátt eitt geymt nema það sem sagt var um tónlist Jóns. … [Tónleikahaldi hennar var] gjörsamlega ýtt til hliðar miðað við hve gríðarlega umfangsmikil heimildasöfnunin var um iðju Jóns.“

### Kvenleg heimildahógværð

Mér varð hugsað til skortsins á heimildum um líf Anniear Leifs sem veldur því að ævisaga hennar verður sennilega aldrei rituð þegar ég sá Jóhönnu Sigurðardóttur í fyrrnefndu viðtali á kosninganótt. Í viðtalinu virtist Jóhanna ekki á þeim buxunum að upphefja og endurskrifa hlutverk sitt eftir á líkt og aðrar persónur og leikendur í þeim epíska farsa sem fyrsti áratugur 21. aldarinnar er. „Þjóðin hefur valið,“ sagði hún einfaldlega þegar ljóst var að flokkur hennar hafði goldið afhroð í kosningunum, rétt eins og hún hygðist möglunarlaust láta dóm þjóðarinnar og sögunnar yfir sig ganga.

> Síðan ég lærði að sitja á koppi hef ég fylgst með Jóhönnu skjóta karlkyns kollegum ref fyrir rass. Viðtal við Jóhönnu í Sjónvarpinu á kosninganótt varð þó til þess að ég hóf að velta fyrir mér hvort nú, við sögulok, væri körlunum loks að takast að hafa hana undir.

Þótt sagnfræðingurinn í mér sé lítt hrifinn af sögulegum endurskoðunartilburðum á við þá sem skuggaformaðurinn í Hádegismóum og sá þaulsetni á Bessastöðum stunda vona ég að Jóhanna láti ekki sitt eftir liggja. Jóhanna lét þessa ágætu herramenn ekki vaða yfir sig á Alþingi. Ég neita að trúa því að hún hyggist taka upp á kvenlegri hógværð þegar kemur að keppninni um að kasta brauðmolum fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar. Sem stjórnmálamaður hefur Jóhanna Sigurðardóttir verið mörgum konum fyrirmynd – óháð því hvar þær stóðu í pólitík. Sagnfræðingurinn í mér gefur lítið fyrir sjálfsævisögur og rýrt heimildargildi þeirra. En sem ein þeirra kvenna sem ötul framganga Jóhönnu Sigurðardóttur veitti innblástur vildi ég enga bók heldur lesa um næstu jól en brauðmola þann sem sjálfsævisaga fráfarandi forsætisráðherra væri.

Vertíðarlok
Allur hvítur fiskur úr fiskborði 1.390 kr.kg

- Gellur nýjar og saltaðar
- Þorskhnakkar
- Löngusteikur
- Keilusteikur
- Rauðsprettuflök
- Ýsuflök roðlaus beinlaus
- Þorskflök roðlaus beinlaus
- Hlýrasteikur
- Karfaflök
- Skötuselur
- Humarsúpa 1.390 kr.líter
- Fiskisúpa 1.390 kr.líter
- Allir fiskréttir úr hvítum fiski

2 FYRIR 1
KINNAR
2 KG.
1.390 kr.

2 FYRIR 1
FISKIBOLLUR
2 KG.
1.390 kr.

Skata, kæst & söltuð
790 kr.kg

Laxaflök og silungsflök
1.790 kr.kg

Tilboðið gildir alla vikuna
6.maí- 11.maí

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
79
KR. 33cl
pepsi
Þessi fræga umtalaða
BÓNUS
SÚKKULAÐIKAKA
798
KR. 700 GR
179
KR. 2 ltr.
298
KR. 1 ltr.
RICE DREAM
RÍSMJÓLK 1 LTR.
298
KR. 1 ltr.
ALMOND DREAM
MÖNDLUMJÓLK 1 LTR.
SOLLU
CHIAFRÆ
698
KR. 200gr
100 KR.
VERÐLÆKKUN
698
KR. 500ml
HIMNESK/SOLLU
EXTRA VIRGIN ÓLIFUOLÍA
139 kr.stk
Alltaf nýbökuð Bónus Baguttebrauð alla daga
NÝ
UPPSKERA
359
KR. KG
RAW REVOLUTION
Lífrænn orkubiti - Ekkert glutamín - 7g hreint prótein
259
KR. 51 gr
Neutral
STORVASK
0% optisk hvidt
0% farvestoffer
0% parfume
Neutral storvaks
1.9 kg 698 kr.
AMERÍSKAR
SÆTAR KARTÖFLUR
298
KR. kg
LÍFRÆNT
SOLLU LÍFRÆNT
HNETUSMJÖR
GRÓFT OG FÍNT 340 gr
398
KR. stk
HIMNESKT
AFGREIÐSLUTÍMI
UPPSTIGNINGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
UPPSTIGNINGARDAGUR
10:00-18:00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

679 KR. KG
ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

1198 KR. KG
**BAYONNE SKINKA** NÝREYKT ÚR LÆRI

759 KR. KG
HEILL FERSKUR
**KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR**

1998 KR. KG
KJÖRFUGLS FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**

1398 KR. KG
**FERSKT LAMBALÆRI**
KRYDDAÐ M/ÍSLENSKUM VILLIJURTUM

**KJARNAFÆÐIS GRILL**
**LAMBALÆRISNEIÐAR**
SNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI *1.FLOKKUR*

2298 KR. KG

1598 KR. KG
**KS.FROSIÐ LAMBALÆRI** Í SNEIÐUM

3198 KR. KG
**KS.FROSIÐ LAMBAFILLET**

**FROSIÐ LAMBAKJÖT** GOTT VERÐ Í BÓNUS

698 KR. pk.
ÍSLANDSNAUT FJÓRIR FERSKIR **100% UNGNAUTAHAMBORGARAR** M/BRAUÐI

1198 KR. KG
BÓNUS GRILL **GRÍSAKÓTILETTUR**

1198 KR. KG
BÓNUS GRILL ÚRB. **GRÍSAHNAKKI**

## ÍSLANDSNAUT *100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT*

200 KR. VERÐLÆKKUN
1398 KR. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT
***100%* UNGNAUTAHAKK**

2298 KR. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT
***100%* UNGNAUTASNITSEL**

2298 KR. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT
***100%* UNGNAUTAGÚLLAS**

AFGREIÐSLUTÍMI
UPPSTIGNINGARDAGUR
10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

AFGREIÐSLUTÍMI
UPPSTIGNINGARDAGUR
10:00-18:00

# VG og framtíðin!

STJÓRNMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

**➜ Við getum verið og eigum að vera stolt af verkum okkar undanfarin ár, þó það hafi vissulega verið ár erfiðra verkefna og fórna.**

Nú rúmri viku bak kosningum og meðan vöfflubakstur stendur yfir á vegum framsóknar- og sjálfstæðismanna er ekki úr vegi að tjá hug sinn til kosningaúrslitanna. Hitt bíður betri tíma að óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar og mun ekki af veita, hver sem hún verður. Sú ríkisstjórn mun njóta góðs af þeim ótvíræða árangri sem náðst hefur í efnahagslegri endurreisn landsins frá hruni. Himinn og haf eru milli aðstæðna nú og þeirra fordæmalausu erfiðleika sem við blöstu á öndverðu ári 2009. Mörg stór og vandasöm úrlausnarefni eru engu að síður fram undan og efnahagsóáran í mestallri Evrópu smitar í vaxandi mæli hingað heim. Við þurfum því áfram að vanda okkur.

Eins og yfirleitt féllu úrslit nálægt síðustu skoðanakönnunum fyrir kosningar en þó vörðum við Vinstri græn stöðu okkar ívið betur en flestar spár höfðu gert ráð fyrir. Það rímaði vel við það andrúmsloft sem maður varð áskynja á lokasprettinum. Við komum standandi niður eftir vel útfærða og málefnalega kosningabaráttu og engin óábyrg loforð munu þvælast fyrir okkur í framhaldinu. Formaður VG, Katrín Jakobsdóttir, var að mati undirritaðs og að öllum öðrum ólöstuðum sigurvegari þessarar kosningabaráttu. Skýr, málefnaleg og traust framkoma hennar skoraði meðal þjóðarinnar langt út fyrir raðir þeirra sem að lokum kusu hreyfinguna.

### Komin til að vera

Vinstrihreyfingin grænt framboð verður svo sannarlega hluti af framtíðinni og er fyrir löngu komin til að vera í íslenskum stjórnmálum. Með tæplega 11% fylgi í þessum kosningum og sjö þingmenn er okkur ekkert að vanbúnaði að leggja upp í nýtt kjörtímabil hvað sem það ber í skauti sínu og hvaða verkefni sem það færir okkur í hendur. Verði hlutskipti okkar stjórnarandstaða gefst á nýjan leik meiri tími og hægari aðstæður til að sinna innra flokksstarfi, til að uppfæra og efla málefnastarf og sinna ýmsu því sem annríki björgunarstarfsins í ríkisstjórn í á fimmta ár skammtaði nauman tíma. Vissulega getur átt eftir að reyna á styrk okkar í stjórnarandstöðu ef afturhvarf til stefnu og stjórnarhátta fyrirhrunsáranna verður veruleiki stjórnmálanna á Íslandi á nýjan leik. En þá verður það uppbyggilegt aðhald en ekki einhliða eyðileggingarstarf í anda fráfarandi stjórnarandstöðu.

Að sama skapi erum við reynslunni ríkari og öflugri eftir eldskírn í ríkisstjórn við fordæmalaust erfiðar aðstæður komi til okkar kasta á þeim vettvangi. Nú, rétt eins og í upphafi árs 2009, er það mín sannfæring að við Vinstri græn eigum að hlýða kalli ef skyldan býður og við trúum því að það verði landi og þjóð til góðs.

### Glaðbeitt á vit framtíðarinnar

Með öðrum orðum, við getum lagt glaðbeitt upp í nýhafið kjörtímabil. Á fundum og í samtölum við liðsmenn Vinstri grænna undanfarna daga eftir kosningar skynja ég samstöðu, bjartsýni og baráttuhug. Við getum verið og eigum að vera stolt af verkum okkar undanfarin ár, þó það hafi vissulega verið ár erfiðra verkefna og fórna. En hvort tveggja er að stjórnmál snúast ekki um það að hafa það huggulegt fyrir sjálfan sig eða flokk sinn og hitt að menn leggja nú ýmislegt á sig fyrir minna en að bjarga landi sínu frá þjóðargjaldþroti. Okkur Vinstri grænum eru allir vegir færir úr núverandi stöðu og sama gildir um Ísland verði málum þess ekki klúðrað.

# Er ómögulegt að breyta vondu skipulagi?

SKIPULAGSMÁL



**Skúli Magnússon**
héraðsdómari og dósent við lagadeild H.Í.

**➜ Eins og sagan sýnir taka sveitarfélög óhrædd slaginn við nágranna og íbúa...**

Fátt hefur jafnmikil áhrif á daglegt líf, og þar með lífsgæði manna, og skipulag byggðar og landnýtingar. Sveitarfélögum er falin mikil ábyrgð með því að ákvörðunarvald um þessi atriði er að mestu leyti í þeirra höndum. Skipulagsáætlunum sveitarfélaga er þannig ætlað að tryggja faglegan undirbúning og samráð við íbúa við þróun byggðar. Skipulagsáætlunum, ekki síst deiliskipulagi, er þó ekki síður ætlað að tryggja fyrirsjáanleika um nýtingu fasteigna og þar með réttaröryggi þeirra einstaklinga og lögaðila sem þar eiga hagsmuni. Það liggur því í eðli deiliskipulags að því er ætlað að vera endanlegu og kveða með nokkurri nákvæmni á um byggingarreiti, útlit, nýtingarhlutfall o.s.frv. Deiliskipulag skapar m.ö.o. lögmætar væntingar lóðarhafa um ákveðna nýtingu lóðar og verðmæti fasteignar hans.

En lóðarhafi er vitanlega ekki sá eini sem hefur hagsmuni af deiliskipulagi. Og flestir munu vera sammála um að byggð geti þurft að fá að taka breytingum í takt við nýja tíma, nýjar þarfir og nýtt gildismat. Um það getur þannig ríkt breið samstaða að samþykkt deiliskipulag, sem e.t.v. er komið til ára sinna, sé slæmt og gangi gegn almannahagsmunum með einum eða öðrum hætti, t.d. með vísan til varðveislu- og menningartengdra sjónarmiða eða vegna þess að freklega er gengið á almannarými og/eða fyrirliggjandi byggð. Við þessar aðstæður er hins vegar iðulega vísað til af sveitarstjórnum að ómögulegt sé að breyta samþykktu deiliskipulagi, a.m.k. ekki án greiðslu himinhárra bóta til lóðarhafa, og því talið illskást að semja við lóðarhafa um einhverjar breytingar.

### Taka óhrædd slaginn

Eins og sagan sýnir taka sveitarfélög óhrædd slaginn við nágranna og íbúa þegar keyra á óvinsælt deiliskipulag í gegn. Þegar litið er yfir framkvæmd síðustu áratuga eru þau mál hins vegar teljandi á fingrum annarrar handar þar sem sveitarstjórn lætur reyna á raunverulegan rétt lóðarhafa til skaðabóta vegna skerðingar á byggingarmagni skv. áður samþykktu deiliskipulagi. Það er því ekki við mörg fordæmi að styðjast þegar leggja á mat á umfang bótaskyldu sveitarfélags. Skv. almennum reglum er þó ljóst að lóðarhafa ber að sýna fram á tjón sitt og ber einnig skylda til þess að takmarka það eftir föngum. Mat á bótum getur heldur ekki eingöngu miðast við byggingarmagn heldur verður að taka tillit til allra þátta sem hafa áhrif á verðmæti viðkomandi fasteignar.

Á undanförnum misserum hafa orðið nokkrar umræður um hvort rétt sé að huga að endurskoðun lagareglna víðvíkjandi bótarétti lóðarhafa við þær aðstæður sem hér um ræðir. Slík endurskoðun má heita eðlileg í ljósi þess að sú stefna hefur í raun aldrei verið mörkuð af löggjafanum að réttur lóðarhafa eigi að vera ríkari en leiðir af eignarréttarvernd stjórnarskrár. Án tillits þessa getur það verið eðlileg krafa að eitthvert mat sé lagt á fyrirsjáanlega fjárhæð bóta andspænis vondu og úreltu skipulagi sem hrinda á í framkvæmd eða semja á um lítið breytt við lóðarhafa. Aðeins að fengnu slíku mati er hægt að taka upplýsta afstöðu til þess hvort almannahagsmunir helgi í raun og veru þá niðurstöðu að una við gerðan eða lítt breyttan hlut. Það kostar nefnilega einnig að búa til frambúðar við vont skipulag þótt sá kostnaður verði ekki alltaf metinn til peninga.

# Markviss ríkisrekstur með CAF-sjálfsmati

RÍKISREKSTUR



**Pétur Berg Matthíasson**
stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

**➜ Flestar stofnanir sjá fyrir sér betri nýtingu fjármuna m.a. með endurskoðun á forgangsröðun verkefna...**

Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar áttu sér stað viðamiklar breytingar innan stjórnsýslunnar undir formerkjum nýskipunar í ríkisrekstri með áherslu á aukna valddreifingu og aukið sjálfstæði stofnana. Þessar breytingar höfðu það m.a. í för með sér að ákveðið var að formfesta samskiptin á milli ráðuneyta og stofnana. Fóru þá ráðuneytin að gera árangursstjórnunarsamninga við stofnanir, m.a. til þess að skýra ábyrgð beggja aðila og tryggja markvisst eftirlit með starfsemi stofnana. Þetta fyrirkomulag er enn við lýði í dag og hafa margvíslegar úttektir verið gerðar á því í gegnum árin af ráðuneytum, Ríkisendurskoðun o.fl. Árið 2001 var ein fyrsta úttektin gerð meðal forstöðumanna og leiddu niðurstöður í ljós að margar stofnanir áttu nokkuð í land að þessu leyti. Ótímabært var að segja að árangursstjórnunarhugsunin hefði skotið þar rótum. Reynt var að bregðast við þessu m.a. með því að kynna til leiks stefnumiðað árangursmat (balance scorecard), auk þess sem búin var til handbók um árangursstjórnun fyrir ráðuneyti og stofnanir.

Innleiðing stefnumiðaðs árangursmats hjá stofnunum gekk misjafnlega vel fyrir sig, en þó eru stofnanir sem styðjast enn í dag við tækið með ágætis árangri. Eins og forstöðumenn ríkisstofnana þekkja vel þá hefur mikil gróska verið í stjórnunarfræðum á síðastliðnum árum samhliða tæknibyltingu í upplýsinga- og samskiptamálum. Þetta hefur leitt til aukinnar meðvitundar hjá hinu opinbera um að stofnanir og ráðuneyti þurfi að vera stöðugt að endurmeta starfsemina og þjónustu sína í samræmi við tækniframfarir og kröfur almennings.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur haft veg og vanda af því að skoða, meta og innleiða hér á landi stjórnunaraðferðir og tæki fyrir ríkisreksturinn. Jafnframt hefur ráðuneytið haft það að leiðarljósi að tækin og aðferðirnar geti nýst öllum eða meirihluta stofnana. Þó ekki hafi verið unnið markvisst að því síðastliðin ár að innleiða nýja aðferðafræði eða stjórnunartæki þá er ekki skortur á aðferðum og tækjum í boði. Aftur á móti eru þau ekki öll hentug fyrir þá stofnanaumhverfi sem finna má hér á landi. Margbreytileiki stofnana ríkisins, stærð þeirra, umfang, rekstrarfyrirkomulag og fleira gerir það að verkum að tækin henta misvel.

### CAF-sjálfsmatslíkanið

Síðan 2011 hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið unnið að því að meta fýsileika þess að innleiða sjálfsmatslíkan fyrir stjórnsýsluna. Erlendis hefur reynslan af slíkum líkönum verið góð, bæði fyrir einkageirann og opinbera geirann. CAF-sjálfsmatslíkanið (Common Assessment Framework) hefur verið skoðað sérstaklega en það var hannað í Evrópu um aldamótin fyrir opinberar stofnanir og sveitarfélög. CAF-líkanið er byggt á grundvelli EFQM-líkansins, sem er eitt mest notaða matslíkanið í einkageiranum í Evrópu. CAF-notendur (ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og alþjóðastofnanir) eru yfir 3.000 talsins og fer fjölgandi en þá má finna í flestum ríkjum Evrópu, í Asíu, Mið-Ameríku og á fleiri stöðum.

Líkanið hefur verið notað í þrenns konar tilgangi, (1) sem stjórntæki og til að auðvelda yfirsýn yfir starfsemina, (2) sem greiningartæki til að meta þörf fyrir umbætur og (3) sem viðmiðunartæki til að bera saman árangur við aðrar stofnanir sem skara fram úr. Aðferðafræðin miðar fyrst og fremst að því að stuðla að hámarks skilvirkni í rekstri og bæta arðsemi, auka tryggð starfsmanna og byggja upp árangursdrifinn teymisanda.

### Tilraunaverkefni

CAF-sjálfsmatslíkanið hefur almennt ekki verið tekið upp á Íslandi þó dæmi sé um að stofnanir hafi notað CAF. Um mitt ár 2011 hóf fjármálaráðuneytið samstarf við velferðarráðuneytið um að vinna að innleiðingu CAF á Íslandi. Ákveðið var að hefja tilraunaferli með því að prufakeyra CAF hjá fimm stofnunum. Tilgangurinn var að afla upplýsinga um tækið svo að hægt væri að meta fýsileika þess og taka ákvörðun um hvort CAF væri tæki sem stofnanir á Íslandi gætu almennt notað. Með tilraunaferlinu var því verið að skoða áhrif CAF-líkansins á starfsemi stofnana, safna upplýsingum er snúa að framkvæmd og úrvinnslu en jafnframt meta hvort þróa þyrfti aðferðina frekar.

Tilraunaferlinu er nú lokið og má segja að tilraunastofnanir séu almennt ánægðar með CAF-sjálfsmatslíkanið. Flestar stofnanir sjá fyrir sér betri nýtingu fjármuna m.a. með endurskoðun á forgangsröðun verkefna í samræmi við þarfir viðskiptavina. Einnig sjá stofnanir fyrir sér breytingar á verklagi og skipulagi til að ná betur markmiðum stofnana. CAF-sjálfsmatslíkanið hefur sannað að það geti leitt til úrbóta á öllum helstu sviðum er tengjast rekstri ríkisstofnana. CAF kemur ekki í staðinn fyrir framangreinda árangursstjórnunarsamninga. Aftur á móti geta upplýsingar sem verða til við framkvæmd sjálfsmats hjá stofnun eða ráðuneyti nýst við stefnumótun og gerð árangursstjórnunarsamninga.

Varðandi framhaldið þá mun fjármála- og efnahagsráðuneytið áfram gegna miðlægu hlutverki innan Stjórnarráðsins í tengslum við CAF-verkefnið og tryggja þar með að tækið verði kynnt og að aðilar geti nálgast þau verkfæri sem nauðsynleg eru svo að framkvæma megi sjálfsmatið. Frekari upplýsingar um CAF-sjálfsmatslíkanið og tilraunaverkefnið má nálgast vef á fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Stefnumótandi ráðstefna um Landsmót UMFÍ

haldin á hótel Húsavík 11. maí 2013 klukkan 11:00 – 17:00.

Ráðstefnan er opin öllum.
Þátttaka tilkynnist umfi@umfi.is



# 99 KRÓNA DAGUR Í ICELAND

**Gildir aðeins í dag, miðvikudag**

**99 kr. DAGUR**

**ALLAR ÞESSAR VÖRUR Á AÐEINS 99 KRÓNUR**




**Stór dós 500 ml**



Opið frá kl. **9–20** alla daga
**Engihjalla og Granda**

**Iceland**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA BJÖRNSDÓTTIR**
**Lindasíðu 4, Akureyri,**

lést þann 5. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 13. maí kl. 10.30.

**Hulda Jónasdóttir**
**Inga Hrönn Jónasdóttir**
**Hafþór Jónasson** **Heiða Björk Jónasdóttir**
**Sigríður Kristín Jónasdóttir** **Baldvin Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁSTBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR**

lést föstudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, föstudaginn 10. maí klukkan 15.00.

**Teitur Jónasson**
**Halldóra Teitsdóttir** **Jónas Haraldsson**
**Ingveldur Teitsdóttir** **Gunnar Torfason**
**Harald Þór Teitsson** **Ylfa Edith Jakobsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Kær frændi okkar,

**HREGGVIÐUR JÓNSSON**
**fyrrverandi alþingismaður,**
**Starengi 26, Reykjavík,**

lést á Mayo Clinic sjúkrahúsinu í Jacksonville fimmtudaginn 25. apríl sl. Útförin fer fram frá Kristskirkju, Landakoti, mánudaginn 13. maí nk. klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Símon Páll Steinsson**
**Sigurlína Steinsdóttir**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR ALEXANDERSDÓTTIR**
**Hlíðarhvammi 4, Kópavogi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 5. maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 10. maí kl. 11.00.

**Margrét Erla Björnsdóttir** **Páll Pétursson**
**Þorgrímur Björn Björnsson**
**Katrín Klara Björnsdóttir** **Sævar Berg Guðbergsson**
**Þóra Birna Björnsdóttir** **Þorleifur Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**JÓN SNÆDAL LOGASON**
**skipstjóri,**

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, í faðmi fjölskyldunnar, þann 6. maí 2013. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 11. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Eyjarós Krabbavörn Vestmannaeyjum.

**Berglind Kristjánsdóttir**
**Halla Björk Jónsdóttir** **Hjálmar Viðarsson**
**Logi Snædal Jónsson**
**Sæþór Páll Jónsson**
**Halla Jónína Gunnarsdóttir**
**Kristján Valur Óskarsson** **Emma Pálsdóttir**
**Sigrún Snædal Logadóttir** **Þorsteinn Waagfjörð**
**Sæbjörg Snædal Logadóttir** **Sigurður Steinar Konráðsson**
**Óskar Þór Kristjánsson** **Bylgja Dögg Guðjónsdóttir**
**Hafdís Kristjánsdóttir** **Páll Scheving**
**ættingjar og vinir.**


*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granitholl.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin

*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granitholl.is*
*Sími 555 38 88*




**TRÖLLAUKIN HÁTÍÐ** Skessan verður í hátíðarskapi á Barnahátíð Reykjanesbæjar og býður upp á lummur í hellinum sínum, auk þess sem hægt verður að taka þátt í að prjóna á hana trefil.

# Barnahátíð suður með sjó

Barnahátíð Reykjanesbæjar hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Bærinn iðar af lífi næstu daga meðan börn á leik- og grunnskólaaldri sýna afraksturinn af liststarfi vetrarins. Þetta er í áttunda sinn sem hátíðin er haldin.

„Þetta er orðinn reglulegur viðburður hér suður með sjó,“ segir Guðlaug María Lewis, fræðslufulltrúi menningarsviðs Reykjanesbæjar, um Barnahátíðina sem sett verður í dag og stendur fram á sunnudag.

Barnahátíðin er í raun regnhlíf yfir ýmsar fleiri hátíðir og viðburði sem tengjast barnamenningu. Hryggjarstykkið er Listahátíð barna, samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og allra leik- og grunnskóla bæjarins, sem haldin er í áttunda sinn í dag. Opnun sýningarinnar Umhverfi er okkar ævintýri í Duus-húsum í dag markar einmitt upphaf Barnahátíðar. Sýningin verður opnuð að viðstöddum elstu börnum allra tíu leikskólanna í bænum. Þau hafa unnið með nærumhverfi sitt stóran hluta úr vetri og afraksturinn verður til sýnis fyrir gesti Barnahátíðar. Þessi árlega sýning leikskólanna vekur jafnan mikla athygli, í fyrra sóttu hana um 4.000 gestir.

Upphaflega tóku eingöngu grunnskólabörn þátt í Listahátíðinni, segir Guðlaug María. „En fljótlega komu eldri skólastig inn og hátíðin hefur undið upp á sig ár frá ári og er nú orðinn að einni stórri Barnahátíð sem stendur yfir alla helgina og inniheldur fjölmarga viðburði.“

Í framhaldi opnunarinnar í Duushúsum opnar grunnskólahluti Listahátíðar barna víðs vegar um bæinn undir yfirskriftinni Listaverk í leiðinni.

„Grunnskólinn lætur ekki þar við sitja heldur býður upp á Hæfileikahátíð í Stapa þar sem sýnt verður úrval af frábærum árshátíðaratriðum krakkanna, auk atriða frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og dansskólunum,“ segir Guðlaug.

Hápunkti nær Barnahátíðin á laugardag og sunnudag. „Það verður samsuða viðburða af ýmsum toga um allan bæ, sannkölluð karnívalstemning,“ segir Guðlaug. „Á laugardeginum fer meginþungi dagskrárinnar fram á svæðinu við Víkingaheima en á sunnudeginum fer megindagskráin fram við Duushús, þar sem listahátíð barna er í fullum gangi. Þá verður boðið upp á á mjög spennandi hljóðfærasmiðju í Svarta pakkhúsinu fyrir alla fjölskylduna og á Keflavíkurtúni verða leiktæki og leikir í fullum gangi.“

Guðlaug bendir á að frítt er á alla viðburði Barnahátíðar og að allir séu velkomnir. Dagskrána í heild sinni, með tímasetningum, staðsetningum og nánari upplýsingum, má nálgast á vefsíðunni barnahatid.is.


bergsteinn@frettabladid.is




†

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR JÚLÍUSDÓTTIR**
**Öldubakka 13, Hvolsvelli,**

lést á dvalarheimilinu Lundi á Hellu 1. maí, umkringd ástvinum sínum. Útförin fer fram frá Voðmúlastaðarkapellu, A-Landeyjum, laugardaginn 11. maí kl. 16. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar á Hellu.

**Sigurður Sigurðsson**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**Hrönn Sigurðardóttir**
**Markús Ómar Sigurðsson**
**Hrafnhildur Sigurðardóttir**



†

Hjartkær móðir okkar, fósturmóðir og tengdamóðir ,

**SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR BJARKLIND**
**áður til heimilis í Hvassaleiti 56, Reykjavík,**

andaðist föstudaginn 3. maí á hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á Krabbameinsfélag Íslands. Fyrir hönd bræðra hennar, barnabarna, langömmubarna og annarra ástvina,

**Björn Bjarklind** **Ása Sæmundsdóttir**
**Sigurður Bjarklind** **Margrét Skúladóttir**
**Jón Bjarklind** **Steinunn Anna Óskarsdóttir**
**Sveinn Aron Bjarklind** **Gerður G. Bjarklind**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR SIGURÐSSON**
**múrarameistari,**
**Ársölum 1, Kópavogi,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 5. maí. Útförin fer fram í kyrrþey, að ósk hins látna.

**Hjördís Smith**
**Sverrir Ólafsson** **Dóra Thorsteinsson**
**Björk Ólafsdóttir** **Hulda Stefánsdóttir**
**og barnabörn.** **Hörður Már Gylfason**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞORBERGUR PÉTURSSON**
**Laugarnesvegi 89, Reykjavík,**

lést laugardaginn 27. apríl á hjúkrunarheimilinu Grund, Reykjavík. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju í dag 8. maí klukkan 15.00.

**Pétur Þorbergsson** **Jóhanna Traustadóttir**
**Kristján Þorbergsson** **Þórunn Sigurðardóttir**
**Sigríður Rós Pétursdóttir** **Bryndís María Kristjánsdóttir**
**Bergrós Kristjánsdóttir** **Sigrún Valdís Kristjánsdóttir**

# ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR

ORMSSON



ÞVOTTADAGAR

## Gerið hreinlega *frábær kaup* á eðal heimilistækjum!

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 135.900,-
*Þú sparar: 27.180,-*
AEG
TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 145.900,-
*Þú sparar: 29.180,-*
AEG
TILBOÐSVERÐ – **116.720,-**

### UPPÞVOTTAVÉL FAVORIT 45010-W/M
12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
AEG
TILBOÐSVERÐ – **87.920,-** HVÍT **95.920,-** STÁL

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75470FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 179.900,-
*Þú sparar: 35.980,-*
AEG
TILBOÐSVERÐ – **143.920,-**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75670FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1600 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 189.900,-
*Þú sparar: 37.980,-*
AEG
TILBOÐSVERÐ – **151.920,-**

**20%**
**afsláttur af öllum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 87680FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1600 snúninga
Taumagn 8 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 197.900,-
*Þú sparar: 39.580,-*
AEG
TILBOÐSVERÐ – **158.320,-**

### ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 149.900,-
*Þú sparar: 29.980,-*
AEG
TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

### UPPÞVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M
12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hraðastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 51db
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
ZANUSSI
TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.990,-** STÁL

### ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI *PAR 1*
LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn 8 kg
Íslensk notendahandbók
Íslensk notendahandbók

*FRÁBÆRT PAR!*

Listaverð á PARINU: 329.800,-
*Þú sparar: 65.960,-*
TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **263.840,-**

### ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI *PAR 2*
LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**ÞVOTTAVÉL**
1600 snúninga · Taumagn 8 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 8 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók

*FRÁBÆRT PAR!*

Listaverð á PARINU: 363.800,-
*Þú sparar: 72.760,-*
TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **291.040,-**

Umboðsmenn um land allt

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
3.6% lántökugjald

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

# Vetrarblóm og vorþrá í Salnum

**Tónleikar í minningu Þorkels Sigurbjörnssonar og Björns Þorsteinssonar.**

Vetrarblóm og vorþrá er yfirskriftin á söngtónleikum sem Þóra Einarsdóttir sópransöngkona og Jónas Ingimundarson píanóleikari efna til í Salnum í Kópavogi í kvöld.

Tónleikarnir eru helgaðir minningu Þorkels Sigurbjörnssonar, tónskálds og heiðurslistamanns Kópavogsbæjar, og Björns Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs Kópavogsbæjar. Þorkell andaðist 30. janúar síðastliðinn og Björn 14. apríl. Báðir settu þeir svip á lista- og menningarlífið í Kópavogi um árabil, hvor með sínum hætti, og létu mjög til sín taka.

Á efnisskrá tónleikanna eru fjögur nýleg lög eftir Þorkel; tvö við ljóð Þorsteins Valdimarssonar, eitt við ljóð Gunnlaugs V. Snævarr og eitt við ljóð Rósu B. Blöndal.
Einnig flytja þau söngva eftir Mozart og Schubert auk frönsku meistaranna Fauré, Hahn, Debussy og Massenet.
Tónleikarnir hefjast klukkan 20.



**JÓNAS OG ÞÓRA** Jónas og Þóra flytja fjögur nýleg sönglög eftir Þorkel Sigurbjörnsson í minningu hans og Björns Þorsteinssonar í Salnum í kvöld.

---



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, dóttur, móður, tengdamóður og ömmu,

**SESSELJU SIGNÝJAR SVEINSDÓTTUR (SISSU)**
**Vallargerði 37, Kópavogi.**

**Sveinn Baldursson**
**Baldur Sveinsson** **Anna Maria Halwa**
**Valgeir Sveinsson**
**Sigurður Sveinsson**
**Sveinn Þorsteinsson** **Guðrún Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Okkar ástkæra,

**UNNUR AXELSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 3. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jónína Axelsdóttir**
**Guðrún Bergþórsdóttir** **Jón Magnússon**
**Sigurður Bergþórsson** **Hrafnhildur Eiríksdóttir**
**Þórhallur Bergþórsson** **Ásdís Rögnvaldsdóttir**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ÓLAFUR FRÍMANNSSON**
**Grashaga 10, Selfossi,**

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands aðfaranótt föstudagsins 3. maí. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 11. maí kl. 15.00.

**Sigríður Rósa Björgvinsdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir** **Helgi Garðarsson**
**Björgvin Ólafsson**
**Magnús Frímann Ólafsson** **Rut Bjarnadóttir**
**Þórir Ólafsson** **Helga G. Guðmundsdóttir**
**Ólafur Jökull Ólafsson** **Astrid Bleeker**
**Guðný Ólafsdóttir**
**Þengill Ólafsson** **Margrét Ýr Flygenring**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HJÖRDÍS GEORGSDÓTTIR**
**Laugalæk 40, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 30. apríl sl. á Hjúkrunarheimilinu Ísafold, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 10. maí klukkan 15.00.

**Kolbrún B. Viggósdóttir** **Jón S. Magnússon**
**Benóný B. Viggósson** **Alda Björnsdóttir**
**Erla Gunnarsdóttir** **Vilhelm M. Frederiksen**
**Guðný Gunnarsdóttir** **Björn Jónsson**
**Guðríður H. Gunnarsdóttir** **Bjarni Hákonarson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS GUÐMUNDSSON**
**bóndi á Uxahrygg, Rangárvöllum,**

lést miðvikudaginn 1. maí á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann verður jarðsunginn frá Oddakirkju á Rangárvöllum föstudaginn 10. maí klukkan 14.00.

**Hólmfríður Magnúsdóttir**
**Þóra Elísabet Magnúsdóttir**
**Oddsteinn Almar Magnússon** **Kolbrún Hauksdóttir**
**Garðar Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

sem lést 29. apríl verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. maí kl. 13.30.

**Þorsteinn Vilhelmsson** **Þóra Hildur Jónsdóttir**
**Kristján Vilhelmsson** **Kolbrún Ingólfsdóttir**
**Margrét Vilhelmsdóttir** **Wolfgang Burkert**
**Sigurlaug Vilhelmsdóttir** **Guðjón Jónsson**
**Valgerður Vilhelmsdóttir** **Ormarr Örlygsson**
**og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær móðir okkar,

**LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR**
**frá Seyðisfirði,**
**áður Vallartröð 4, Kópavogi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ísafold 4. maí, og verður jarðsunginn frá Digraneskirkju 10. maí klukkan 14.00.

**Sigríður Svavarsdóttir**
**Sigmar Svavarsson**
**Kári Svavarsson**
**Margrét Svavarsdóttir**
**Rósa Svavarsdóttir**
**Björk Svavarsdóttir**
**Grétar Berg Svavarsson**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VIGDÍS DANÍELSDÓTTIR**
**Ásbraut 19, Kópavogi,**

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans laugardaginn 4. maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 10. maí klukkan 13.00.

**Guðlaug B. Olsen** **Árni Hilmar Jónsson**
**Jónína B. Olsen** **Guðmundur Kristjánsson**
**Daníel Olsen** **Hrafnhildur Svendsen**
**Sveinborg Steinunn Olsen** **Unnar Geir Holman**
**Klara Björg Olsen** **Bjarni Bentsson**
**Jóhanna Þórunn Olsen** **Magnús Helgi Sigurðsson**
**Bárður Olsen** **Kristín Vilhjálmsdóttir**
**Bryndís Olsen** **Kristinn Bragi Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

**ÞÓR VIGFÚSSON**
**fyrrverandi skólameistari,**
**Straumum, Ölfusi,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 5. maí. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 18. maí kl. 13.30.

**Auður Hildur Hákonardóttir**
**Nína Þórsdóttir** **Jón Björnsson**
**Margrét Snæfríður Jónsdóttir**
**Ragnar Alexander Þórsson**
**Guðmundur Andri Ragnarsson**
**Helga María Ragnarsdóttir** **Kolbeinn Tumi Baldursson**
**Júlía Sif Ragnarsdóttir**
**Kolbrún Oddsdóttir**
**Þórhildur Kristjánsdóttir** **Gunnlaugur Dan Hafsteinsson**
**Katrín Kristjánsdóttir**
**Hákon Már Oddsson**
**Urður Hákonardóttir** **Jón Atli Jónasson**
**Kría Ragnarsdóttir**
**Arnór Hákonarson**
**Hildur Laila Hákonardóttir**
**Eggert Vigfússon**
**Örn Vigfússon**
**Guðmunda Vigfúsdóttir**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

andaðist á Hrafnistu Reykjavík þann 4. maí síðastliðinn. Útförin fer fram miðvikudaginn 15. maí klukkan 15.00 frá Neskirkju.

**Eggert Sigfússon**
**Sigríður Anna Eggertsdóttir, Eirik Rønning Andersen og börn**
**Karítas Eggertsdóttir, Heiðar Einarsson og börn**
**Kristján Eggertsson og Theresa Himmer**
**Emma Guðmundsdóttir**
**Karítas Kristjánsdóttir**
**Gunnar Kristjánsson**
**María Vigdís Kristjánsdóttir**

---



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, afi, bróðir og frændi,

**GODSON UWAWUKONYE ONYEMAUCHECHUKWU ANUFORO**
**Barmahlíð 33, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 19. apríl. Kistulagning fer fram í Hallgrímskirkju föstudaginn 10. maí kl. 14.30. Allir velkomnir. Jarðsungið verður frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 11. maí kl. 14.00.

**Elizabeth F. Maro Anuforo**
**Obinna Sturla C. Anuforo**
**Ósk Ukachi U. Anuforo**
**Onyema Óðinn C. Anuforo**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KRISTJANA ELÍSABET SIGURÐARDÓTTIR**
**Hlíðarholti, Staðarsveit,**
**síðar til heimilis að dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík,**

sem lést mánudaginn 29. apríl, verður jarðsungin frá Búðakirkju laugardaginn 11. maí kl. 14.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Búðakirkju.

**Bjarni Vigfússon** **Sigrún Hafdís Guðmundsdóttir**
**Margrét Vigfúsdóttir** **Jón Eggertsson**
**Sigurður Vigfússon** **Sigríður Gísladóttir**
**Vigfús Vigfússon** **Lovísa Birna Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



## ABBA-SAFN OPNAR

**ABBA-safnið í Stokkhólmi opnaði fyrir almenningi í gær. Opið er alla daga frá klukkan 10 til 20. Strætó gengur frá miðborginni í Swedish Music Hall of Fame þar sem safnið er. Á næsta ári eru 40 ár frá því að Abba sló í gegn með Waterloo í Eurovision.**












# KJÚKLINGABYSSA Á EINS ÁRS AFMÆLINU

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Texasborgarar við Grandagarð eru eins árs. Af því tilefni hefur nýjum og gómsætum réttum verið bætt á matseðilinn.*

Við opnuðum Texasborgara fyrir ári og hann varð fljótt einn vinsælasti hamborgarastaður borgarinnar," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Lykillinn að því felst í þrennu; hágæðahráefni, stórum borgurum með ríkulegu meðlæti og lágu verði. Svo höfum við verið óhrædd við að bjóða upp á nýjungar. Núna erum við til dæmis með lambaborgara úr læri með bernaise, laukhringjum og frönskum á tilboði. Hann hefur heldur betur fallið í kramið. Í tilefni afmælisins ákváðum við svo að auka enn á fjölbreytnina og settum þrjá kjúklingarétti og djúpsteiktan fisk með frönskum á matseðilinn." Kjúklingaréttirnir þrír eru: Kjúklingabyssa, Texas-kjúklingasamloka, báðir réttir með frönskum og hrásalati, og svo matarmikið salat með baunum, nachos og ristuðum kjúklingi í Texas-sósu.

„Langvinsælasti rétturinn frá opnun er klassískur Texas-ostborgari, sem er alltaf á tilboði á 1.390 kr. með frönskum og gosi," segir Magnús Ingi. „Hann verður það örugglega áfram. En úrvalið er mikið og margir gera vel við sig og bæta við beikoni, spældu eggi, gráðosti, bernaise eða öðru sem hugurinn girnist fyrir klink."
Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, texasborgarar.is, og á Facebook þar sem meðal annars er hægt að skoða matseðilinn.



**FRÁBÆRT VERÐ** Kjúklingabyssa, það er leggur og læri saman, með frönskum og hrásalati kostar aðeins 990 kr. og sama verð er á fiski og frönskum með hrásalati. MYND/STEFÁN





# MEKKA ÚTIVISTAR

**VANCOUVER** *Ljósmyndarinn Eydís Einarsdóttir hefur alið manninn í Norður-Ameríku undanfarin 23 ár. Hún býr nú, starfar og fær sitt kisufix í Kanada.*

***Hvað ertu að gera í Vancouver?*** Ég kynntist Deboruh, konunni minni, árið 2004 og ári síðar langaði okkur að hefja nýtt líf saman í Vancouver, heimaborg Deboruh. Áður hafði ég búið vítt og breitt um Bandaríkin; í Kaliforníu, New York, Kólóradó og á Flórída. Ég var afar stolt þegar ég fékk kanadískan ríkisborgararétt árið 2011, þrátt fyrir að þurfa að sverja Elísabetu Englandsdrottningu eið!

***Hvernig eru heimamenn í daglegum samskiptum?*** Upp til hópa eru Vancouver-búar yndislegir og hjálpfúsir, eins og sannir Kanadamenn. Að sumu leyti þykir mér þeir dálítið yfirborðskenndir, einkum á austurströndinni. Íbúarnir koma alls staðar að, flestir frá Asíu, Indlandi, Evrópu, Norðurlöndunum, Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Borgarbúar eru yfir höfuð uppteknir en ekki endilega við vinnu heldur útivist. Vancouver er enda mekka útivistar með stórkostleg skíðasvæði, hjólabrautir, fjallgöngur, strandlíf, siglingar og hvaðeina innan borgarmarkanna.

***Hvað hefur komið þér á óvart?*** Í upphafi þótti mér ótrúlegt að hitta jafn marga af íslenskum ættum og ég hef gert í Vancouver. Flestir þeirra áttu ömmu og afa sem komu til Kanada á síðari hluta nítjándu aldar, með stoppi í Winnipeg. Gróðurinn hefur einnig komið mér á óvart og ég hafði aldrei séð annað eins, allt frá jólatrjám til pálmatrjáa og blómahöf eins og regnbogann á sumri í bland við litadýrð laufskrúðsins á haustin. Ég fæ aldrei leiða á árstíðaskiptunum hér.

***Hvaða staðir eru mest spennandi í kringum þig?*** Í kring er fullt af frábærum stöðum en The Haven – A Centre for Growth á Gabriola-eyju hefur heillað mig mest. Þar er skóli sem heldur námskeið í persónulegum og faglegum gróanda. Námskeiðin eru trúlega ekki fyrir alla en þau eru alveg á minni línu enda svolítið nýaldarsinnuð. Mínir uppáhaldsstaðir eru þó ekki auðfundnir og einkum litlar strandir sem eru eins og einkastrandir með útsýni yfir borgina norðan frá séð.

***Skemmtilegar göngu- og hjólaleiðir?*** Vancouver er að reyna að verða hjólaborg og hefur breytt nokkrum akbrautum í hjólabrautir. Best er að hjóla, skokka, ganga og vera á línuskautum á The Seawall sem liggur hringinn í kringum borgina og í gegnum Stanley Park, einn fegursta stað Vancouver. Grouse Grind er í uppáhaldi hjá þeim sem vilja halda sér í formi og liggur alla leið upp á Grouse-fjall í Norður-Vancouver. Ég held mig mest nálægt sjó eða vötnum og fer lítið í skógana því þar vantar allt útsýni.

***Hvernig er maturinn í Vancouver?*** Hér er endalaust úrval frábærra veitingastaða og veitingahúsaeigendur sem betur fer með á nótunum þegar kemur að góðri heilsu og hollum mat.

***Er gott að versla í borginni?*** Helstu verslunarstaðir eru á Robson Street, Pacific Center og Granville Street. Unga fólki fer í Norður-Granville og þeir ríku í Suður-Granville.

***Hvernig eyðir þú frítímanum?*** Ég keypti mér hjól fyrir stuttu og sé mikið eftir að hafa ekki gert það fyrr. Ég hef líka skroppið á skíði og við förum oft í bíltúra á fyrrnefnda staði til að hafa það huggulegt. Ég byrjaði að mála í fyrra og leik mér að málverkinu við tækifæri. Þá er ég mikil kisukona og vikulegur sjálfboðaliði í „Kattholtinu“ hér. Þar fæ ég mitt kisu-fix þar sem við eigum ekki lengur ketti.

■ thordis@365.is



**VESTURFARI**
Áður en Eydís keypti sér hjól á dögunum naut hún útivistar á línuskautum í stórkostlegu landslagi borgarinnar.
MYNDIR/EYDÍS EINARSDÓTTIR



**MEISTARI**
*Eydís starfar sem auglýsingaljósmyndari í Vancouver og rekur þar fyrirtækið Studio 80s Photography + Retouching. Skoða má myndir Eydísar á www.studio80s.com og www.studio80sretouching.com*




Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

# Búðu þig undir ofnæmið

**Cetirizin-ratiopharm**
**10 mg - 10 stk., 30 stk. og 100 stk.**

- >> Fljótt að virka
- >> Við einkennum frá augum og nefi
- >> Við einkennum langvarandi ofsakláða

LYFIS Traust í lyfjum | ratiopharm




**Nú 100 töflur án lyfseðils!**

**Notkunarsvið:** Cetirizin-ratiopharm inniheldur cetirizin tvíhýdróklóríð, ofnæmislyf fyrir fullorðna og börn frá 6 ára aldri; til að draga úr einkennum frá nefi og augum vegna árstíðabundins eða stöðugs ofnæmiskvefs; til að draga úr einkennum langvarandi ofsakláða. **Frábendingar:** alvarlegur nýrnasjúkdómur, ofnæmi fyrir virka efninu, einhverju öðru innihaldsefni Cetirizin-ratiopharm eða fyrir hydroxyzini eða píperazín afleiðum. **Varúð:** Einstaklingar með skerta nýrnastarfsemi, með flogaveiki eða sem eiga á hættu að fá krampa skulu láta lækninn vita áður en lyfið er notað. Hætta þarf töku lyfsins þremur dögum áður en farið er í ofnæmishúðpróf. **Meðganga og brjóstagjöf:** Forðast skal notkun lyfsins. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar eldri en 12 ára: Ráðlagður skammtur er 10 mg, ein tafla, á dag. Börn 6 til 12 ára: Ráðlagður skammtur er 5 mg, hálf tafla, tvisvar á dag. Sjá frekari upplýsingar í fylgiseðli. **Algengar aukaverkanir:** Þreyta, munnþurrkur, ógleði, niðurgangur, svimi, höfuðverkur, syfja, kokbólga og nefkvef. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Júlí 2012.

**FÆST ÁN LYFSEÐILS Í ÖLLUM BETRI APÓTEKUM**

# STÓR ELDHÚS

MIÐVIKUDAGUR 8. MAÍ 2013

**Kynningarblað** Eldunartæki, borðbúnaður, matvæli og hreinsiefni.


# Allt til hagkvæmra eldhúsverka

**Á næstu dögum opnar ný og glæsileg Olís-verslun með vörur til hvers kyns eldhúsreksturs auk annarra rekstrarvara. Olís vinnur markvisst að því að bjóða viðskiptavinum sínum hagkvæmar lausnir og frábærar vörur frá traustum birgjum, á samkeppnishæfu verði.**

Markmið okkar í Olís eru heildarlausnir fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir, þar með talið í rekstri eldhúsa, mötuneyta og veitingastaða því við viljum auðvelda viðskiptavinum okkar í hvívetna að ná fram hagræðingu í rekstri," segir Eggert Bjarnason, sölu- og þjónusturáðgjafi heildsölu- og rekstrarvörudeildar Olís.

Á allra næstu dögum opnar Olís nýja og glæsilega verslun þar sem eldhúsverk verða meðal annars í brennidepli og hvers kyns búnaður til þeirra í hávegum hafður. Þar mun lipurt þjónustufólk aðstoða viðskiptavini með tilliti til þarfa hvers og eins.

„Enn hvílir leynd yfir nafni verslunarinnar og verður ekki gefið upp fyrr en búðin verður opnuð með pompi og prakt," útskýrir Eggert leyndardómsfullur á svip.

„Í versluninni verður meðal annars á boðstólum allt sem stór eldhús, mötuneyti og veitingastaðir þarfnast og mikið um gagnlegar nýjungar. Þar má nefna Solid, nýtt Svansvottað þvottaefni í uppþvottavélar, sem kemur í fimm kílógramma umbúðum og er sett í sjálfvirkan sápuskammtara sem Olís setur upp fyrir viðskiptavini sína. Þá bjóðum við nýtt sótthreinsiefni fyrir veitingahús sem ætlað er til hreinsunar og sótthreinsunar á borðum í eldhúsi og veitingasal og er afar handhægt og drjúgt."

Eggert bætir við að í verslun Olís fáist heildarlína hreinsiefna með Svansvottun og ýmsar aðrar umhverfisvottaðar vörur.

„Sífellt fleiri kjósa umhverfisvænan rekstur í stóreldhúsum og við mætum þeim með grænum lausnum á öllum sviðum."

Eggert segir allt sem eitt eldhús þarfnast fást í ríkulegu úrvali, afbragðs gæðum og á góðu verði í nýju Olís-búðinni.

„Í samstarfi við erlenda birgja vinnum við markvisst að því að bæta vöruúrvalið. Við mætum því þörfum markaðarins með nýjum vörum frá traustum birgjum og þrautreyndum vörumerkjum. Þar má nefna glæsilegar servíettur og kerti, matarfilmur- og pappír, einnota borðbúnað, einnota hlífðarfatnað og hreinsiefni af öllu tagi."

Eggert leggur áherslu á að allir séu velkomnir í nýju Olís-búðina.

„Verslunin höfðar til allra, einstaklinga jafnt sem fulltrúa stofnana og fyrirtækja og þeirra sem sjá um innkaup heimilisins."



Bökunarpappír, plastfilmur, bakkar, form og einnota borðbúnaður eru meðal þess sem mun fást í nýju Olís-búðinni. MYND/STEFÁN



Servíettur, kerti og borðdúkar í stíl og öllum regnbogans litum fást í nýrri eldhúsverslun Olís. MYND/STEFÁN



Eggert Bjarnason, sölu- og þjónusturáðgjafi, með nýja Svansvottaða Solid-uppþvottaefnið og nýtt, öflugt sótthreinsiefni fyrir borð af öllu tagi í eldhús- og veitingarekstri. MYND/STEFÁN

## HVAÐ SEGJA VIÐSKIPTAVINIR?

Við höfum notað Solid-sápuna frá því hún kom fyrst á markað og hún hefur sparað okkur mikla fjármuni. Solid er miklum mun drýgri en sápan sem var fyrir og notum við einn dunk á hálfum mánuði í stað tveggja á viku áður. Solid þrífur líka mjög vel og jafnvel betur en hin. Þá er þjónusta Olís til fyrirmyndar.

*Elva Hjörleifsdóttir, veitingastjóri á Caruso.*

Nýja þvottaefnið er algjör bylting og þrífur miklu betur en það gamla. Oft fengum við diska með matarleifum á úr uppþvottavélinni en með Solid kemur leirtauið glansandi hreint úr vélinni. Við finnum líka mikinn mun á því þegar vélin er opnuð að gufan fer ekki í vitin á okkur eins og með gamla efninu. Þá er algjör snilld að þurfa ekki lengur að skammta þvottaefnið í vélina því með Solid er það sjálfvirkt. Það allra besta við Solid er þó að sápan er græn og umverfisvæn. Hún er það besta sem við höfum notað.

*Kristín Hjaltadóttir og Sigríður Jósepsdóttir, matráðar í Frystihúsi Samherja Ísland á Dalvík.*


PIPAR\TBWA · SÍA · 131475




Rekstrarvörudeild Olís býður mikið úrval rekstrarvara fyrir matvælavinnslu og veitingahús. Vörurnar eru þaulreyndar við íslenskar aðstæður og þeir sem þekkja þær vita að þeir geta stólað á gæðin.

- Kvoðuhreinsiefni
- Sótthreinsiefni
- Hreingerningaefni á gólf, veggi og aðra harða fleti
- Handsápur, -sótthreinsir og -áburður
- Uppþvottalögur og -gljái
- Hreinlætispappír
- Hreingerningaáhöld og -tæki
- Einnota hlífðarfatnaður
- Plastpokar
- Vinnufatnaður

Nánari upplýsingar á olis.is, í síma 515 1100 eða hjá næsta útibúi Olís.

olís

REKSTRARVÖRUR

Sími 515 1100 | pontun@olis.is | olis.is

# Bakhjarl íslenskrar matvælaframleiðslu

Undanfarin ár hefur Íslensk ameríska verið leiðandi afl í íslenskri matvælaframleiðslu. Fyrirtækið hefur aukið vöruúrvalið og þjónustu sína jafnt og þétt undanfarin ár. Í dag þjónustar fyrirtækið flestar greinar matvælaframleiðslu með vörum sínum og ráðgjöf í vöruþróun.


Hjá horeca-deild Ísam starfar fagfólk með fjölbreyttan bakgrunn. Haraldur Pétursson er þriðji frá vinstri. MYND/PJETUR

Íslensk ameríska (Ísam) var stofnað árið 1964 og fagnar því fimmtíu ára afmæli á næsta ári. Fyrirtækið hefur um átta ára skeið rekið svokallaða horeca-deild en nafn hennar er dregið af ensku orðunum hotel, restaurant og catering. Deildin sérhæfir sig, eins og nafnið gefur til kynna, í að útvega aðföng í stóreldhús, veitingahús, kjötvinnslur og kjötbúðir, bakarí, fiskvinnslur og fiskbúðir, auk osta- og ísgerða. Haraldur Pétursson, rekstrarstjóri deildarinnar, segir viðskiptavinahópinn stóran og fjölbreyttan enda bjóði fyrirtækið upp á mikið úrval fjölbreyttra vara. „Deildin okkar býður upp á gríðarlega mikið úrval af ýmsu hráefni til matvælaframleiðslu og umbúðir. Við bjóðum upp á mikið úrval af bökunarvörum, marineringum, kryddi, kjötkrafti og sósum. Einnig höfum við mikið úrval af bökkum af ýmsum stærðum og gerðum, kaffi, frosnu grænmeti og ávöxtum og niðursoðinni vöru, meðal annars frá ORA, en þar erum við líklegast sterkastir.“

Fyrir stuttu hóf Ísam sölu á frábæru sjávarsalti frá breska fyrirtækinu Cornish. „Þetta er mikil gæðavara. Gordon Ramsey og margir þessara þekktu sjónvarpskokka í Bretlandi nota það nú þegar. Sjávarsaltið er unnið á vistvænan hátt í vinnslustöðvum sem standa við hreinar strendur. Vegna hreinleika þess gefur það aukið bragð og fyllingu við matreiðslu miðað við hefðbundið salt. Auk þess þarf ekki að nota eins mikið magn og þegar hefðbundið salt er notað. Þar sem vinnsluaðferð saltsins tryggir hreint og náttúrulegt salt án aukaefna varðveitast yfir sextíu nauðsynleg stein- og snefilefni í saltinu.“

## Mikil reynsla

Sjö starfsmenn starfa við deildina og eru þeir hoknir af reynslu að sögn Haraldar. „Við kappkostum að vera með lipra og góða þjónustu. Ef pöntun berst fyrir hádegi afgreiðum við hana eftir hádegi á höfuðborgarsvæðinu. Við búum yfir stórum bílaflota sem hefur toppmenn við stýrið. Hér vinna auk þess margir fagmenn með mjög fjölbreyttan bakgrunn. Í hópnum okkar má meðal annars finna bakara, þjón, kjötiðnaðarmenn, matreiðslumenn og fleira gott fólk. Svo fjölbreyttur og góður bakgrunnur á stóran þátt í hversu góða þjónustu við getum veitt ólíkum fyrirtækjum landsins.“

Vegna fjölbreyttrar reynslu starfsmanna og breiðrar vörulínu er Ísam í stakk búið til að veita viðskiptavinum ýmsa tæknilega aðstoð varðandi vöruþróun. „Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða nýja rétti í mötuneytið eða fjöldaframleiðslu á matvöru. Ef viðskiptavinir okkar vilja til dæmis hefja framleiðslu á kjötbollum getum við komið á staðinn og þróað með þeim uppskriftir. Sama á við um brauð, kökur og ýmsa drykki. Þannig getum við enn frekar þjónustað viðskiptavini okkar og komið með nýjar hugmyndir fyrir þá. Þannig hjálpum við þeim að vaxa og breikka vöruúrval sitt.“



Fyrir stuttu hóf Ísam sölu á frábæru sjávarsalti frá breska fyrirtækinu Cornish. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Í eldhúsi Maríu drottningar

Kokkar og aðstoðarfólk þeirra um borð í skemmtiferðaskipum hafa í nógu að snúast og elda ofan í nokkur þúsund manns á hverjum degi. Um borð í Queen Mary 2 ræður þýskur yfirkokkur yfir 150 kokkum sem elda sextán þúsund máltíðir daglega.

Skemmtiferðaskipið RMS Queen Mary 2 var sjósett árið 2004. Skipið var nefnt eftir RMS Queen Mary sem byggt var árið 1936. Þegar skipið var byggt árið 2003 var Queen Mary 2 lengsta, breiðasta og hæsta farþegaskip heims en heldur þeim titli þó ekki lengur. Skipið siglir milli Southampton og New York en fer einnig reglulega í heimsferðir.


RMS Queen Mary 2 var lengsta, hæsta og breiðasta farþegaskip veraldar þegar það var byggt árið 2003. NORDICPHOTOS/GETTY

Um borð í Queen Mary 2 eru níu eldhús þar sem 150 kokkar búa til sextán þúsund máltíðir daglega og hverja þeirra eftir pöntun. Áttatíu aðrir starfmenn starfa í eldhúsunum, þar á meðal uppvaskarar sem þrífa 88 þúsund diska og glös á hverjum degi. Á skipinu er bakarí sem starfar allan sólarhringinn. Þá eru um borð risastór matarbúr og kæligeymslur fyrir ávexti og grænmeti. Þar má líka finna herbergi sem er sérhannað fyrir banana.

Yfirkokkurinn um borð er Klaus Kremer frá Köln í Þýskalandi en hann gengur tuttugu kílómetra á hverjum degi til að fylgjast með því sem er að gerast í eldhúsum skipsins.

Farþegar Queen Mary 2 eru tvö til þrjú þúsund talsins og starfsmenn eru í kringum þúsund frá fimmtíu þjóðlöndum. Því er ljóst að magn matar sem eldaður er í eldhúsum skipsins er ótrúlegt.

Kremer yfirkokkur leggur mikla áherslu á að elda allt frá grunni. Til dæmis eru ekki notaðar neinar tilbúnar sósur eða grunnar. Þá er á hverjum morgni búinn til kraftur úr beinum frá kvöldinu áður. Á einni viku elda kokkar skipsins 12 tonn af kjöti, 12 tonn af sjávarréttum og 12 tonn af kjúklingi. Kjötið er allt unnið í sérstöku kjötvinnsluherbergi. Í bakaríi skipsins er allt bakað frá grunni og til dæmis eru búin til 800 smjördeigshorn daglega og yfir þúsund heilhveitikökur eða „scones“.


Kokkur um borð í Queen Mary 2 útbýr nokkra af þeim sextán þúsund réttum sem fara um eldhús skipsins daglega.

## Stéttaskiptir veitingastaðir

Um borð í Queen Mary 2 eru fimmtán veitingastaðir, fimm sundlaugar, spilavíti, danssalur, leikhús og stjörnuskáli. Einnig má þar finna hundabyrgi og vöggustofu. Queen Mary 2 er eitt af fáum skipum í heiminum þar sem enn má finna leifar af stéttaskiptingu. Það helgast aðallega af því að aðgangur að veitingastöðvum er takmarkaður eftir búsetu farþega á skipinu.

Flestir farþegar snæða í Brittannia sem hefur sæti fyrir 1.350. Princess Grill og Queens Grill eru fyrir „fína fólkið“ í svítunum og stærri klefum. Kings Court býður upp á hlaðborð með mat frá mismunandi löndum. Todd English veitingahúsið þykir fínt en þar þarf að borga aukalega fyrir matinn. Staðurinn heitir eftir vinsælum bandarískum kokki og réttirnir eru svipaðir þeim sem eru í boði á veitingahúsum Todd English í Boston, New York, Las Vegas, Aspen og Washington DC.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Veisluborð úr hráefni frá Innnes eftir Bocuse D´Or akademíuna.



Hröð þjónusta og góð persónuleg samskipti við viðskiptavini eru markmið okkar hjá Innnes. MYND/STEFÁN





Klúbbur matreiðslumanna heimsótti Innnes á dögunum. Við það tilefni var Bocuse D´Or akademían fengin til samstarfs og töfruðu kokkarnir fram ýmsa rétti unna úr hráefni frá Innnes. MYND/INNNES EHF

# Gott vöruval og lausnir hjá INNNES

**Innnes ehf.** er leiðandi innflutnings- og heildsölufyrirtæki á íslenskum markaði með áherslu á hágæða matvörur. Stór hluti vörumerkjanna er markaðsleiðandi í sínum vöruflokki sem gerir Innnes að öflugum valkosti á stóreldhúsa- og veitingahúsamarkaði.

Hröð þjónusta og góð persónuleg samskipti við viðskiptavini eru markmið okkar hjá Innnes. Við erum eitt teymi og leggjum okkur fram um að vera fremst í flokki á markaðnum,“ segir Leifur Örn Leifsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá innflutnings- og heildsölufyrirtækinu Innnes ehf.

Á fyrirtækjasviði eru um fimmtán manns í beinum samskiptum við viðskiptavini hverju sinni. „Við þjónustum allt landið og erum meðal annars með starfsstöð á Akureyri sem sinnir Norðurlandi. Sölufulltrúar okkar eru flestir menntaðir og þjálfaðir á sviði matargerðar. Í okkar teymi eru meðal annars matreiðslumenn, matreiðslumeistarar, bakarar, kjötiðnaðarmenn og matvælaiðnfræðingar. Fagmenntunin er því á víðum grunni og sölumenn með víðtæka þekkingu á sínu sviði,“ segir Leifur. „Söluteymi heimsækir viðskiptavini daglega, viku- og/eða mánaðarlega eftir því sem við á meðan sölufulltrúar okkar á sölu- og þjónustuborði sinna sölu- og þjónustusímtölum frá viðskiptavinum. Við bjóðum mjög fjölbreytt vöruval og lausnir sem henta flestum viðskiptavinum á stóreldhúsa- og veitingahúsamarkaði. Þar má meðal annars nefna að Innnes er eigandi Selecta á Íslandi, sem er markaðsleiðandi í drykkjarlausnum fyrir vinnustaði. Þá er Innnes til dæmis eina heildsalan sem býður ferskt grænmeti.“

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins: **www.innnes.is.**

## FJÖLBREYTT VÖRUVAL

- **Allt fyrir morgunverðarborðið á hótel og gististaði.**
- **Brauð og kökur í mjög fjölbreyttu vöruúrvali.**
- **Allt fyrir pitsastaði.**
- **Ferskt grænmeti í miklu úrvali.**
- **Kjötvörur í fjölbreyttu úrvali.**
- **Krydd, bindiefni og sérlausnir fyrir matvælaiðnaðinn.**



# Framsækið fyrirtæki í örum vexti

Fyrirtækið **Gott í kroppinn ehf.** framleiðir matvæli úr gæðahráefni og hefur hollustu að leiðarljósi. Vörurnar eru seldar til veitingahúsa, mötuneyta og verslana um land allt.

Fyrirtækið Gott í kroppinn ehf. framleiðir alls kyns matvæli úr gæðahráefni. Það er rekið af Heiðrúnu Sigurðardóttur og Sverri Kristjánssyni í stóru iðnaðareldhúsi að Ásbrú í Reykjanesbæ sem hentar starfseminni mjög vel. Sverrir hefur áratuga reynslu af framleiðslu matvæla ásamt því að hafa starfað sem kokkur á veitingahúsum. „Reksturinn hefur gengið vonum framar og skapað rúmlega fjögur störf nú þegar,“ segir hann.

„Síðla árs 2011 hófum við framleiðslu á nokkrum gerðum af matarbökum (quiche) og humarsúpugrunni. Þá hófum við innflutning á kryddi fyrir stóreldhús sem leiddi síðar til þess að við fórum að framleiða krydd til smásölu í verslunum. Síðan hefur hver varan á fætur annarri orðið til,“ segir Sverrir. Strax í byrjun náðu Sverrir og Heiðrún samkomulagi við Danco ehf. um sölu og dreifingu til veitingahúsa og mötuneyta. Síðar kom Ekran ehf. inn í sölu til stóreldhúsa. „Þá erum við í góðu samstarfi við Hagkaup, Fjarðarkaup og Melabúðina varðandi þróun, markaðssetningu og sölu á nýjum vörum en margar verslanir og veitingastaðir á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni bjóða upp á vörur frá okkur.“




Markmið fyrirtækisins Gott í kroppinn hefur frá upphafi verið að framleiða vörur gerðar úr gæðahráefni og er hollusta höfð að leiðarljósi þar sem því er viðkomið. „Viðtökur sýna að það hefur tekist vel og fyrirtækið hefur vaxið frá upphafi. Við erum óhrædd við að fylgja óskum kaupenda um breytingar og viðbætur á vöruflokkum eftir því hver eftirspurnin á markaðnum er hverju sinni. Það nýjasta hjá okkur er framleiðsla á grillsósum og kryddmarineringum fyrir sumarið,“ segir Sverrir.

Gott í kroppinn framleiðir meðal annars humarsúpu/sjávarréttasúpu, grænmetis- og kjötlasanja, heitar og kaldar sósur, pitsubotna og margt fleira, auk þess sem fyrirtækið sérframleiðir vörur fyrir nokkur fyrirtæki. „Við framleiðum einnig franska súkkulaðitertu, eplatertu og hráfæðistertu undir vörumerkinu Matstofan. Toppurinn hjá okkur er svo köldu sósurnar tzaziki, skyr bearnaise og karrý/mangó skyrsósa sem eru allar skráargatsmerktar hágæða hollustuvörur sem hafa náð gríðarlegum vinsældum.“


Gott í kroppinn framleiðir meðal annars humarsúpu, grænmetis- og kjötlasanja, heitar og kaldar sósur, pitsubotna og margt fleira. Viðtökurnar hafa verið vonum framar.

## *Heimsfræg í eldhúsinu*

Hollywood-stjörnum er ýmislegt til lista lagt því auk þess að leika, syngja, dansa og keppa í íþróttum eru þær gestrisnar og iðnar við að bjóða Pétri og Páli upp á dýrindis mat. Hér eru nefndar nokkrar stjörnur sem eiga eigið veitingahús.







- Rokkarinn Jon Bon Jovi á veitingahúsið Soul Kitchen þar sem ekkert verð er gefið upp á matseðli og matargestir borga það sem þeir vilja eða geta fyrir máltíðina.
- Þokkagyðjan Eva Longoria býður gestum upp á latín-steikur á veitingastaðnum Beso í Hollywood.
- Leikkonan Sandra Bullock á veitingahúsið Bess Bistro í Austin í Texas. Þar eru eldaðir bragðmiklir kreóla-réttir.
- Rapparinn Jay-Z á tvo klúbba sem einnig eru veitingahús undir nafninu 40/40 í New York og Atlantic City. Þar má iðulega sjá hann sjálfan í félagi við fleiri fræga.
- Söngkonan Gloria Estefan á veitingahúsið Bongos Cuban Café á Miami í Flórída. Þar er framreiddur kúbverskur matur í suðrænu andrúmslofti og þegar kvöldar breytist staðurinn í næturklúbb.
- Hjartaknúsarinn Ryan Gosling er stoltur eigandi Tagine, glæsilegs marokkósks veitingahúss í Beverly Hills.
- Körfuboltastjarnan Michael Jordan á þrjú steikhús í New York, Connecticut og Chicago. Þau bera öll nafn eiganda síns, Michael Jordan Steakhouse.
- Söngkonan Gladys Knight á veitingahúsið Gladys and Ron's Chicken and Waffles í Atlanta. Þar er boðið upp á hefðbundinn Suðurríkjamat.
- Íslandsvinurinn og leikstjórinn Quentin Tarantino á kóreska grillstaðinn Do Hwa í New York.
- Hollywood-leikarinn Ashton Kutcher á ítalska veitingastaðinn Dole Enoteca í Atlanta.
- Hollywood-stjarnan Robert Redford er eigandi veitingahússins Zoom í Park City, Utah. Þar fæst hefðbundinn bandarískur matur.
- Söngvarinn Justin Timberlake á tvo staði; ítalska veitingahúsið Destion í New York og grillstaðinn Southern Hospitality.
- Stórleikarinn Robert De Niro er einnig eigandi tveggja veitingastaða í New York. Annað er veitingahúsið Locanda Verde í Greenwichhótelinu í Tribeca þar sem borinn er fram ítalskur kráarmatur. Hitt er sushi-veitingastaðurinn Nobu.

# Heimurinn féll fyrir nakta kokkinum

Jamie Oliver er einn af ríkustu mönnum Bretlands eftir velgengni sína í sjónvarpseldhúsinu. Velgengni hans hefur verið einstök frá því hann var uppgötvaður árið 1997.

Jamie Oliver lætur útbúa nýtt eldhús fyrir hverja þáttaröð. Þótt oft sé látið að því liggja að hann sé að elda heima hjá sér er ekki svo. Jamie velur yfirleitt eldhús í nokkurs konar sveitastíl fyrir sjónvarpstökur og bækur. Þar ræður grófleikinn fremur en nýjasta tíska. Í sjónvarpseldhúsi eru þó öll nútímaáhöld við höndina. Stór eyja þar sem sýningin fer fram er nauðsynleg og ofnarnir eru í handhægri hæð. Ferskar kryddjurtir eru mikilvægar í matreiðsluþáttum og setja svip á umhverfið.


Eldhúsið sem Jamie Oliver notaði í þáttunum 30-Minute Meals.

Árið 1997 var Jamie Oliver ungur kokkur á veitingastaðnum River Café sem er ákaflega vel metinn og vinsæll staður. Þar réðu ríkjum þekktir kokkar, Ruth Rogers og Rose Gray, og gestir gátu fylgst með kokkunum elda bak við langborð, ekki ósvipað og er í Kolabrautinni í Hörpu. Ári síðar var ungi kokkurinn með villta ljósa hárið uppgötvaður og fenginn til að gera þáttaröðina The Naked Chef. Þar með fór boltinn að rúlla og stjarna varð til.

Fimmtán árum síðar hafði Jamie Oliver gert 23 matreiðsluþáttaraðir fyrir sjónvarp sem sýndar eru í fjörutíu löndum. Hann hefur skrifað fimmtán matreiðslubækur sem hafa verið seldar í meira en þrjátíu milljónum eintaka, hann kemur að tímaritagerð og nafnið hans tengist 38 veitingastöðum um allan heim. Frægðin og atorkusemin hefur gert hann að 501. ríkasta manni í Bretlandi en ónefndur er matreiðsluskóli hans, ýmsar „live“ uppákomur víða um heim og allar vörurnar – bæði eldhúsáhöld og matvara sem bera nafnið hans. Þar að auki er hann andlit matvörukeðjunnar Sainsbury. Jamie verður 38 ára hinn 27. maí næstkomandi. Hann er orðinn að stórveldi á viðskiptamarkaðnum. Jamie hefur vingast við kóngafólk, stjórnmálamenn sem aðrar frægar persónur í Bretlandi og víðar. Jamie og eiginkona hans, Jools (Juliette Norton), eiga fjögur börn og fyrirtæki þeirra er talið nokkurra hundraða milljarða virði. Jools starfaði sem fyrirsæta þegar þau kynntust. Hjónin eiga stórt einbýlishús í Primrose Hill og annað hús í Essex.

Jamie heitir fullu nafni James Trevor Oliver. Hann ólst upp í Claverin í Essex í Englandi þar sem foreldrar hans ráku krá. Hans fyrsta starf á veitingastað var hjá hinum fræga ítalska matreiðslumanni Antonio Carluccio, þar sem ítölsk matreiðsla heillaði hann upp úr skónum. Þar kynntist Jamie leiðbeinanda sínum, Gennari Contaldo. Eftir að hafa starfað hjá Carluccio um tíma flutti hann sig yfir á ítalska veitingahúsið The River Café þar sem BBC uppgötvaði hann.

Margir telja að Jamie færist of mikið í fang en að sama skapi er sagt að hann sé afburðasnjall og afkastamikill maður þótt ekki hafi hann langa skólagöngu að baki.

### Uppáhaldspasta Jools

Þennan pastarétt eldar Jamie oft fyrir konu sína og segir að taki örfáar mínútur að laga. Rétturinn er í miklu uppáhaldi hjá Jools, enda hollur og góður. Uppskriftin er fyrir sex.

Ólífuolía
1 rauður laukur, smátt saxaður
1-2 chilipipar, fræhreinsið og saxið smátt
1 msk. kanill
Lófafylli af ferskri basilíku, blöðin tekin af stönglum en þeir síðan saxaðir
2 dósir niðursoðnir plómutómatar (vönduð tegund)
2 dósir (300 g hver) túnfiskur (vönduð tegund)
Sjávarsalt og nýmalaður pipar
500 g rigatone eða penne pasta
Safi og börkur af 1-2 sítrónum
Handfylli af rifnum parmesanosti

*Þegar sósan er gerð er ólífuolía sett á þykkbotna pönnu (ef notaður er túnfiskur í olíu þá er gott að nota þá olíu) og laukur, chilipipar, kanill og basilíkustilkarnir settir á meðalheita pönnuna og laukurinn látinn mýkjast í 5 mínútur. Þá er sett á fullan hita og tómatar, túnfiskur og salt sett út í. Skerið tómatana í sundur með skeið á pönnunni. Látið malla í 20 mínútur og bætið vatni út í ef þarf.*

*Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum á umbúðum og þerrið síðan. Geymið hluta af pastavatninu.*

*Setjið pastað út í sósuna og bætið basilíkulaufum saman við, ólífuolíu, sítrónusafa og berki ásamt parmesanostinum. Losið um pastað, ef þarf, með örlitlu af soðvatninu.*



Stílhrein eldhúsinnrétting hjá ÁTVR.



Afar falleg innrétting á veitingahúsinu Nauthóli.



Innrétting frá Fastus í Dimmuborgum.



Eldhúsið hjá Hjallastefnunni.

# Fastus – gæði og góð ending

**Fastus býður upp á gott úrval af eldunartækjum og borðbúnaði frá vönduðum framleiðendum. Reynslumiklir starfsmenn Fastus veita ráðgjöf við val á réttu tækjunum en viðskiptavinir Fastus eru fjölbreyttir; allt frá hótelum og veitingahúsum til skipaútgerða og þvottahúsa.**

Þegar fest eru kaup á atvinnueldhúsi er mikilvægt að velja réttu tólin og tækin. „Gæði og ending tækjanna eru mikilvæg auk þess sem þau þurfa að henta þeirri starfsemi sem fram á að fara á viðkomandi stað. Ekki er gott að keypt séu tæki sem eru mjög flókin nema þess sé þörf," segir Örn Guðmundsson, deildarstjóri fyrirtækjasviðs Fastus, en sala á búnaði til atvinnueldhúsa er stór hluti af starfsemi fyrirtækisins. Örn segir einnig mikilvægt að kennsla á tækin fylgi í kjölfar uppsetningar.

Hjá Fastus starfar fjöldi reynslumikilla starfsmanna með ólíkan bakgrunn sem geta aðstoðað og leiðbeint viðskiptavinum við val á tækjum. „Hér starfa meðal annars matreiðslumeistarar og tæknimenn við bæði sölustörf og ráðgjöf sem kemur sér vel fyrir fjölmarga viðskiptavini okkar. Einnig er hönnun og ráðgjöf í samstarfi við arkitekta, veitingamenn og aðra hönnuði stór hluti af starfi sölumanna Fastus."

Viðskiptavinir Fastus eru mjög fjölbreyttir og koma úr ólíkum atvinnugreinum, allt frá skipaútgerðum og þvottahúsum til bakaría og matvælafyrirtækja. „Skólamötuneyti og önnur mötuneyti eru einnig fjölmennur og mikilvægur viðskiptamannahópur hjá okkur sem og hótel og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu," upplýsir Örn. „Fastus hefur þó lengstum sérhæft sig í hótel- og veitingageiranum ásamt mötuneytum og atvinnueldhúsum." Meðal þeirra fyrirtækja sem nýtt hafa sér þjónustu Fastus má nefna Grillmarkaðinn, Nauthól, Háskólann í Reykjavík, Marina Hótel, ISS, Krydd og kavíar, Rauðku, ÁTVR, Arion banka, Baðhúsið Mývatni, Hörpuna og Ikea. „Ekki má gleyma heilbrigðisgeiranum en stór hluti starfsemi okkar snýst um að þjóna honum. Þar höfum við á að skipa úrvals starfsfólki eins og annars staðar en í þeirri deild starfa meðal annars hjúkrunarfræðingar, líffræðingur, sjúkraþjálfari, iðjuþjálfi og fleiri sem sérhæfðir eru á þeim markaði," segir Örn.

Fastus býður upp á fjölbreytt úrval gæðavara frá leiðandi framleiðendum á sviði eldunartækja. Þar má meðal annars nefna eldhústæki frá Convotherm, Hounö, Metos, Ilsa, Wexiödisk, Hobart, Taylor og fleiri aðilum. „Fastus býður einnig upp á fjölbreytt úrval af borðbúnaði frá mörgum birgjum. Þar má nefna fremstan í flokki glasaframleiðandann Arc International og postulín frá RAK og Figgjo, sem eru þekkt gæðamerki, auk þess sem við seljum einnig hnífapör frá ýmsum gæðaframleiðendum," segir Örn og nefnir að húsögn, innréttingar, þvottavélar og annar búnaður fyrir þvottahús séu einnig mikilvægar söluvörur hjá Fastus. „Eins og sjá má komum við víða við og bjóðum upp á breitt vöruúrval fyrir ólíkar gerðir fyrirtækja."

Að sögn Arnar er viðgerða- og varahlutaþjónusta Fastus mjög mikilvægur hluti starfseminnar. „Það er mjög mikilvægt að fólk geti treyst slíkri þjónustu. Við erum í samstarfi við fyrirtækið X-Tækni ehf. sem hefur á að skipa úrvalsmannskap með áratuga reynslu í þjónustu á þessum markaði. Viðskiptavinir okkar eru því í góðum höndum þar."

Allar nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Fastus má nálgast á vef fyrirtækisins, www.fastus.is.



Í eldhúsinu á veitingahúsinu Nauthóli.



Starfsmenn fyrirtækjasviðs Fastus geta veitt góð ráð við val á stóreldhúsi.




Stór hluti af starfi BAKO ÍSBERG felst í ráðgjöf til hönnuða, matreiðslumanna, veitingamanna, bakara og annarra fagmanna sem starfa í matvælageiranum. MYND/GVA

# Mesta úrval borðbúnaðar fyrir veitingahús

Hjá **Bako Ísberg** er mesta borðbúnaðarúrval fyrir veitingahúsageirann sem völ er á. Þar fást einnig mest seldu gufusteikingarofnar í heimi, uppþvottavélar, hægsteikingarofnar, kæli- og frystiklefar og margt fleira.

Vöruúrvalið hjá BAKO ÍSBERG ehf. er breitt og framleiðendurnir margir. Mikið úrval er af postulíni frá þekktum framleiðendum, svo sem Villeroy&Boch, Steelite, Ziehr og Brönnum. „Einnig erum við með vönduð hnífapör frá WMF og Pintinox sem og mikið úrval af glervöru frá Libbey. Við erum ákaflega stolt af vöruúrvalinu og er það mjög aðgengilegt í sýningarsal okkar að Kletthálsi 13,“ segir Guðmundur Kr. Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Eitt sterkasta vörumerki BAKO ÍSBERG er RATIONAL-gufusteikingarofnar. „RATIONAL eru mest seldu gufusteikingarofnar í heiminum og er Ísland þar engin undantekning. Fremstu veitingahús landsins nota slíka ofna og má sem dæmi nefna Bláa lónið, RadissonBlu, Hótel Sögu, Hilton, Hótel Geysi, Grand Hótel, Munnhörpuna og fleiri,“ segir Guðmundur.

Af öðrum vörumerkjum nefnir hann Winterhalter uppþvottavélar, Electrolux eldhústæki, Blanco stálvörur og Alto Shaam hægsteikingarofna, Viessmann kæli- og frystiklefa, Jöni veltipotta, veltipönnur og eldavélar, Northmace vörur fyrir hótelherbergið og margt fleira.

Stór hluti af starfi BAKO ÍSBERG felst í ráðgjöf til hönnuða, matreiðslumanna, veitingamanna, bakara og annarra fagmanna sem starfa í matvælageiranum. „Starfsfólk BAKO ÍSBERG hefur á undanförnum 26 árum hannað og sett upp hundruð eldhúsa og veitingarýma þannig að reynslan er gríðarlega mikil.“

Helstu verkefni BAKO ÍSBERG ehf. um þessar mundir eru bakarí og þjónustueldhús Kaffitárs, Saltsnýs veitingastaðar á Egilsstöðum, tæki og innréttingar fyrir Bláa lónið, breytingar á eldhúsi utanríkisráðuneytisins og búnaður í matsal Alcoa á Reyðarfirði svo dæmi séu nefnd.

Þjónustudeild BAKO ÍSBERG er vel mönnuð. Þar starfar rafiðnfræðingur og löggiltur rafvirkjameistari ásamt faglærðum rafvirkjum sem sækja reglulega námskeið hjá framleiðendum sem BAKO ÍSBERG ehf. hefur umboð fyrir.

## *Uppþvottavélar urðu algengar upp úr 1970*

Joel Houghton fékk fyrsta einkaleyfið á uppþvottavél í Bandaríkjunum árið 1830. Vél Houghtons var smíðuð úr tré og handknúin. Vatn sprautaðist á leirtauið meðan því var snúið í hálfgerðri tromlu. Vélin var bæði hægvirk og óáreiðanleg.



Joel Houghton fékk einkaleyfi á handknúinni uppþvottvél úr tré árið 1830. Vélin þótti hægvirk og óáreiðanleg og náði ekki vinsældum.

Árið 1865 fékk L.A. Alexander einkaleyfi á uppþvottavél sem var ekki ósvipuð vél Houghtons. Vél Alexanders var handknúin, en leirtauinu var raðað í grindur. Hvorki vél Houghtons né Alexanders náðu vinsældum.

Árið 1887 fann Josephine Cochrane upp uppþvottavélina sem nútíma uppþvottavélar eru byggðar á. Vél Josephine var handknúin eins og fyrri vélarnar og var frumsýnd á Heimssýningunni í Chicago árið 1893. Josephine var af auðugum ættum, barnabarn Johns Fitch sem fann upp gufubátinn. Sjálf hafði hún aldrei þvegið upp einn einasta disk en hún fann upp vélina þar sem henni fannst þjónustulið hennar rispa postulínið.



Snemma á nítjándu öld fóru menn að þróa vélar til að losna við uppvaskið. NORDICPHOTOS/GETTY

Uppþvottavélar með innbyggðum vatnslögnum komu á markaðinn árið 1920. Englendingurinn William Howard Livens fann upp litla uppþvottavél fyrir heimiliseldhús árið 1924 en sú vél var að mörgu leyti eins samsett og uppþvottavélar eru í dag, með opnanlegum hlera að framan, vírgrindum sem leirtauinu var raðað í og vatnsúðara sem snerist. Vél Lievens náði þó ekki vinsældum á markaði. Þó var rafknúnu þurrkkerfi bætt við árið 1940.

Fyrstu uppþvottavélarnar voru frístandandi tæki. Með tilkomu eldhúsbekkja veggja á milli og staðla um vinnuhæð borða og bekkja þróuðust uppþvottavélarnar einnig í staðlaðar stærðir og hurfu undir vinnuborðin.

Í kringum árið 1970 voru uppþvottavélar orðnar algengar á heimilum. *Heimild: Wikipedia.org*



Ill meðferð á sparistelli Josephine Cochrane varð til þess að hún fann upp uppþvottavél.





Veitingastaðir Kaffihús Barir Hótel Bakarí Verslanir Mötuneyti
STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
**Við hjá Stóreldhús ehf. sérhæfum okkur í heildarlausnum fyrir hótel, veitingahús, bakarí, bari, kaffihús, skyndibitastaði, mötuneyti og verslanir.**
Okkar þjónusta fellst í lausnum fyrir ofangreindan rekstur, getum séð um hönnun, uppsetningu og afgreiðslu alls búnaðar s.s. eldunartækja, kæla, frysta, afgreiðslubúnaðar (heitt og kalt) og húsgagna ásamt fylgihlutum.
Kynnið ykkur heimasíðu okkar
**www.kitchen.is**
þar sem hægt er að skoða fjöldann allan af myndum, verkefnum og nokkra af okkar birgjum.
STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
Stóreldhús ehf.
Tunguhálsi 1
110 Reykjavík
Sími 534 3800
www.kitchen.is

## ÝTT UNDIR HEILSUSAMLEGRA FÆÐUVAL

**Smarter lunchrooms** er hreyfing sem var stofnuð af landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna árið 2009 með það að markmiði að hvetja til skólamötuneytisreksturs sem ýtir undir það að nemendur velji heilsusamlegri kost. Markmiðið er að rekstraraðilar mötuneyta fái í hendurnar vitneskju um aðferðir til að bæta fæðuval barna og er allt kapp lagt á að sú vitneskja byggi á vísindalegri þekkingu um atferli manna.

Það að bjóða hollari kost tryggir ekki endilega að börnin velji að borða hann og þarf oft meira til. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt að með því að segja börnum að teiknimyndahetjur eða aðrar mikilvægar fyrirmyndir í lífi þeirra borði ávexti og hafa jafnvel mynd af þeim við ávaxtastandinn aukast líkurnar á að þau velji ávexti fram yfir til að mynda franskar. Þá virðist það hafa jákvæð áhrif að gefa matnum skemmtileg nöfn. Bragðeiginleikar og hentugleiki hafa sömuleiðis mikil áhrif á fæðuval en lengi vel hefur aðgengi að óhollum mat sem fljótlegt er að kippa með sér verið meira en að hollum mat og heilsusamlegu millimáli. Ef aðgengi að hollustu er gott eru meiri líkur á að hún verði fyrir valinu og því er mikilvægt að hafa gott úrval heilsusamlegra matvæla á boðstólum og stilla þeim þannig upp að aðgengi sé með besta móti.



Nánari upplýsingar má finna á: smarterlunchrooms.org

## KVIKMYNDAELDHÚS

**Ýmsar klassískar** kvikmyndir innihalda ógleymanleg atriði sem gerast í eldhúsi. Í Jurassic Park eftir Steven Spielberg gerist eitt eftirminnilegasta atriði myndarinnar í stóru eldhúsi í garðinum. Börnin tvö, Tim og Lex, eru föst þar inni á meðan smávaxnar en afar svangar og ógnvekjandi risaeðlur reyna að finna þau. Börnin nýta sér aðstæðurnar vel og bjargast að lokum. Eitt af mörgum frábærum atriðum Kill Bill-seríunnar eftir Quentin Tarantino gerist meðal annars í eldhúsi í rólegu úthverfi í Bandaríkjunum. Þangað heimsækir Brúðurin, leikin af Umu Thurman, Vernitu Green sem er svo óheppin að vera efst á dauðalistanum. Eftir slagsmál hitar Vernita sér kaffi í eldhúsinu og íhugar næstu skref, vitandi að byssan hennar er í morgunkornspakkanum. Woody Allen leikur gjarnan veiklundaða karlmenn sem hræðast margt. Í Annie Hall frá 1977 berst hann við lifandi humra í eldhúsinu með misjöfnum árangri. Þeir sleppa undan og hann reynir að lokka einn þeirra undan ísskápnum með smjörsósu og hnetubrjót en án árangurs.



Jurassic Park

## STÓRFRAMLEIÐENDUR MATVÆLA

**Tíu stærstu** matvælaframleiðendur heims framleiða stóran hluta þeirra matvæla sem við neytum á hverjum degi. Allt frá morgunverði til hádegis- og kvöldverðar auk flestra millibita þar á milli. Fyrirtækin stóru sem um ræðir eru Coca Cola, Pepsico, Mars, Johnson & Johnson, General Mills, Nestlé, Kraft, P & G, Kellogg's og Unilever. Við byrjum daginn á því að fara í sturtu og raka okkur með vörum frá þessum fyrirtækjum. Stór hluti morgunkorns sem við neytum er einnig frá þeim. Kaffisopinn í vinnunni gæti verið framleiddur hjá þeim og ef við skreppum út í hádegismat og kaupum skyndibita er líklegt að máltíðin eigi rætur að rekja til þeirra. Millibiti dagsins, til dæmis kornstöng, súkkulaði, svaladrykkur eða kex, gæti verið framleiddur hjá risunum. Eftir vinnu skellum við okkur í ræktina og súpum á orkudrykk sem líklegast kemur frá sömu fyrirtækjum. Þegar við eldum kvöldmat notum við oft hráefni frá þeim auk þess sem sum gæludýr heimilisins fá bita úr framleiðslu þeirra. Við endum síðan daginn á því að bursta tennurnar, oftast með tannkremi frá þeim.





ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**

Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Grasslátt og umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu




mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.



**9. MAÍ LAGERHREINSUN**

Bara þennan eina dag Kjóll á mynd 1.998,- m/afsl. Lufsa 2.995,- m/afsl. Verð á lagerhreinsun: 495,- til 2.995,- 30% afsláttur af öllum öðrum vörum. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000.

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

Þjóðbúningar silfur, víravirki og styttan „Systurnar" eftir Guðmund frá miðdal til sölu. Nánari upplýsingar í s. 776 2323.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningar og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**TIL BYGGINGA**

Til sölu (leigu) flekamót fyrir krana. Mótin eru 3,05m á hæð og í nokkrum lengdum upp í 12m. Mótin eru auðveld í notkun og skila góðum árangri. Auðvelt að hækka upp þegar steypt er 2 eða 3 hæða hús. Ástir vinnupallar. Hægt að fá magn sem passar nákvæmlega í hverja byggingu. Uppl. Sími 840-6100.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2 herb. íbúð í efra Breiðholti til leigu. 3 mánuðir fyrirfram. Laus eftir 15. maí Uppl. í s. 897 7151 eftir kl. 17.

Jesús elskar þig trúðu á hann, snúðu frá syndum þínum byrjaðu að lesa Biblíuna og farðu á samkomur eða í kirkju.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**LÆKNIR LEITAR LEIGUHÚSNÆÐIS**

Miðsvæðis, langtímaleiga, helst með húsgögnum, sem fyrst. Allt kemur til greina. S. 898 1357. Jakob 7777777@hotmail.com

Óska eftir einstaklings íbúð eða góðu herbergi með aðgang að öllu. Uppl. í s. 692 5557.

Reglusamur maður utanað landi óskar eftir herbergi. Uppl. í s. 848 9096 milli k. 15 - 18.

Tveir reglusamir einstaklingar sem eru í vinnu óska eftir íbúð til leigu. Greiðslugeta 100-140 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 844 6547.

Óska eftir 4 herb. Íbúð helst í Grafarvogi til leigu frá 1 september ath leita eftir langtímaleigu Meðmæli ef óskað er Uppl. í síma 772-6658.

## Húsnæði til sölu

**SJÓMENN**

TRILLUKARLAR - Til sölu gott hús við höfnina í Ólafsvík ca 300m 2 Húsið er einn salur með lofti yfir að hluta þar sem eru gisti og eldunaraðstaða. Góð kjör Uppl. Síma 840-6100.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**ÁRTÚNSHÖFÐI-VINNUSTOFA**

Til leigu Björt og rúmgóð vinnustofa á Ártúnshöfða. Sími 861 8011

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

Fyrst.is

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**

Verslunar - Skrifstofu - Iðnaðar og Lagerhúsnæði

- Allar mögulegar stærðir -

**Hafðu samband. jonvikingur@fyrst.is, Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.IS
VEISLA Í KÖBEN !
12 GLÆSILEGAR HÓTEL-ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU.
FLENSBORGGADE 39
VORIÐ ER KOMIÐ Í KÖBEN
PANTIÐ 3 VIRKA DAGA BORGIÐ AÐEINS 2 VIRKA DAGA
Finnið daga á www.ibudikoben.is
Nánari uppl. í s. +45 27 11 10 38
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Framtíðarstarf. Heildsala óskar eftir starfskrafti í 70% vinnu. Umsóknir og upplýsingar sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

SÓMI

**SÓMA SAMLOKUR**

Óskum eftir að ráða starfsfólk í vinnslusal, framtíðarstarf. Einungis reglusamt og stundvíst fólk kemur til greina.

**Umsóknir berist á staðinn milli kl. 10-14. Sómi efh. Gilsbúð 9. Garðabæ.**

REGNBOGINN - leikskóli -

**LAUS STAÐA**

Vegna fæðingarorlofs leitum við eftir einstaklingi sem er ljúfur í lund, ábyrgur og samstarfsfús til starfa næsta skólaár. Best væri að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst. Rík áhersla er á umhyggju, virðingu og gleði í öllum samskiptum og eru það lykilhugtök í öllu daglegu starfi skólans.

**Áhugasamir sendi tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899-2056 eða 557-7071 Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

SÓLAR

Sólar ehf leitar að fólki í 50-100% starf við spítalaþrif. Nánari upplýsingar í s.820-4011 Katarzyna milli 10-16 v.d.

Castello PIZZERIA

Óskar eftir þjónustuliprum starfsmönnum í hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is eða í s. 824 1221 e. kl. 10.

Auglýsi kennarastarf í Grsk. í Hofgarði Öræfum. Umsóknarfrestur til 15. maí. Pálína, sími 478 1672 / 894 1765.

Hressingarskálinn leitar að reynslurikum eldhússtarfsmanni í fullt starf og hlutastarf. Áhugasamir sendið ferilskrá á glennmoyle@gmail.com

## Atvinna óskast

Nemi í húsgagna- og innréttingasmíði frá Tækniskólanum óskar eftir í vinnu. Uppl. í s. 841 2140, Jógvan Símonsen

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SPJALLDÖMUR 908 5500**

Ertu einmanna?
Langar þig til þess að tala við símadömu.
Opið þegar þér hentar, hlökkum til að heyra í þér.

**HUGGULEG KONA**

leitar tilbreytingar með karlmanni. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8566.

**HEIT KONA (34)**

leitar einhleyps karlmanns. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8857.

**SLÖKUNARNUDD,**

Kona auglýsir nudd. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8357.

**HLIÐARSPOR? ÆVINTÝRI?**

Auglýstu frítt hjá Rauða Torginu, s. 5535-9922.

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## skemmtanir

Boltinn í beinni

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



Hljómsveitin Upplyfting spilar í kvöld.

Allir velkomnir.

GULLNÁMAN

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Jófríðarstaðavegur - Hf. -
Einbýli/Tvíbýli.



Nýkomið mjög fallegt tvílyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals ca. 260 fm. Húsið skiptist m.a. þannig. Efri hæð : stofur, eldhús, sjónvarpsskáli, 2-3 herb. Baðherbergi. Svalir ofl. Neðri hæð: Bílskúr, mjög góð 2ja herb.íbúð ofl. Fallegur garður,gróður hús. Róleg, góð og frábær staðsetning. Hornlóð. Útsýni. **Verð 53,9 millj.**

### Háaberg Hf -
Einbýli



Glæsilegt einbýli á tveimur hæðum um 230 fm með bílskúr. Vel staðsett á frábærum útsýnisstað í Setbergslandi í Hafnarfirði.Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, sólstofu, borðstofu, eldhús og stofu, bílskúr og herbergi inn af. Á neðri hæð er anddyri, gangur, tvö (þrjú) herbergi, hjónaherbergi með fataherbergi inn af, baðherbergi, geymsla og þvottahús. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Skipti möguleg.
**Verð 56,9 millj.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

---

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

### Hraunbær 192, 5 herb.




**Opið hús í dag kl. 17-18**
**ATH. laus strax.** Ágæt 5 herb. 138,3 fm. íbúð á 2. hæð í fimm íbúða fjölbýlishúsi ofarlega í Árbænum. Fjögur svefnherb. og þvottahús innan íbúðar. Húsið hefur verið yfirfarið og málað að utan og klætt á austurgafli á síðustu 2-3 árum.
**Verð kr. 26 millj. Til sýnis í dag kl. 17-18. Uppl. veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.**

### Matsölustaður - Gott tækifæri



Til sölu húsnæði , tæki og innréttingar matsölustaðarins Ömmu Habby á Súðavík. Húsið er byggt 1988 og er vel staðsett við sjávarsíðuna og fyrir framan staðinn er stór malbikuð lóð með þvottaplani. Staðurinn rúmar 35 manns í sæti og er vel tækjum búin og í góðu ástandi. Góð velta hefur verið yfir ferðamannatímann og hafa m.a. verið mikil viðskipti við erlenda veiðimenn af strandveiðibátum. Hér er gott tækifæri til að skapa sér atvinnu í fallegu umhverfi þar sem hefur verið mikil aukning ferðamanna. **Verð: 7,9 m. Allar nánari upplýsingar veitir Brynjar s: 533-6050 eða 698-6919**

## atvinna

### SMIÐIR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

### VERKAMENN

ERUM MEÐ VANA VERKAMENN
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

### Verkmenntaskóli Austurlands auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:

- **kennari í vélstjórn 100% starf**
- **kennari í rafiðn 100% starf**
- **kennari í málmiðn 50% starf**

Umsækjandi þarf að hafa framhaldsskólakennararéttindi

- **Sérkennari í 50% starf**

Laun eru samkv. kjarasamningi KÍ og ríkissjóðs

**Umsóknarfrestur er til 15.maí 2013**

Starf hefst 1. ágúst 2013
Umsóknir sendast til skólameistara VA , Mýrargötu 10, 740 Fjarðabyggð eða tjul@va.is

Allar nánari upplýsingar gefur skólameistari í síma 4771620. Öllum umsóknum verður svarað.

### Grunnskólakennarar

### Viltu starfa í uppbyggilegu og metnaðarfullu umhverfi?

Við Grunnskólann í Sandgerði vantar áhugasama grunnskólakennara sem vill taka þátt í uppbyggilegu og metnaðarfullu starfi. Alls eru 220 nemendur í 1.-10. bekk í Sandgerði. Sjá nánar um skólann á www.sandgerdisskoli.is.

**Skólinn óskar eftir grunnskólakennurum í eftirfarandi störf:**

- **Umsjónarkennarar á yngsta- mið og elsta stigi**
- **List og verkgreinakennara**
- **Almenna kennslu á mið- og elsta stigi**

Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af kennslu og starfi með börnum. Leiðarljós skólans eru vöxtur, virðing, vilji og vinátta og endurspeglast þau í daglegu starfi skólans. Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar. Viðkomandi kennari þarf að vera tilbúinn að setja sig inn í starfshætti skólans og geta hafið störf frá og með 1. ágúst 2013.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2013.**
Nánari upplýsingar veitir: Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, skólastjóri fanney@sandgerdi.is og og Elín Yngvadóttir, aðstoðarskólastjóri eliny@sandgerdi.is.
Sími skólans er 420 7500

## fasteignir



**Opið hús fimmtud. 17. maí frá kl: 16-16:30**

Falleg 4-5 herbergja sérhæð með bílskúr við Rauðalæk í Reykjavík. Íbúðin er skráð 120,8 fm auk 30,9 fm sérstæðum bílskúr, sérinngangur. Eign á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík. Bílskúrinn er fullbúinn með rafmagni og hita, nýleg hurð. Gluggar nýlega yfirfarnir og endurnýjaðir að hluta og hús múrviðgert og málað að utan. **V. 42 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson**
sölufulltrúi
**sími:** 695 9500
hilmar@miklaborg.is

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Allar nánari upplýsingar um eignina veitir: Hilmar Jónasson í S: 695-9500 eða á netfangið hilmar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## fundir / mannfagnaður

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

### Opinn fundur um skipulagsmál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar boðar til opins fundar um nýja tillögu að deiliskipulagi miðbæjarins á Selfossi. Höfundar tillögunnar kynna tillöguna og svara fyrirspurnum fundarmanna. Fundurinn verður haldinn mánudaginn 13. maí n.k. kl. 16,00 í norðursal Ráðhúss Árborgar, Austurvegi 2, 3.hæð Selfossi. Fundurinn er öllum opinn.

Selfossi 8. maí 2013
Bárður Guðmundsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

### Aðalfundur

Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 23. maí 2013 kl. 20 í SÍBS húsinu að Síðumúla 6 (gengið inn baka til).

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna. Önnur mál. Veitingar í lok fundar.
Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórn Samtaka lungnasjúklinga

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

---

### Lautasmári 1
201 Kópavogur
Penthouse með stórkostlegu útsýni

Stærð: 150,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1998
Fasteignamat: 34.600.000

**RE/MAX Lind**




**Miðvikudaginn 8 maí kl 18:00-18:30**
**Verð: 39.900.000**

RE/MAX LIND kynnir mjög fallega og vandaða penthouse íbúð (11hæð) með stæði í bílageymslu. Einstakt útsýni,eignin er á tveimur hæðum með mikilli lofthæð, tvennum svölum. Svalir út frá stofu yfirbyggðar. Rúmgott eldhús sem hefur verið endurnýjað, hvít sprautulökkuð innrétting, granít borðplata. Rúmgóð stofa og borðstofa. Tvö parketlögð barnaherbergi. Sjónvarpsrými. Tvö flísalögð baðherbergi. Á annarri hæð er hjónaherbergi með baðherbergi innaf og útgengi út á góðar svalir.

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008

Kristín
Sölufulltrúi
8244031

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl
5107900

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is




**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# BUBBI
## er lentur í Skífunni




**BUBBI**
**STORMURINN**

Stormurinn er ný plata frá Bubba en Bubbi er á gamalkunnum slóðum á Storminum því að miklu leyti er hann hér einn á ferð með kassagítarinn einan að vopni.

Stormurinn er að sögn Bubba ljúf plata en einnig pólitísk. Hún er beitt og einföld.

Tilboðsverð
**2.699**
Fullt verð 3.099,-

**BUBBI ÁRITAR**
nýju plötuna í Skífunni Kringlunni frá kl. 16 í dag




**Kaupauki***

***Ef þú kaupir Storminn og eina af eldri plötum Bubba þá fylgir 06.06.06 á DVD með í kaupbæti.**

## Eldri plötur Bubba á tilboði, verð frá 999




S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT 2.** sía, **6.** öfug röð, **8.** kvikmyndahús, **9.** krass, **11.** berist til, **12.** ávöxtur, **14.** stopp, **16.** hróp, **17.** stormur, **18.** seyði, **20.** ung, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT 1.** dægurlagatónlist, **3.** í röð, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** samtíningur, **7.** saumspor, **10.** upphaf, **13.** blóðhlaup, **15.** greinilegur, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sáld, **6.** on, **8.** bíó, **9.** pár, **11.** bt, **12.** plóma, **14.** stans, **16.** óp, **17.** rok, **18.** soð, **20.** ný, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** popp, **3.** áb, **4.** líbanon, **5.** dót, **7.** nálspor, **10.** rót, **13.** mar, **15.** skýr, **16.** ósa, **19.** óð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Þorvarður Fannar Ólafsson gerði sér lítið fyrir og sigraði á Öðlingamóti TR, sem lauk fyrir skemmstu, annað árið í röð. Í fyrstu umferð hafði hann hvítt gegn Kjartani Mássyni sem lék síðast 30. -b4?.**



Þorvarður lék hér 31. Hxc8! sem vinnur mann eftir 31. -Hxc8, 32. Bxe6+ og svo 33. Bxc8. Sævar Bjarnason varð annar á mótinu.

**www.skak.is** Hraðskákmót öðlinga hefst í félagsheimili TR í kvöld kl. 19.30. Opið öllum 40 ára og eldri.

## BAKÞANKAR

**RAGNHEIÐAR TRYGGVADÓTTUR**



# Borgardama bíður eftir vori

**ÉG** skellti mér í drifhvítum strigaskóm í vinnuna í morgun. Skildi úlpuna eftir heima og renndi ekki einu sinni upp jakkanum. Batt þó á mig trefil. Á leiðinni minnti ég sjálfa mig á að kaupa sólarvörn á krakkana í næstu innkaupaferð. Það styttist í að sólin fari að verma á þeim kinnarnar þótt svalt hafi verið í veðri undanfarið. Glænýju sólgleraugun voru í vasanum.

**ÉG** var létt í spori. Þetta var fyrsti dagurinn að mér fannst þar sem hitastigið úti var í einhverju samhengi við það sem mér sýndist út um gluggann. Ekki sama svikula gluggaveðrið og hafði lokkað mig út illa klædda dag eftir dag. Ég hafði margsinnis látið blekkjast. Barmaði mér síðan yfir nefrennslinu sem ég uppskar. Reyndi að ná úr mér hrollinum með heitu kakói og fjargviðraðist yfir „ótíðinni“.

**ÓTÍÐIN** hafði verið vinsælt umræðuefni á kaffistofunni síðustu vikurnar og í raun í allan vetur. Fólk var orðið langeygt eftir betri tíð og fannst veturinn engan endi ætla að taka. Kvartaði yfir því hvað umferðin um göturnar gekk hægt í slyddunni. Það hafði meira að segja snjóað einn morguninn svo hvítnaði niður í svörð. Þótt snjóinn hafi allan tekið upp eftir hádegi sama dag var þetta engu lagi líkt, svona í apríl! En nú var vorið handan við hornið, loksins.

**ÞAR** sem ég renndi yfir fréttir dagsins rak ég augun í litla frétt úr minni heimasveit norðan heiða. Fréttinni fylgdi mynd. Þar mátti sjá jeppa ekið gegnum djúp snjógöng svo ruðningarnir náðu yfir bílþakið. Myndin var tekin daginn áður. Í sveitinni minni hefur snjóinn ekki tekið upp síðan í september og víða eru margir metrar enn niður í jörð. Þar snjóaði síðast í gær.

**ÞEGAR** kom að heimferð ætlaði ég ekki að trúa mínum eigin augum. Það var að sjálfsögðu farið að rigna, og ég á hvítu strigaskónum.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 5 | | 3 |
| | 2 | | 7 | 3 | | | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | | | | 3 | 4 | 1 | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 6 | 8 | |
| | 5 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| 7 | | | 6 | | | 8 | | 2 |
| | | 8 | | 5 | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | 1 | | | 3 |
| 8 | | | | 9 | | 7 | | 2 |
| | | 5 | | | 4 | 6 | | |
| 5 | | | 3 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | 4 | | | 3 | 7 | |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 1 | | |
| | 7 | 8 | 1 | | | | | |
| 6 | | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 5 | 9 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| | | 5 | 6 | | | | | 7 |
| | | 2 | | | 6 | | 1 | |
| 1 | | 9 | | 2 | | | 7 | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 9 | | 8 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



netto
Kræsingar & kostakjör

# MÉR FINNST RIGNINGIN GÓÐ
## TRALALALALA...



## POLLAGALLAR
STÆRÐIR 1-7 ÁRA KR. 4.998

## GÚMMÍSKÓR
STÆRÐIR 25-35 KR. 2.498



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Hvalavinir skreppa í golf

BÆKUR ★★★★★

**Hinir réttlátu**
Sólveig Pálsdóttir
**JPV**




Sólveig Pálsdóttir sendi frá sér sína fyrstu bók, Leikarann, fyrir tæpu ári. Þar var á ferð nokkuð hefðbundinn krimmi sem lofaði góðu um framtíð höfundarins. Hinir réttlátu standa ekki alveg undir þeim væntingum, en jafnan er haft fyrir satt að önnur bók höfunda standi þeirri fyrstu nokkuð að baki, svo vonandi segir það ekkert um framhald þessarar glæpasagnaraðar.

Glæpasagnaröð segi ég, enda er hér sama lögguteymi að störfum og í Leikaranum. Áherslan hefur þó flust aðeins til, Guðgeir, stjórnandi teymisins, hefur að mestu stigið til hliðar við kastljósið og eftirlátið Særós, samstarfskonu sinni, aðalhlutverkið í þessari bók. Andrés er hér í algjöru aukahlutverki og sömuleiðis Guðrún sem er fjarri góðu gamni í barneignarleyfi.

Særós reynist ekki vera eins áhugaverð persóna og leit út fyrir í Leikaranum, nánast stöðluð lýsing á barni úr alkóhólískri fjölskyldu sem tekið hefur að sér hlutverk hetjunnar og skarar fram úr í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Samskipti hennar við yngri systur sína, Anitu Rós, sem fá mikið pláss í sögunni þar sem Anita tengist grunuðum hópi hvalfriðunarsinna, eru vægast sagt drepleiðinleg og fyrirsjáanleg.

Öllu verra er þó að glæpamálið sjálft er óspennandi og illa undirbyggt, lítill stígandi í framvindunni og persónur sem við sögu koma afar óljósar og illa mótaðar. Glæpamálin eru reyndar fleira en eitt því sagan hverfist um tvö mál; myrtan mann á golfvelli og mótmælaaðgerðir hvalavina sem felast í sprengingum og mótmælum við veitingahús sem selja hvalkjöt. Smám saman tengjast málin tvö þó og grunur lögreglunnar beinist að ákveðnum hópi hvalfriðunarsinna. Lausn málsins er einnig ansi langsótt og ótrúverðug og satt best að segja heldur sagan lesandanum engan veginn við efnið, sem er ansi stór ljóður á ráði spennusögu.

Tískan í spennusagnaritun ræður hér miklu, þar sem áherslan hefur smátt og smátt verið að færast frá glæpunum sjálfum og yfir á ýmis vandamál rannsóknarmanna, en engu að síður verður að undirbyggja ástæður glæpanna á mun vandaðri hátt en hér er gert ef glæpasagnaunnendur eiga að fá hvötum sínum svalað. Sundurlausar lýsingar á fólki sem lítið kemur sögunni við, eins og kaffihúsastarfsfólki á Húsavík og ekkju fórnarlambsins á golfvellinum, auka enn á samhengisleysið og þjóna engum tilgangi í framvindu sögunnar. Betur hefði því blaðsíðuplássi verið varið undir bakgrunnslýsingar á þeim persónum sem eru drifkraftar rannsóknarinnar en um þær fær lesandinn nánast ekkert að vita fyrr en í síðustu köflunum.

Í heild er sagan ákaflega seigfljótandi og óáhugaverð og veldur miklum vonbrigðum.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Heldur slöpp glæpasaga þar sem alltof mikið púður fer í lýsingar á atriðum sem ekki koma sögunni við.



**STEINUNN G. HELGADÓTTIR** „[Þ]egar við horfum í kringum okkur sjáum við svo margt, en þegar við reynum að túlka það með orðum grisjum við megnið af því út.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ferðalag um tímann án upphafs og endis

**Steinunn G. Helgadóttir hefur sent frá sér sína aðra ljóðabók, Skuldunauta. Steinunn lýsir bókinni sem ferðalagi um tímann og glímu við spurningar um samband manns og náttúru, tungumáls og skáldskapar.**

Steinunn G. Helgadóttir hafði getið sér orð sem myndlistarmaður þegar hún vann Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir rúmum tveimur árum fyrir ljóð sitt Kaf. Síðar sama ár kom fyrsta ljóðabók hennar út, Kafbátakórinn, sem hlaut góðar undirtektir. Á dögunum kom út önnur ljóðabók Steinunnar, Skuldunautar og sem fyrr gefa Uppheimar út.

Það er meiri tregi yfir ljóðunum í Skuldunautum en Kafbátakórnum. Tónninn er sleginn strax á kápunni, stílhreinn texti á dökkgráum myndlausum bakgrunni. Steinunn segir líka að það hafi verið erfiðara að yrkja þessa bók en þá fyrstu.

„Þetta er líka spurning um hvernig maður er fyrirkallaður og það er meiri blús yfir þessum ljóðum en þeim í Kafbátakórnum.“

Í ljóðunum er glímt við spurningar um samband manns og nútíðar, um samband manns og náttúru, tengsl tíma og rúms, skáldskapar og tungumáls.

„Mig langaði að fara í ferð í gegnum tímann án upphafs og endis,“ segir Steinunn. „Það er að segja að ég var að leitast við að ná því fram að í rauninni byrjar engin saga eða endar á ákveðnum stað. Þess vegna ákvað ég að hafa ljóðin án titils, því það hefði einfaldlega verið of íþyngjandi.“

Efnistökin bera bakgrunni Steinunnar sem myndlistarmanni vitni enda segist hún ekki gera upp á milli þessara forma.

„Hvort tveggja er mjög heillandi og oft finnst mér hreinlega erfitt að aðgreina þau, til dæmis hef ég notað orð í myndlistarverkum.“

Hún yrkir þó meðal annars um muninn á mynd og orði; í ljóði um myndir sem deyja hver af annarri en „endurfæðast sem orð útþynnt í helvetica“.

„Það sem ég á við er að þegar við horfum í kringum okkur sjáum við svo margt, en þegar við reynum að túlka það með orðum grisjum við megnið af því út. Það tapast því alltaf eitthvað en á móti kemur að við einbeitum okkur að einhverjum ákveðnum atriðum í myndinni, sem gerir hana nýja og sjálfstæða, unna með öðrum verkfærum.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

*Frost*
*við hliðið*
*sót á ísnum*
*exi heggur*

*út dagana*
*inn í kyrrðina*

*blaðið er*
*það mýksta*
*sem hefur*
*snert*
*hann*

***

*Bak við*
*bláköflóttu*
*flónelsskyrtuna*
*slær hjarta þitt*
*enn*
*með átta millimetra*
*filmunni*
*á veggnum*
*heima*

## Í STRÆTÓ



**ILMUR STEFÁNSDÓTTIR** myndlistarmaður og Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður komu í gær flygli fyrir í strætó sem verður vettvangur uppákomu þeirra á Listahátíð í Reykjavík. Hún felst í ökuferð þar sem Davíð Þór spilar og Ilmur ekur um bæinn. „Ég ætla aðallega að aka við sjávarsíðuna,“ segir Ilmur, sem keypti sér strætó og tók meirapróf fyrir uppákomuna. Davíð Þór mun leika tónlist af ýmsu tagi en þrennir tónleikar eru á dagskrá hjá þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




ÁLFAR OG RIDDARAR

Lau. 11. MAÍ » 14:00

Nýtt og spennandi tónlistarævintýri í bland við þjóðleg rímnadanslög munu lifna við í höndum Sinfóníunnar og Benedikts Erlingssonar leikara. Myndskreytingum úr ævintýrinu verður varpað upp á stórt tjald meðan á flutningi stendur.

Ævintýrið *Veiða vind* er komið út á bók hjá Forlaginu, í íslenskri þýðingu Þórarins Eldjárns.

**Jón Leifs** *Íslensk rímnadanslög*
**Kári Bæk** *Veiða vind*
**Atli K. Petursen** *Ólavur riddararós*

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Benedikt Erlingsson** sögumaður
**Luttakarar úr Klaksvík**
**Dansifelagið** gestir frá Færeyjum

www.sinfonia.is » www.harpa.is » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

# FYRIRTÆKJATILBOÐ



## BETRI GÆÐI OG ALLT AÐ

# 50% LÆGRI

# PRENTKOSTNAÐUR

## EN MEÐ LITALASERPRENTARA

Workforce Pro prentararnir frá Epson hafa slegið í gegn hjá íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Og ekki af ástæðulausu. Prentarinn sjálfur er hagkvæmur í innkaupum en mestu máli skiptir byltingarkenndur sparnaður í prentkostnaði í samanburði við aðra litalaserprentara. Hver blaðsíða kostar aðeins kr. 1,87 í prentun og mánaðarlegur sparnaður fyrirtækja sem prenta mikið því ótrúlegur.

**59.990**

**Kr. 1,87 pr. bls. án VSK**

**EPSON**
**Workforce Pro**

### BORGAR SIG UPP Á NOKKRUM MÁNUÐUM

Sparnaðurinn er ótrúlegur. Hjá fyrirtækjum sem prenta mikið borgar Workforce prentarinn sig upp á nokkrum mánuðum. Og prentar auk þess í mun betri gæðum en laserprentari.

### 4 TÆKI Í EINU

Þegar rekstrarkostnaður er jafn lítill eins og í Workforce Pro geta fyrirtæki sparað háar fjárhæðir á hverju ári með því að samnýta prentarann, ljósritunarvélina, skannann og faxið í eitt gott tæki. Tekur líka minna pláss.

### SÉRHANNAÐUR FYRIR FYRIRTÆKI

Hannaður fyrir nútímafyrirtæki. Þráðlaus, nettengjanlegur með Ethernet tengi og USB tengi. Tekur 330 blöð í einu. Duplex prentun báðu megin. Stór og hagkvæm blekhylki. 30 blaðsíðna arkamatari.

### EPSON CONNECT 7

Hægt að prenta beint úr snjallsímum og spjaldtölvum í gegnum þráðlaust netsamband.

### HRAÐVIRKUR

Það skiptir miklu máli fyrir fyrirtæki að prentun gagna gangi hratt fyrir sig. Workforce Pro prentararnir eru sérstaklega hraðvirkir í samanburði við alla helstu litalaserprentara á markaðnum.

### BREIÐ FYRIRTÆKJALÍNA

Workforce Pro línan er mjög fjölbreytt til þess að mæta þörfum mismundandi fyrirtækja og stofnana. Úrvalið spannar frá prenturum á 39.990 upp í stærri fjölnotaprentara með aukaskúffum og fleiri möguleikum.

* Samanburður á hagkvæmni prentara byggist á tölum samræmdum ISO staðli sem prentaraframleiðendur notast við til þess að hafa samræmdan mælikvarða. Kostnaður við prentun pr. blaðsíðu er reiknaður út frá fullu verði blekhylkis og uppgefinni nýtingu þess frá framleiðanda.

Workforce Pro línan frá Epson býðst nú opinberum stofnunum og fyrirtækjum í fyrsta sinn. Tölvulistinn er nú orðinn aðili að rammasamningi Ríkiskaupa og Reykjavíkurborgar fyrir allan almennan tölvubúnað, prentara og prentvörur.

RÍKISKAUP

tl.is

TÖLVU LISTINN




FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF
**414-1710**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Æskuvinir leika með dætrum sínum í spunasveit

Veröld fláa kemur fram í Munnhörpunni í Hörpu í kvöld. Ragnhildur úr Of Monsters and Men leikur í sveitinni ásamt föður sínum.

„Við notum þjóðlagahefðina, snúum upp á hana og úr verður tónlist þar sem íslenska þjóðlagahefðin blandast áhrifum frá spunatónlist djassins og Austurlanda,“ segir Gunnar Hrafnsson, sem ásamt Stefáni S. Stefánssyni saxófónleikara hefur útsett lögin sem leikin verða á tónleikum hljómsveitarinnar Veröld fláa í Munnhörpunni í kvöld. Ásamt þeim Gunnari og Stefáni leika þeir Ásgeir Ásgeirsson, gítar- og oud-leikari og Jóhann Hjörleifsson slagverksleikari á tónleikunum og dætur þeirra Gunnars og Stefáns, Ragnhildur og Erla.

„Þetta er svolítið skemmtilegt því við Stefán eru æskuvinir. Höfum þekkst síðan í tíu ára bekk í Æfingadeild Kennaraháskólans eins og hann hét þá og við tókum fyrstu skrefin í spilamennsku saman þá sextán, sautján ára unglingar og höfum oft leikið saman síðan. Dætur okkar hafa svo farið út á braut tónlistarinnar,“ segir Gunnars. Erla dóttir Stefáns er söngkona og syngur með Veröld fláu á tónleikunum. Ragnhildur dóttir Gunnars leikur hins vegar á trompet og flygilhorn. Hún leikur með hljómsveitinni Of Monsters and Men og kom heim í fyrradag frá Bandaríkjunum, rétt í tæka tíð fyrir tónleikana. „Ég var svo heppin að ná henni á þessa tónleika með okkur. Hún er eiginlega búin að vera á ferðalagi í eitt og hálft ár. Átti svo að vera heima í þrjár vikur en þá komu tónleikarnir í Saturday Night Life upp þannig að þau fóru út í síðustu viku.“

Þau feðgin hafa spilað saman síðan Ragnhildur var lítil. „Hún byrjaði ung á píanó og fór svo yfir á trompetinn. Ég þakka það kennara hennar Kára Einarssyni að hún skyldi svo halda áfram þegar hún var orðin leið á hljóðfærinu og glæddi áhugann á ný. Ég segi svo stundum í dag að hún sé mjög góð uppfærsla af karlinum, hún er mikill föðurbetrungur,“ segir Gunnar stoltur.

Tónleikarnir eru haldnir af Jazzklúbbnum Múlanum á Munnhörpunni í kvöld. Þeir hefjast klukkan níu. -sbt



**FEÐGIN** Gunnar, Ragnhildur, Erla og Stefán tilbúin í tónleikana.






**SJÖ BÖRN Í SJÓ** Verk Ingibjargar eru þrívíð tréskurðarverk.

## Sjö börn í sjó

Sýning á tréskurðarmyndum eftir Ingibjörgu Ágústsdóttur frá Stykkishólmi verður opnuð í veitingasal Landnámsseturs á sunnudaginn, 12. maí, klukkan 16. Flest verka Ingibjargar eru byggð á íslenskum þjóðsögum og þjóðtrú og ber þessi sýning yfirskriftina Sjö börn í sjó.

Ingibjörg lærði fatahönnun í London og Kaupmannahöfn en flutti aftur í Stykkishólminn árið 1995 og býr þar og starfar í dag.

Áhugi hennar á handverki vaknaði fyrir alvöru þegar hún byrjaði að rannsaka íslenska faldbúninginn og handverk honum tengt.

Búningahefðin, litirnir, munstur og íslenskur útskurður ásamt sögum og ævintýrum sem amma hennar sagði henni þegar hún var lítil hafa orðið innblásturinn í þessi útskurðarverk sem börnin hennar kalla ævintýrabox.

Sýningin verður opin alla daga frá kl. 10–21 eða þegar veitingahús Landnámsseturs er opið. -fsb

## Bókmenntaganga í Heimahverfi

Í tilefni 50 ára afmælis Sólheimasafns verður farið í bókmenntagöngu um Heima- og Vogahverfi laugardaginn 11. maí. Lagt verður af stað frá Sólheimasafni, Sólheimum 27, kl. 13.30.



**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON**

Fjallað verður um og lesið úr verkum skálda og listamanna sem eru búsettir í hverfinu eða hafa búið þar um langa hríð. Skáldin Einar Már Guðmundsson, Olga Guðrún Árnadóttir og Salka Guðmundsdóttir munu mæta í gönguna og lesa úr verkum sínum.

Áætlað er að gangan taki ríflega klukkustund. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti á bókasafninu að göngu lokinni og eru allir velkomnir. -fsb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 08. MAÍ 2013**

### Tónleikar

**20.00** Þóra Einarsdóttir sópran og píanóleikarinn Jónas Ingimundarson flytja glæsilega söngdagskrá með söngvum eftir Mozart, Schubert og frönsku meistarana Massenet, Hahn, Fauré og Debussy, auk fjögurra nýlegra laga eftir tónskáldið Þorkel Sigurbjörnsson í Salnum í Kópavogi.



**20.00** Vortónleikar Reykjalundarkórsins verða haldnir í **Fríkirkjunni** í Reykjavík. Stjórnandi er Íris Erlingsdóttir. Píanóleikari er Anna Rún Atladóttir.

### Fundir

**17.30** Sirrý Gunnarsdóttir les á Bókasafni Seltjarnarness og kynnir söguna Lítil saga um latan unga eftir Guðrúnu Helgadóttur, myndskreytt af Önnu Cynthiu Leplar.

**20.00** Ljóðahópur Gjábakka verður með Hagyrðingakvöld í Gjábakka, Fannborg 8.

### Málþing

**12.00** Hádegisumræður og kynningar á rannsóknum um málefni innflytjenda í Aðalsafni Borgarbókasafns.

### Tónlist

**12.00** Ómkvörnin verður gangsett. Henni hefur verið fundinn staður í iðrum tónlistarhússins Hörpu, þar sem hún mun mala fram á fimmtudag. Ómkvörnin frumflytur tónverk tónsmíðanema við Listaháskóla Ísland. Hægt er að kynna sér dagskrá Ómkvarnarinnar á lhi.is og harpa.is.



**21.00** Þjóðlagapoppsveitin Bad Days, með söngkonunni **Bryndísi Ásmundsdóttur** og laga- og textahöfundinum Eyvindi Karlssyni í broddi fylkingar, og balkanblúsbandið Contalgen Funeral sameina krafta sína á Café Rosenberg.

**21.00** Á næstu tónleikum Jazzklúbbsins Múlans á Munnhörpunni í Hörpu kemur fram spuna- og þjóðlagasveitin Veröld fláa. Þar leiða saman hesta sína bassaleikarinn Gunnar Hrafnsson og saxófónleikarinn Stefán S. Stefánsson. Tónlistin byggir á íslensku þjóðlagahefðinni en í hana blandast áhrif frá spunatónlist djassins og Austurlanda.



**22.00 Ojba Rasta** og vinir á Volta. Fram koma Ojba Rasta, Mammút, Geimfarar, Birkir B, Baddi, og RVK Soundsystem.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE S: 5513010

# Sýna í undirgöngum

Avant-garður verður undir Miklubraut á laugardag.

Þær Margrét Sesseljudóttir og Solveig Thoroddsen myndlistarmenn sýna verk sín í undirgöngunum undir Miklubraut við Lönguhlíð næsta laugardag. Uppákomuna kalla þær Avant-garðinn og er þetta í þriðja sinn sem þær sýna undir þeim merkjum. „Við sýndum í garði við Miklubraut einu rigningarhelgina síðasta sumar og svo í bakgarði Kex Hostels í nóvemberskammdeginu, nú er komið að undirgöngunum,“ segir Solveig sem lofar spennandi sýningu. „Við reynum að sýna á óvenjulegum stöðum og undirgöngin falla inn í það. Þar er maður við mestu umferðaræð landsins en þegar komið er niður í göngin þá ertu komin í aðra veröld, þar sem þögnin ríkir.“ Sýningin stendur yfir frá klukkan fjögur til sex laugardaginn 11. maí. - sbt



**SOLVEIG OG MARGRÉT** Hafa sýnt saman í görðum en færa sig í undirgöngin undir Miklubraut um helgina.





# Gleymdi snípurinn

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



Snípurinn er magnað fyrirbæri en afskaplega vanmetið. Hann hefur um átta þúsund taugaenda sem hafa þann eina tilgang að veita píkunni unað. Hann leynir á sér því undir yfirborði litlu perlunnar leynast taugar sem liggja niður meðfram börmunum og inn eftir leggöngunum. Hann er fósturfræðilega skyldur kónginum og rís hold þegar hann verður graður. Þegar kemur að kynlífi þá er snípurinn stjarnan. Rannsóknir á fullnægingu kvenna sýna að mikill meirihluti, um 70-85%, þarf örvun á sníp til að fá fullnægingu. Þessi örvun getur farið fram áður en samfarir eru stundaðar, á meðan eða á eftir. Eða bara á öllum þessum tímapunktum.

Þetta er fyrsti fræðslumolinn minn í píkufræðslu unglinga. Ég sýni þeim risavaxna mynd af sníp og útskýri að þessi fer ekki á flakk heldur trónir alltaf á toppnum, pollslakur og til í að láta kitla sig. Ég er orðin hundleið á því að stelpur láti „putta sig í leggöng“ og skilja svo ekkert af hverju takmarkaður unaður hljótist af því. Þeir sem stunda kynlíf þurfa að skilja hvernig líffærið virkar og það að vanrækja snípinn er eins og að rúnka karlmanni í naflann, það bara virkar ekki. Þetta myndu margar stúlkur skilja og vita ef þær hefðu stundað sjálfsfróun. Snípurinn gersamlega æpir á viðkomandi að veita sér örvun og þá er um að gera að svara kallinu. Þessi vitundarvakning um snípinn fer skemmtilega saman við þá staðreynd að maí er mánuður sjálfsfróunar.

Marga þyrstir í fróðleik um „bestu“ stellingarnar sem hámarka unað en staðreyndin er sú að ef þú stundar samfarir með píku þá hentar hvaða stelling sem er. Svo lengi sem hendur eru frjálsar til að örva snípinn má hafa gaman af þessu. Þó ber að nefna að snípurinn smyr sig ekki sjálfur og því er mikilvægt að ná sér í bleytu úr píkunni, með munnvatni eða sleipiefni. Hann er, jú svo næmur, þessi elska. Gleymum því samt ekki að það er stutt síðan snípurinn þótti hallærislegur, jafnvel barnalegur og ekki minni menn en Freud fussuðu og sveiuðu yfir honum. Í sögubókum læknisfræðinnar hefur honum verið sleppt og ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um hann né rannsaka, enda tengdur unaði sem gjarnan átti að hemja eða ekki þótti ástæða til að fjalla sérstaklega um. Sumir kunna að telja þennan fróðleik afskaplega takmarkaðan og yfirborðskenndan en ef litið er til annarra menningarsamfélaga og málið skoðað í alþjóðlegu samhengi þá skiptir snípurinn og tilgangur hans miklu máli, fyrir okkur öll. Ekki minni maður en Warren Buffet sagði að virkja þyrfti kvenmenn til að koma heiminum í rétt horf og var hann örugglega að skírskota í öll grundvallarmannréttindi, eins og það að mega upplifa kynferðislegan unað. Það er því einkar ánægjulegt þegar píkunni er hampað og fólk fræðist um gildi hennar og gleði. Er það ekki markmið okkar allra að lifa sem unaðslegustu lífi og vita meira í dag en í gær?

## MARKMIÐ SAMTAKA GRÆNMETISÆTA:

- Standa fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir grænmetisætur og stuðla að auknum tengslum grænmetisæta.
- Standa fyrir virkri fræðslu og upplýsingagjöf til grænmetisæta og annarra.
- Gefa út hnitmiðað fræðsluefni fyrir matvælaframleiðendur, veitingastaði og matreiðslumenn og koma því markvisst á framfæri.
- Stunda virka hagsmunagæslu og aðhald.
- Finna leiðir til að aðstoða fólk við að gerast grænmetisætur.
- Leita leiða til að bæta og auka grænmetis- og vegan-merkingar neysluvara og matseðla.



# Stofnuðu Samtök grænmetisæta

**Sigvaldi Ástríðarson er formaður nýstofnaðra Samtaka grænmetisæta á Íslandi. Sambærileg samtök finnast víða um heim og stuðla meðal annars að fræðslu.**

„Okkur þótti tímabært að reyna að tryggja að grænmetisætur á Íslandi geti lifað hamingjusömu lífi án þess að neyta kjöts. Okkur langar til dæmis að reyna að bæta úrvalið af réttum á veitingastöðum og upplýsa fólk um að hér búi mikill fjöldi fólks sem borðar ekki hinn hefðbundna, íslenska mat. Okkur langar að geta farið á veitingastað og pantað grænmetissúpu sem er ekki með kjötkrafti í, eins og er svo víða,“ segir Sigvaldi Ástríðarson, formaður nýstofnaðra Samtaka grænmetisæta á Íslandi.

Samtök grænmetisæta eru til víða um heim og standa þau meðal annars að fræðslu og ýmsum viðburðum fyrir grænmetisætur. Að sögn Sigvalda þótti þörf á slíkum samtökum hér á landi því grænmetisætur mæta gjarnan skilningsleysi og fordómum. „Við viljum sýna fólki að grænmetisætur eru ekki táningar að ganga í gengum tímabil. Við erum allt frá því að vera stórir, skeggjaðir karlmenn yfir í venjulegt fólk sem sumt hefur verið grænmetisætur allt sitt líf.“

Sigvaldi starfar sem útvarpsmaður á Rás 2 og innan tölvugeirans. Hann og kona hans gerðust grænmetisætur árið 1999 en Sigvaldi gekk svo skrefi lengra og gerðist vegan fyrir sjö árum. Fólk sem aðhyllist veganisma neytir hvorki dýraafurða né gengur í fatnaði unnum úr dýraafurðum.



**FER FYRIR GRÆNMETISÆTUM** Útvarpsmaðurinn Sigvaldi Ástríðarson er formaður Samtaka grænmetisæta á Íslandi. Samtökin ætla að stuðla að fræðslu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Upphaflega gerðumst við grænmetisætur vegna þess að við höfðum ekki efni á kjöti og erum bæði miklir dýravinir. Svo bættust fleiri ástæður við; heilsufarslegar, mengunarvarnir og annað. Ég ákvað svo að gerast vegan fyrir sjö árum og það var mun auðveldara en ég hafði búist við,“ segir Sigvaldi að lokum. Finna má samtökin á Facebook undir nafninu Samtök grænmetisæta á Íslandi.

sara@frettabladid.is


POTTURINN STEFNIR Í

110.000.000
+2.040.000.000

2150 MILLJÓNIR




**SUMAROPNUN,** SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 110 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 2.040 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

# DEBENHAMS



Verðdæmi



Verð áður kr. 9.480,-
Verð nú kr. 7.584,-

Verðdæmi



Verð áður kr. 3.790,-
Verð nú kr. 3.032,-

Verðdæmi



Verð áður kr. 3.790,-
Verð nú kr. 3.032,-

**20% AFSLÁTTUR**

**AF ÖLLUM SUNDFÖTUM**

DÖMUR HERRAR BÖRN

Gildir út sunnudag

Gerðu lífið skemmtilegra

Opið til 19:00 í dag og
á morgun frá 13:00 – 18:00

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook



**MOSI FRÆNDI** Textinn við lagið Nakin nótt verður frumfluttur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sigurtextinn fluttur

Mosi frændi spilar á sínum fyrstu tónleikum í fjögur ár.

Hljómsveitin Mosi frændi ætlar að frumflytja sigurtextann sem einn af hlustendum Popplands á Rás 2 samdi við lag hennar Nakin nótt, á tónleikum á Gamla Gauknum í kvöld. Þetta verða fyrstu opinberu tónleikar sveitarinnar í fjögur ár.

Mosi frændi var stofnuð af sex nemendum í Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1985. Þekktasta lag hennar er Katla kalda sem kom út 1988. Það samdi hún eftir að Þorsteinn J. Vilhjálmsson, sem þá var útvarpsmaður á Bylgjunnar, fékk hlustendur til að semja með sér texta sem átti að sameina allt það versta í íslenskri textagerð. Mosi frændi setti sig í samband við Þorstein og bauðst til að semja lag við textann.

Í ár var ákveðið að endurtaka leikinn frá því í gamla daga og fá hlustendur Popplands til að senda inn sína útgáfu af texta við prufuupptöku af lagi Mosa frænda. Heiða Eiríksdóttir úr hljómsveitinni Hellvar lánaði sveitinni rödd sína til að laglínan kæmist til skila. Á meðal þeirra sem voru í dómnefnd til að velja besta textann voru Þorsteinn J., Ólafur Páll Gunnarsson og Páll Óskar Hjálmtýsson.

Auk Mosa frænda spila á tónleikunum í kvöld hljómsveitirnar Fræbblarnir, Hellvar, Saktmóðigur og Skelkur í bringu. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.

## Hluti textans við lagið Nakin nótt

**Stemming og sumar í bænum**
**stuðið**
**er þar sem ég er**

**minkur í búri með hænum**
**ég titra**
**því þú ert hér**

**kvöldið er klárlega að líða**
**nóttin hún tekur nú við**

**sumarkvöld velur mér eina**
**hver fer**
**heppin með mér?**

**vitleysa að hanga inni**
**í sumarnóttinni**
**þegar mig langar í þig**

**fiðringur fyllir mig alla**
**flestir hér**
**stara á mig**

**að velja, ég nenni því varla**
**skelli mér**
**bara á þig**




# Pönkað ball hjá fræga fólkinu

Hið árlega Costume Institute Gala fór fram í Metropolitan Museum of Art í New York á mánudagskvöldið. Fræga fólkið, á borð við Beyoncé, Önnu Wintour, Tiger Woods og Söruh Jessicu Parker, flykktist þangað klætt í hönnun frá toppi til táar. Þemað í ár var pönk og margir rokkuðu sig upp í tilefni kvöldsins. Kanye West tróð upp og söng þar ástaróð til tilvonandi barnsmóður sinnar, Kim Kardashian, sem að sjálfsögðu var viðstödd.





**SÍÐKJÓLL** Blake Lively klæddist Gucci-kjól.

**APPELSÍNUGUL** Ashley Olsen í kjól úr eigin smiðju.

**GULL** Leikkonan Ginnifer Goodwin í kjól frá Tory Burch.

**PARIÐ** Kim Kardashian og Kanye West voru bæði í fatnaði frá Givenchy.

**FLOTT** Beyoncé í Givenchy-kjól.

## Undarlegt hrós frá Rihönnu

Söngkonan Rihanna kom mörgum á óvart þegar hún setti mynd af fyrrverandi raunveruleikastjörnunni og núverandi fatahönnuðinum Nicole Richie inn á Twitter-síðuna sína í gær. Á myndinni skartaði Richie nýjum, gráum hárlit og skrautlegum kjól og viðbrögð Rihönnu voru á þessa leið: „Þessi tík fær mig til að langa til að kasta upp!“



Það furðulega er að Rihanna var í rauninni að hrósa Richie með þessum ummælum. Hún átti við að hárgreiðslan og heildarútlitið væri „veikt“, eða „flott“, og því til staðfestingar bætti hún við að Richie væri best klædda konan í dag.

## Hlutu dönsku snyrtivöruverðlaunin

Íslensku EGF-húðvörurnar frá Sif Cosmetics hlutu á dögunum dönsku snyrtivöruverðlaunin í flokki lúxushúðvara fyrir líkamann. Verðlaunin, sem voru afhent í síðustu viku, eru eins konar uppskeruhátíð bransans í Danmörku og í dómnefnd sitja meðal annarra ritstjórar tímaritanna Elle og Eurowoman og snyrtifræðingur danska konungsfólksins.

Þessar íslensku húðvörur hafa verið að láta til sín taka á erlendum mörkuðum undanfarið en í kjölfarið á verðlaununum fékk merkið góða umfjöllun í dönsku dagblöðunum Börsen og Berlingske Tidende.



**UNNU VERÐLAUN** EGF-húðvörurnar slá í gegn í Danmörku.



**SCREAM** Wes Craven hefur áhuga á að leikstýra prufuþætti.

## Tjáir sig um Scream-þætti

**Hryllingsmyndaleikstjórinn Wes Craven hefur svarað á Twitter-síðu sinni orðrómi um að hann ætli að leikstýra prufuþætti fyrir hugsanlega sjónvarpsþætti á MTV byggða á myndum hans Scream.**

**„Mörg ykkar hafa spurt út í sjónvarpsþáttaröðina Scream. Það er rétt að það er búið að ræða við mig. Ég svaraði að það færi eftir handritinu. Ef það er virkilega gott gæti þetta orðið gaman, annars ekki,“ sagði Craven, sem hefur leikstýrt fjórum Scream-myndum.**

Veittu húðinni þann kraft sem hún þarf
til að endurnýjast og gefa þrívirka lyftingu.

Mótar, styrkir og mýkir hrukkur.




# BIO-PERFORMANCE

Advanced Super Restoring Cream NÝTT

NÝ UPPGÖTVUN FRÁ SHISEIDO.
Með aldrinum hægir á starfsemi stofnfrumna sem viðhalda hreysti húðarinnar. Einstök formúla frá Shiseido, Bio-Renewal Complex, gefur frumunum þann kraft sem þarf til að gefa þrívirka lyftingu innanfrá.

ÁRANGUR
Eftir 1 viku virtist húðin þéttari, stinnari og sléttari.
Eftir 4 vikur voru djúpar hrukkur ekki eins sýnilegar.

SHISEIDO

www.shiseido.com

# Fékk ljósmyndaverðlaun í Dubai

Oscar Bjarnason vann til verðlauna fyrir norðurljósamynd frá Straumsvík.

„Þetta var rosalega skemmtilegt ævintýri. Ég hef aldrei farið á svona stað áður,“ segir grafíski hönnuðurinn og áhugaljósmyndarinn Oscar Bjarnason.

Hann náði öðru sæti í ljósmyndasamkeppninni HIPA sem krónprinsinn af Dubai, Sheikh Hamdan Bin Mohammed Bin Rashid Al Maktoum, hélt í annað sinn. Oscar frétti af samkeppninni í gegnum vin sinn og ákvað að senda inn norðurljósamynd sem hann tók í Straumsvík. Eftir að hafa fengið tölvupóst þar sem hann var beðinn um að vera viðstaddur verðlaunaafhendinguna fór hann með flugvél út til Dubai á fyrsta farrými. Þar tók einkabílstjóri á móti honum í glæsibifreið og ók með hann á lúxushótel þar sem hann dvaldi í heila viku án þess að þurfa að borga nokkurn skapaðan hlut. „Þetta var aðeins of mikið og eiginlega nett óþægilegt. Það eina sem ég borgaði voru leigubílar sem kostuðu ekki neitt en það var algjört ævintýri að prófa þetta,“ segir Oscar sem fékk í verðlaun sextán þúsund dali, eða tæpar tvær milljónir króna.

Peningaverðlaunin í HIPA-keppninni munu vera þau hæstu sem veitt eru í nokkurri ljósmyndasamkeppni í heimi. Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum og hlaut Oscar önnur verðlaun í aðalflokknum. Ein heildarverðlaun yfir alla keppnina voru veitt og hlaut vinningshafinn 120 þúsund dali, eða um fjórtán milljónir króna. Hægt er að skoða myndabanka Oscars á slóðinni Oscarbjarna.photoshelter.com.

- fb

→ Fimm ljósmyndir Oscars voru einnig verðlaunaðar af One Eyeland sem er vefsíða fyrir áhugaljósmyndara.





**ÖNNUR VERÐLAUN** Oscar tekur við verðlaununum fyrir ljósmynd sína úr höndum Sheikh Hamdan Bin Mohammed Bin Rashid Al Maktoum í Dubai.






**LIAM GALLAGHER** Slapp vel frá bráðaofnæminu.

## Næstum dáinn eftir nammiát

Blátt M&M-sælgæti með hnetufyllingu varð Liam Gallagher næstum að aldurtila fyrir skemmstu. Söngvarinn borðaði sælgætið á hótelherberginu sínu á tónleikaferðalagi og fékk bráðahnetuofnæmi í kjölfarið, en slíkt hafði aldrei hent þann óstýriláta áður.

„Ég hef gert ýmislegt um ævina, en mig grunaði aldrei að eitt andskotans M&M-nammi myndi geta drepið mig,“ sagði Gallagher í viðtali við The Sun.

Í sama viðtali greindi söngvarinn einnig frá því að ef hann hefði fengið að ráða hefði nýjasta plata hljómsveitar hans, Beady Eye, verið látin heita „Universal Gleam“.



**JÁTAÐI** Lauryn Hill játaði brot sitt fyrir dómara í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Dæmd í þriggja mánaða fangelsi

Söngkonan Lauryn Hill var á dögunum dæmd í þriggja mánaða fangelsi fyrir að hafa svikið undan skatti. Hill játaði að hafa vísvitandi ekki borgað skatt af um 250 milljónum króna sem hún vann sér inn á árunum 2005-2009. Auk fangelsisvistarinnar þarf Hill að borga upphæðina til baka auk vaxta og sektar. Einnig verður Hill á skilorði í eitt ár eftir afplánun ásamt því að vera í stofufangelsi í einn mánuð.

Hill er sex barna móðir og hefur unnið fimm Grammy-verðlaun á ferli sínum.

# HIN EINA SANNA
# SKÓSPRENGJA
# Í FULLUM GANGI
# 50-90% afsláttur




**ATH. Opið**
**uppstigningardag**
**Frá kl.13-18**

Toppskórinn Outlet

Toppskórinn Markaður

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

# Fimm af frægustu gjörningum Ragnars

Myndlistarmaðurinn Ragnars Kjartanssonar hefur vakið athygli með hinum ýmsu gjörningum, nú síðast með hljómsveitinni The National.



### THE END – VENICE (2009)

Ragnar varð yngsti listamaðurinn til að taka þátt fyrir hönd Íslands í Feneyjatvíæringnum. Á þeim sex mánuðum sem listahátíðin stóð yfir gátu gestir fylgst með honum mála eitt málverk á dag. Fyrirsæta hans var vinur hans, Páll Haukur Björnsson, klæddur Speedo-sundskýlu.

### THE MAN (2010)



Ragnar tók upp myndband af bandarísku blúsgoðsögninni Pinetop Perkins að spila á píanó úti á akri skammt fyrir utan borgina Austin í Texas. Verkið var miðdepill fyrstu einkasýningar Ragnars í Bandaríkjunum, Ragnar Kjartansson: Song. Perkins spilaði á Blúshátíð í Reykjavík árið 2009 og lést 2011, 97 ára gamall.



### BLISS (2011)

Síðasta arían í óperunni Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart, sem er tveggja mínútna löng, var endurtekin í Abrons-listamiðstöðinni í New York í tólf klukkustundir. Tenórinn Kristján Jóhannsson söng ásamt hópi annarra íslenskra óperusöngvara, auk Ragnars sjálfs sem hafði fengið kennslu í óperusöng hjá Kristjáni.

### THE VISITORS (2012)



Myndbandsverk þar sem Ragnar og átta vinir hans spila sama lagið á níu mismunandi stöðum á bóndabýli í Hudson Valley í New York. Lagið var eftir Ragnar og Davíð Þór Jónsson.



### A LOT OF SORROW (2013)

Hin heimsfræga bandaríska hljómsveit The National tók þátt í gjörningi hans í New York á sunnudaginn þegar hún spilaði lag sitt Sorrow í sex klukkustundir. Alls spilaði hún lagið 105 sinnum.

„Þetta gekk bara vonum framar. Þeir voru dásamlegir," segir myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson um gjörninginn. „Þeir voru afskaplega ánægðir og voru að fíla þetta vel," segir hann aðspurður hvernig meðlimum hljómsveitarinnar hafi fundist að spila sama lagið í sex tíma samfleytt. „Ég er hissa á því hvað þeir voru lítið þreyttir. Þá langaði næstum því til að spila meira."

Að sögn Ragnars gekk gjörningurinn fullkomlega upp en sjálfur steig hann aldrei upp á svið. „Ég var bara vatnsrótarinn. Ég var að láta þá fá vatn, súkkulaði og brennivín upp á sviðið. Þetta var mjög ánægjulegt samstarf og þeir eru miklir herramenn."

# Skipuleggja hátíð á Stöðvarfirði

Fjögur ungmenni setja á fót tónlistar- og menningarhátíðina Pólar í júlí.

„Katrín og Marteinn eru systkini og frændsystkini mín. Fjölskylda þeirra á gistiheimili á Stöðvarfirði og þau kynntist mig upprunalega fyrir bænum. Sjálfur tók ég svo þátt í Æringi fyrir þremur árum og kynntist þá fólki sem býr á staðnum. Í haust keyptum við kærasta mín svo hús í bænum," segir Viktor Pétur Hannesson um upphaf ástarævintýris síns og Stöðvarfjarðar. Hann skipuleggur tónlistar- og menningarhátíð í bænum ásamt Marteini Sindra og Katrínu Helenu Jónsbörnum og Gígju Söru H. Björnsson. Hún nefnist Pólar Festival og fer fram helgina 12. til 14. júlí í tengslum við bæjarhátíðina Maður er manns gaman.

Viktor segir hátíðina eins konar smiðjuhátíð í ætt við Lunga, fólk kemur og deilir hæfileikum sínum með öðrum í formi námskeiða og vinnusmiðja. Fjórmenningarnir fengu nýverið peningastyrk frá Austurbrú og var það þeim mikil hvatning. „Með hátíðinni viljum við styrkja þá starfsemi sem er í bænum. Svona hátíðir virðast vera góð leið til að fá fólk á staðinn og það getur svo leitt margt skemmtilegt af sér, eins og sjá má með Lunga á Seyðisfirði," segir hann.

Umsóknarfrestur rennur út á föstudag. Nánari upplýsingar má finna á Facebook. **- sm**

## Fjölbreyttur bakgrunnur

Fjórmenningarnir koma úr ýmsum áttum. Viktor er menntaður myndlistarmaður úr LHÍ og nemur nú málmsmíðar. Gígja Sara er menntaður bókmennta- og kvikmyndafræðingur frá Skotlandi. Marteinn er heimspekingur og tónlistarmaður og Katrín hyggur á nám í myndlist eða grafískri hönnun í framtíðinni.



**HÁTÍÐARHÓPUR** Viktor Pétur, Marteinn Sindri, Katrín Helena og Gígja Sara skipuleggja tónlistarhátíðina Pólar sem haldin verður á Stöðvarfirði í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MAMA | 8, 10.10 | 16 |
| IRON MAN 3 3D | 5.20, 8, 10.40 | 12 |
| LATIBÆR | 6 | L |
| OBLIVION | 8 | 12 |
| SCARY MOVIE 5 | 10.30 | 14 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is



STÓRMYNDIN SEM TEKIN VAR UPP Á ÍSLANDI
GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND Í ANDA DIE HARD
MÖGNUÐ GRÍNMYND

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 7 - 9:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 8 | 16 |
| OBLIVION | KL. 5:30 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 6 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MAMA | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| EVIL DEAD LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| THE CALL | KL. 10.15 | 16 |
| LATIBÆR | KL. 4 | L |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 | 14 |
| SCARY MOVIE | KL. 6 - 8 | 14 |
| OBLIVION KL. 8 - 10.40 | LÚXUS KL. 5.20 | 12 |
| THE CROODS 3D/2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| PASSION | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE CALL | KL. 10.10 | 16 |
| LATIBÆR | KL. 6 | L |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 - 8 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10 | 14 |
| FALSKUR FUGL KL. 6 12 / THE CALL | KL. 10 | 16 |
| SCARY MOVIE 5 | KL. 8 | 14 |
| LATIBÆR | KL. 6 | L |



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| IN MEMORIAM? | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| ON THE ROAD | (L) | 20:00, 22:20 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |




NÝÚTKOMNAR ...




Tilnefnd til
Íslensku bókmennta-
verðlaunanna
2004




„Sálfræðileg spennu-
saga sem gengur
fullkomlega upp.“
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, DV













EINNIG FÁANLEGAR ...

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

## Finnur fær 5 ára samning



Finnur Freyr Stefánsson verður næsti þjálfari karlaliðs KR en þetta kom fram í fréttatilkynningu frá Körfuknattleiksdeild KR í gær. Finnur var aðstoðarþjálfari Helga Más Magnússonar á lokasprettinum í vetur en tekur nú að fullu við liðinu. Stjórnin og Finnur hafa í meginatriðum komist að samkomulagi um að Finnur verði þjálfari meistaraflokks karla næstu fimm árin. Finnur þjálfaði kvennaliðið í vetur en mun nú hætta með stelpurnar. Auk þess að þjálfa meistaraflokk karla mun Finnur vera yfirþjálfari yngri flokka. Finnur Freyr er 29 ára gamall Vesturbæingur, æfði körfuknattleik með yngri flokkum KR en hann er að hefja sitt fjórtánda ár sem þjálfari hjá félaginu.

## Tryggvi er nú tvö hundruð marka maður í efstu deild

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson lagði upp mark Fylkis í 1. umferð Pepsi-deildar karla á sunnudagskvöldið en þetta var tímamótamark fyrir þennan síunga 38 ára gamla leikmann. Tryggvi er nefnilega með því kominn í 200 marka klúbbinn því hann hefur skorað 129 mörk og gefið 71 stoðsendingu í efstu deild karla. Samtals gerir þetta tvö hundruð mörk í efstu deild þar sem Tryggvi hefur annaðhvort skorað sjálfur eða gefið stoðsendingu á félaga sinn.

Tryggvi komst í 200 marka klúbbinn í 233 leikjum en hann hefur skorað eða gefið stoðsendingu fyrir fimm lið í efstu deild: ÍBV (75 mörk + 34 stoðsendingar), KR (3+1), FH (51+35) og Fylki (0+1).

Tölfræði um stoðsendingar hefur verið tekin saman frá og með sumrinu 1992 sem er einmitt fyrsta tímabil Tryggva í efstu deild.

Tryggvi er markahæsti leikmaður efstu deildar karla frá upphafi en hann vantar enn sextán stoðsendingar til að jafna met Guðmundar Benediktssonar yfir flestar stoðsendingar. **- óój**



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** Kom að enn einu markinu í 1. umferð Pepsi-deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**YNGST Í A-LANDSLIÐINU** Sara Rún Hinriksdóttir frá Keflavík er aðeins sextán ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## 40 æfa með A-landsliðunum

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsþjálfararnir Peter Öqvist og Sverrir Þór Sverrisson hafa valið tuttugu manna æfingahópa fyrir komandi verkefni landsliðanna í sumar.

Kvennalandsliðið spilar þrjá leiki á Smáþjóðaleikunum um næstu mánaðamót en karlalandsliðið spilar alls sextán leiki í sumar, fjóra á Smáþjóðaleikunum, sex í keppnisferð til Kína í júlí, tvo æfingaleiki gegn Danmörku og svo í það minnsta fjóra leiki í Evrópukeppninni í haust.

Sverrir Þór er með tíu nýliða í landsliðshópnum sínum en það eru fimm nýliðar í hópnum hjá körlunum. KKÍ tekur það fram á heimasíðu sinni að nokkrir leikmenn hafi ekki gefið kost á sér í ár. **- óój**

**LANDSLIÐSHÓPUR KVENNA:**

| | |
|---|---|
| Bergdís Ragnarsdóttir - Fjölnir | Nýliði |
| Berglind Gunnarsdóttir - Snæfell | Nýliði |
| Bryndís Guðmundsdóttir - Keflavík | 20 leikir |
| Gunnhildur Gunnarsdóttir - Haukar | 4 leikir |
| Hallveig Jónsdóttir - Valur | Nýliði |
| Helena Sverrisdóttir – Kosice | 42 leikir |
| Helga Einarsdóttir - KR | 8 leikir |
| Helga Rut Hallgrímsdóttir - Grindavík | Nýliði |
| Hildur Björg Kjartansdóttir - Snæfell | Nýliði |
| Hildur Sigurðardóttir - Snæfell | 70 leikir |
| Ingunn Embla Kristínardóttir – Keflavík | Nýliði |
| Kristrún Sigurjónsdóttir - Valur | 25 leikir |
| Margrét Rósa Hálfdanardóttir - Haukar | Nýliði |
| María Ben Erlingsdóttir - St. Gratien | 34 leikir |
| Pálína María Gunnlaugsdóttir - Keflav. | 19 leikir |
| Petrúnella Skúladóttir - Grindavík | 22 leikir |
| Salbjörg Sævarsdóttir - Njarðvík | Nýliði |
| Sara Rún Hinriksdóttir - Keflavík | Nýliði |
| Sigrún Sjöfn Ámundadóttir - KR | 24 leikir |
| Unnur Lára Ásgeirsdóttir – Valur | Nýliði |

**LANDSLIÐSHÓPUR KARLA**

| | |
|---|---|
| Axel Kárason - Værlöse | 15 leikir |
| Brynjar Þór Björnsson - KR | 26 leikir |
| Elvar Már Friðriksson - Njarðvík | Nýliði |
| Finnur Atli Magnússon - KR | 19 leikir |
| Haukur Helgi Pálsson - Manresa | 14 leikir |
| Helgi Már Magnússon – KR | 77 leikir |
| Hlynur Bæringsson - Sundsvall | 64 leikir |
| Hörður Axel Vilhjálmsson - MBC | 20 leikir |
| Jakob Sigurðarson - Sundsvall | 60 leikir |
| Jóhann Árni Ólafsson - Grindavík | 14 leikir |
| Jón Arnór Stefánsson – CAI Zaragoza | 64 leikir |
| Jón Ólafur Jónsson – Snæfell | 2 leikir |
| Justin Shouse - Stjarnan | Nýliði |
| Logi Gunnarsson – BC Angers | 90 leikir |
| Magnús Þór Gunnarsson - Keflavík | 73 leikir |
| Martin Hermannsson - KR | Nýliði |
| Pavel Ermolinskij – Norrkoping | 29 leikir |
| Ragnar Nathanaelsson - Hamar | Nýliði |
| Stefán Karel Torfason - Snæfell | Nýliði |
| Ægir Þór Steinarsson - Newberry | 13 leikir |

# Tannlausi Íslandsmeistarinn

Jóhann Gunnar Einarsson átti ekki kost á því að fara beint í að fagna eftir að hann varð Íslandsmeistari með Fram á mánudag. Báðar framtennur hans brotnuðu í leiknum gegn Haukum og hann fékk sér því sæti í tannlæknastólnum eftir að hafa tekið við medalíunni sinni. Hann ætlar að taka sér frí frá boltanum.

**HANDBOLTI** Mánudagurinn síðasti rennur skyttunni örvhentu, Jóhanni Gunnari Einarssyni, seint úr minni. Hann vann þá langþráðan Íslandsmeistaratitil, spilaði sinn síðasta handboltaleik í bili og missti tvær tennur.

„Ég var í vörn og fékk olnbogann á Sveini Þorgeirssyni beint í framtennurnar. Ég var með eina límda framtönn og hún fór sem og tönnin við hliðina. Það kom því ansi myndarlegt skarð. Nú er búið að líma þetta til bráðabirgða og ég þarf svo að fá gervitennur. Sumarið fer í það,“ segir Jóhann Gunnar en var þetta ekki sárt?

„Sjokkið var svo mikið þegar þetta gerðist að ég fann ekki mikið til. Tannlæknirinn sagði mér samt að þetta hefði verið eitthvað það versta sem hann hefði séð. Það flísaðist upp úr tönnunum í tannholdið og þar voru fastar flísar. Ég var í stólnum í einn og hálfan tíma og leið betur eftir það.“



**BROSAÐ Í GEGNUM SÁRSAUKANN** Jóhann Gunnar beit á jaxlinn og brosti í gegnum brotnu framtennurnar eftir leik. Skömmu síðar var hann sestur í tannlæknastólinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Pirrandi að missa stellið**

Jóhann Gunnar fór inn í klefa eftir að hann meiddist en beit svo á jaxlinn og kom aftur út í fagnaðarlætin og verðlaunaafhendinguna.

„Ég var frekar pirraður eftir að hafa misst stellið og fagnaði kannski ekki eins mikið og ég vildi gera. Ég vildi sjást á einhverri mynd svo ég gæti nú sagt barnabörnunum síðar að ég hefði tekið þátt í þessu. Þetta var furðulegt kvöld að mörgu leyti. Ég var eiginlega ánægðari með tannlækninn en Íslandsmeistaratitilinn,“ segir skyttan.

Hann vildi þó fá að fagna eitthvað um nóttina með félögunum og fékk leyfi til þess frá tannlækninum.

„Ég spurði hann að því hvort ég mætti ekki fá mér einn. Hann gaf grænt ljós á það ef ég myndi sleppa því að lenda í slagsmálum. Það slapp því til,“ segir Jóhann og hló dátt.

Íslandsmeistarinn hefur glímt við þrálát meiðsli lengi og nú er mál að linni. Hann ætlar að taka sér ársfrí til þess að ná sér góðum.

„Ég tek í það minnsta eitt ár í frí. Svo getur vel verið að ég bæti á mig einhverjum kílóum og komi ekkert aftur. Ég vil samt ekki vera einn af þeim sem segist vera hættur og standa svo ekki við það. Það er kjánalegt. Ég ætlaði að taka frí í vetur en Siggi Eggerts plataði mig til þess að halda áfram. Það gekk svo allt upp.“

**Ég var alveg búinn**

Vinstri öxlin hefur verið að plaga Jóhann lengi og hún þarf nauðsynlega að fá hvíld.

„Ég fór í reddingu fyrir Haukaeinvígið því ég var alveg búinn í öxlinni. Átti að hvíla í viku en hvíldi í tvo daga. Það er ömurlegt að vera skytta og geta ekki skotið almennilega á markið. Svo ég uppljóstri leyndarmáli þá var auðveldara fyrir mig að fara yfir vinstra megin og skjóta þaðan í vetur. Þá gat ég notað líkamann meira og létt álaginu af öxlinni. Þess vegna var ég að gera það í allan vetur.“

Þeir voru ekki margir sem höfðu trú á Fram fyrir tímabilið. Liðinu var spáð sjötta sæti og sérfræðingar áttu almennt frekar von á því að liðið yrði í botnbaráttu en toppbaráttu.

„Í fyrra komumst við ekki í úrslitakeppnina og vorum á pappírnum með sterkara lið þá en núna. Þá skitum við á okkur. Nú var alltaf létt yfir þessu og Einar þjálfari á stóran þátt í þessu. Hann bjó til ákveðinn ramma og gerði þetta mjög einfalt fyrir okkur. Svo blómstra menn eins og Siggi Eggerts og Maggi Erlends markvörður í vetur. Það gekk margt upp hjá okkur.“

Lið Fram var orðið mjög lemstrað í leiknum á mánudag og margir sem settu spurningamerki við hvort þeir hefðu átt möguleika ef rimman hefði farið í oddaleik.

„Ég var alveg búinn og hefði ekki getað mætt í annan leik. Ég gat ekki hugsað mér það og hefði verið búinn að tapa honum í hausnum. Það hefði allt verið með Haukum þá en ekkert með okkur. Við erum þekktir fyrir að tapa úrslitaleikjum og því var gott að þurfa ekki að fara í oddaleik. Ég er alls ekki viss um að það hefði farið vel fyrir okkur,“ sagði Jóhann Gunnar Einarsson.

**henry@frettabladid.is**

> **Það var gott að þurfa ekki að fara í oddaleik. Ég er ekki viss um að það hefði farið vel fyrir okkur.**
>
> *Jóhann Gunnar Einarsson*



**PRENNA Í FYRSTA LEIK** Harpa Þorsteinsdóttir fór á kostum með Stjörnunni í öruggum sigri á ÍBV í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Elín og Harpa í stuði

Pepsi-deild kvenna byrjaði með látum í gærkvöldi.

**FÓTBOLTI** Stjarnan, Valur, Selfoss og Breiðablik unnu öll í fyrstu umferð Pepsi-deildar kvenna í fótbolta í gær. Íslandsmeistarar Þór/KA töpuðu tveimur stigum á heimavelli á móti FH.

Elín Metta Jensen skoraði fjögur mörk og gaf að auki tvær stoðsendingar þegar Valur vann 7-0 stórsigur á Aftureldingu og Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu og átti að auki tvö sláarskot þegar Stjarnan vann ÍBV 3-0.

Nýliðar HK/Víkings töpuðu niður 3-1 forystu á móti Blikum sem skoruðu þrjú á síðasta hálftíma leiksins. **- óój**

### Úrslitin í gær:

**STJARNAN - ÍBV 3-0**
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir 3 (15., 25., 90.+2)

**ÞÓR/KA - FH 1-1**
Katrín Ásbjörnsdóttir (11.) -Teresa Rynier (88.).

**ÞRÓTTUR - SELFOSS 0-2**
Guðmunda Brynja Óladóttir 2 (33. og 78.)

**HK/VÍKINGUR - BREIÐABLIK 3-4**
Berglind Bjarnadóttir 2, Hugrún María Friðriksdóttir - Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir, Björk Gunnarsdóttir, Rakel Hönnudóttir (90.+1).

**VALUR - AFTURELDING 7-0**
1-0 Elín Metta Jensen 4 (3., 25., 76., 84.), Rakel Logadóttir (42.), Hildur Antonsdóttir (58.), Katrín Gylfadóttir (70.).

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-1283





TVEIR ÍSLANDSMEISTARATITLAR TIL FRAM

## TIL HAMINGJU AFTUR OG AFTUR

**Við óskum Fram til hamingju með þann glæsilega árangur að vinna Íslandsmeistaratitla í handbolta 2013, bæði í kvenna- og karlaflokki.**

Sjóvá hefur lengi verið aðalstyrktaraðili Fram og styður sérstaklega við barna- og unglingastarf félagsins.

FRAM

SJÓVÁ



**BYRJAR VEL Í VESTURBÆ** KR-ingar fagna á móti Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Öll þrjú stóðust pressuna

**FÓTBOLTI** Þrjú efstu liðin í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna unnu öll leiki sína í 1. umferð Pepsi-deildar karla í ár. FH (spáð 1. sæti) vann Keflavík 2-1, KR (2. sæti) vann Stjörnuna 2-1 og Breiðablik (3. sæti) vann Þór 4-1. Þetta er í fyrsta sinn í átta ár þar sem þeim þremur liðum sem er spáð bestu gengi, tekst að vinna fyrsta leikinn sinn í mótinu.

Það hefur ekki gerst síðan sumarið 2005 þegar FH, KR og Valur unnu öll leiki sína í 1. umferðinni. FH varð Íslandsmeistari þetta sumar eins og spáð var, Valsmenn fóru upp um eitt sæti og tóku silfrið en KR-ingar lækkuðu sig um fjögur sæti og enduðu í sjötta sæti.

Þetta er mikil breyting frá síðustu sumrum því 2010-2012 tókst aðeins einu liði af topp þrjú í spánni að vinna sinn leik og það lið, KR 2011, mætti einmitt öðru liði af topp þrjú (Breiðablik) í 1. umferðinni. - óój

# Ætla mér að skora tíu mörk

Hinn 18 ára gamli Árni Vilhjálmsson er leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu. Þessi snaggaralegi framherji átti stjörnuleik gegn nýliðum Þórs og skoraði tvö mörk og lagði upp eitt. Hann ætlar sér stóra hluti í sumar. Stefnan er sett á tíu mörk sem og að vera í lykilhlutverki hjá góðu liði Breiðabliks.

**FÓTBOLTI** Árni verður 19 ára gamall á morgun en hann stundar nám við Menntaskólann í Kópavogi samhliða því að spila fótbolta með Blikum. Hann er því á fullu í prófum þessa dagana og ganga þau ágætlega að hans sögn.

Prófin voru svo sannarlega ekki að trufla hann í leiknum gegn Þór þar sem hann lék á als oddi.

„Þetta var frábær byrjun hjá okkur og mér. Þetta var nákvæmlega það sem bæði ég og liðið ætluðum okkur,“ segir Árni og bætir við að frábær spilamennska Blikaliðsins hafi ekki komið honum á óvart.

„Maður tekur út það sem maður hefur lagt inn og við höfum lagt mikið inn. Allir þrír framherjarnir skoruðu og liðið spilaði vel. Þetta gat því vart verið betra.“

Árni segist ekki geta lofað því að hann muni skora tvö mörk í hverjum leik en hann stefnir á að skora talsvert fleiri mörk í sumar.

„Ég setti mér það markmið fyrir mót að skora í það minnsta tíu mörk. Ef það gengur upp í sumar verð ég að setjast niður og setja mér ný markmið. Markmiðið hjá mér fyrir sumarið var að byrja alla leiki, vera lykilmaður í liðinu og skora tíu mörk,“ segir Árni en eftir því er tekið hvað hann hefur tekið miklum framförum milli ára.

„Ég tók til í hausnum á sjálfum mér. Breytti mataræðinu og styrkti mig. Það er klárlega að hjálpa mér núna því ég er sterkari og fljótari en ég var. Það er ekkert mál því þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég vil ná árangri. Ég æfi skynsamlega og eftir markmiðum í dag.“



**Á FERÐINNI** Árni gerði varnarmönnum Þórs lífið afar leitt á Kópavogsvellinum um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Félagarnir ráða hvernig fagnað er

Árni lék ekki bara vel heldur fagnaði hann líka skemmtilega, í stíl við Emile Heskey, fyrrverandi landsliðsmann Englands, sem varð frægur fyrir það á sínum tíma.

„Ég er með menn í þessum málum. Það eru félagar mínir sem ráða því hvernig ég fagna. Þeir komu þessa hugmynd og ég hugsaði bara af hverju ekki þegar ég skoraði. Þetta var skemmtilegt,“ sagði strákurinn og hló dátt en hann á klárlega eftir að láta mikið að sér kveða á vellinum í sumar. henry@frettabladid.is

### LIÐ UMFERÐARINNAR

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Eiður Aron Sigurbjörnsson | ÍBV |
| Kristinn Jónsson | Breiðablik |
| Haukur Páll Sigurðsson | Valur |
| Björn Daníel Sverrisson | FH |
| Andri Rafn Yeoman | Breiðablik |
| Víðir Þorvarðarson | ÍBV |
| Elfar Árni Aðalsteinsson | Breiðablik |
| Árni Vilhjálmsson | Breiðablik |
| Atli Viðar Björnsson | FH |






**SILFURSKEIÐIN** Er lífleg í stúkunni en viðurkennir að hafa farið yfir strikið í söng sínum um Bjarna Guðjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Báðu Bjarna afsökunar

Silfurskeiðin bað Bjarna afsökunar á níðsöng.

**FÓTBOLTI** Stuðningsmannasveit Stjörnunnar, Silfurskeiðin, bað í gær Bjarna Guðjónsson, fyrirliða KR, afsökunar á hegðun sinni í hans garð á leik KR og Stjörnunnar í Pepsi-deildinni á mánudag.

Silfurskeiðin söng þá níðsöng um Bjarna í upphafi leiks sem nú hefur verið beðist afsökunar á.

„Níðsöngvar um nafngreinda leikmenn andstæðinga eiga ekkert skylt við þá umgjörð sem á að vera í kringum íþróttir. Silfurskeiðin hefur beðið Bjarna Guðjónsson afsökunar á hegðun sinni. Fyrir hönd Stjörnunnar tek ég undir þá afsökunarbeiðni.

Forráðamenn Stjörnunnar munu í samvinnu við stuðningsmenn leitast við að gera umgjörðina líflega og skemmtilega og koma í veg fyrir að svona lagað endurtaki sig,“ segir meðal annars í yfirlýsingu Almars Guðmundssonar, formanns knattspyrnudeildar Stjörnunnar, sem hann sendi frá sér í gær.

Þóri Hákonarsyni, framkvæmdastjóri KSÍ, var ekki skemmt er Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið í gær.

„Ég hef heyrt af þessu máli og ég mun kanna hvernig þetta fór fram. Mér finnst það ekki vera sæmandi áhorfendum að vera með slíkan dónaskap ef þetta fór fram eins og menn segja. Mér finnst vera farið yfir strikið með svona orðbragði,“ sagði Þórir í viðtali áður en Silfurskeiðin gekkst við því að hafa sungið níðsönginn.

Eftir leik var lítill afsökunartónn í Silfurskeiðinni. Þá skrifaði hún á Twitter að menn ættu að komast yfir þetta og að þetta væri hluti af leiknum. Annað hljóð var svo komið í strokkinn í gær. - hbg

# VORSPRENGJA




**99.999**

**LG**

**42" FULL HD PLASMA 3D SMART TV**
LAN Nettengjanlegt Smart TV og USB afspilun. 600Hz endurnýjunartýðni. Home Dashboard valmynd, Wi-Fi ready, DLNA þráðlaus samskipti, Facebook, Twitter, netvafri og fleira. Örþunnt og flott tæki.

**19.999**




**LG**

**BLU-RAY SPILARI**
með 3D afspilun, USB, nettengjanlegur með SmartTV.

**42.999**




**SALORA**

**19" LED SJÓNVARP**
með innbyggðum DVD spilara og USB afspilun. Tekur einnig 12volta straum. Til í svörtu og hvítu.

**69.999**




**SALORA**

**26" LED SJÓNVARP**
með innbyggðum DVD spilara og USB afspilun. Til í svörtu og hvítu.

**19.995**



**SALORA**

**7" DVD FERÐASPILARI**
Spilar einnig beint af USB og minniskortum. Innbyggð hleðslurafhlaða. 12 volta. Allar snúrur fylgja með ásamt tösku sem breytist í höfuðpúðafestingu.



**84.999**

**GRUNDIG**

**32" FULL HD SJÓNVARP**
með USB afspilun og 100Hz endurnýjunartýðni.



**199.999**

**SAMSUNG**

**46" FULL HD LED SJÓNVARP**
nettengjanlegt með Smart TV, USB afspilun og 100Hz endurnýjunartýðni.

Gildir til 15.maí á meðan birgðir endast.
Öll raftækin fást í Hagkaup Smáralind, Garðabæ og Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 Sport 2 18.35

### Chelsea – Tottenham



Bein útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. Þessi nágrannalið í London berjast um sæti í Meistaradeild Evrópu næsta vetur og leggja allt í sölurnar í þessum leik. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham eru með 65 stig í fimmta sæti deildarinnar en Chelsea er með 68 stig í þriðja sæti. Þriðja Lundúnaliðið, Arsenal, er í fjórða sæti með 67 stig en hefur leikið einum leik meira.

## Í KVÖLD



### Nanny McPhee Returns

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.20** Emma Thompson snýr aftur sem Nanny McPhee. Hún er engin venjuleg fóstra og notar töfra til að hafa hemil á börnunum sem hún gætir og nú þarf alveg ný fjölskylda á hennar kröftum að halda.

Rotten Tomatoes 75% IMDb 6,0



### Law & Order UK – LOKAÞÁTTUR

**SKJÁR EINN KL. 22.10** Lokaþátturinn um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn. Rannsóknarlögreglumennirnir koma á vettvang glæps sem reynist erfitt að púsla saman.

TV.COM 8,3 IMDb 7,0



### Dharavi: Slum for Sale

**RÚV KL. 22.20** Svissnesk heimildarmynd um fátækrahverfið Dharavi í Mumbai á Indlandi. Áður fyrr var svæðið utan borgarmarkanna en Mumbai hefur stækkað ört og umlykur nú Dharavi. Svæðið er verðmætt og til stendur að byggja á því, sem hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

IMDb 5,9

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunglugginn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Sjónmál **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laura og Julio **15.25** Kannski drauma-dá **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Segðu mér **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Brot af eilífðinni **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.10 Listahátíð 2013** *(e)*
**16.40 Læknamiðstöðin** *(7:22) (e)*
**17.25 Franklín** *(55:65)*
**17.48 Geymslan** *(1:28)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Brúnsósulandið** *(7:8) (Landet brunsås)* Sænsk þáttaröð um matarmenningu.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Martin læknir** *(7:8) (Doc Martin 5)* Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Dagskrárgerð: Ragnheiður Thorsteinsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dharavi: Fátækrahverfi til sölu** *(Dharavi: Slum for Sale)* Svissnesk heimildarmynd um fátækrahverfið Dharavi í Mumbai á Indlandi. Áður fyrr var svæðið utan borgarmarkanna en Mumbai hefur stækkað ört og umlykur nú Dharavi.
**23.15 Leigupenninn** *(The Ghost Writer)* Rithöfundur sem er ráðinn til þess að skrifa endurminningar fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands kemst að leyndarmáli sem stefnir honum í bráða hættu. Leikstjóri er Roman Polanski og meðal leikenda eru Ewan McGregor, Pierce Brosnan, Kim Cattrall og Olivia Williams. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. *(e)*
**01.20 Kastljós**
**01.50 Fréttir**
**02.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 The Seven Year Itch**
**12.55 Nanny Mcphee Returns**
**14.45 Knight and Day**
**16.35 The Seven Year Itch**
**18.20 Nanny Mcphee Returns**
**20.10 Knight and Day**
**22.00 Tenderness**
**23.40 The Goods: Live Hard, Sell Hard**
**01.10 The Good Night**
**02.45 Tenderness**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími**
**08.05 Malcolm In The Middle** *(20:22)*
**08.30 Ellen** *(140:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(76:175)*
**10.15 Privileged** *(17:18)*
**11.00 Hank** *(10:10)*
**11.25 Grey's Anatomy** *(10:24)*
**12.10 Cougar Town** *(16:22)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Suits** *(9:12)*
**13.45 Chuck** *(8:13)*
**14.30 Last Man Standing** *(9:24)*
**14.50 Hot In Cleveland** *(2:10)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(10:23)*
**16.05 Nornfélagið**
**16.30 Tommi og Jenni**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður, fréttir og íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(17:17)*
**19.40 New Girl** *(19:24)*
**20.05 Go On** *(15:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryans King, íþróttafréttamanns sem missir konuna sína.
**20.30 Kalli Berndsen – í nýju ljósi** *(8:8)* Önnur þáttaröðin með Kalla Berndsen þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu hjá meistaranum.
**21.00 Grey's Anatomy** *(22:24)*
**21.45 Red Widow** *(7:8)*
**22.30 Philanthropist** *(3:8)* Mögnuð þáttaröð sem segir frá milljarðamæringnum og glaumgosanum Teddy Rist.
**23.15 NCIS** *(20:24)*
**00.00 Grimm** *(4:22)*
**00.45 Sons of Anarchy** *(8:13)*
**01.30 The Closer** *(19:21)*
**02.15 American Horror Story** *(2:12)*
**03.05 Fringe** *(6:22)*
**03.50 Southland** *(6:6)*
**04.35 Grey's Anatomy** *(22:24)*
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**14.15 Spænski boltinn: Barcelona - Betis**
**15.55 Spænsku mörkin**
**16.25 Memphis - Clippers**
**18.25 FA bikarinn - upphitun**
**18.55 Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga**
**21.00 KR - Stjarnan**
**22.45 Pepsi-mörkin 2013**
**00.00 leikur 7 eða leikur 1** í NBA

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wigan - Swansea**
**14.45 West Ham - Newcastle**
**16.25 Football League Show**
**16.55 WBA - Wigan**
**18.35 Chelsea - Tottenham**
**20.45 Man. City - WBA**
**22.25 Premier League Review Show**
**23.20 Chelsea - Tottenham**
**01.00 Sunnudagsmessan**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnaefni**
**12.00 Sorry I've Got No Head**
**12.25 Victorious**
**12.50 iCarly** *(2:25)*
**13.15 Big Time Rush**
**13.40 Lalli**
**13.55 Refurinn Pablo**
**14.00 UKI**
**14.05 Strumparnir**
**14.30 Waybuloo**
**14.50 Svampur Sveinsson**
**15.10 Könnuðurinn Dóra**
**15.35 Áfram Diego, áfram!**
**16.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.20 Ofurhundurinn Krypto**
**16.40 Histeria!**
**17.00 Lukku-Láki**
**17.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.35 M.I. High**
**18.00 Ofurhetjusérsveitin**
**18.20 Sorry I've Got No Head**
**18.50 iCarly** *(2:25)*
**19.15 Victorious**
**19.40 Big Time Rush**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
**17.25 Íslenski listinn** Söngdívan Þórunn Antonía Magnúsdóttir kynnir íslenska listann þar sem tíu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt einu vænlegu til vinsælda.
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Pretty Little Liars** *(3:22)*
**19.00 Friends** *(20:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(6:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 The Cleveland Show** *(3:22)* Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**20.35 Funny or Die** *(4:10)* Önnur serían af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum frá Will Arnett og HBO byggðum á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**20.55 FM 95BLÖ**
**21.15 Arrow** *(17:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.00 Dollhouse** *(12:13)*
**22.45 The Cleveland Show** *(3:22)*
**23.05 Funny or Die** *(4:10)*
**23.35 FM 95BLÖ**
**23.55 Arrow** *(17:23)*
**00.40 Dollhouse** *(12:13)*
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## STÖÐ 2 GULL

**20.00 Einu sinni var** *(4:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(14:14)*
**21.05 Krøniken** *(15:22)*
**22.05 Ørnen** *(15:24)*
**23.05 Einu sinni var** *(4:22)*
**23.35 Örlagadagurinn** *(14:14)*
**00.10 Krøniken** *(15:22)*
**01.10 Ørnen** *(15:24)*
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Dynasty** *(20:22)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Charlie's Angels** *(4:8)* Sjónvarpsþættir byggðir á hinum sívinsælu Charlie´s Angels sem gerðu garðinn frægan á áttunda áratugnum.
**16.30 Design Star** *(6:10)*
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Once Upon A Time** *(18:22)*
**18.45 Everybody Loves Raymond** *(21:25)*
**19.10 America's Funniest Home Videos**
**19.35 Cheers** *(1:22)*
**20.00 Megatíminn - BEINT** *(7:7)* Einn galnasti þáttur landsins þar sem áhorfendur geta unnið allt milli himins og jarðar í beinni útsendingu með því aðeins að senda sms.
**21.00 Solsidan** *(7:10)* Alex og Anna snúa loks aftur í þessum þáttum sem slógu í gegn meðal áskrifenda SkjásEins.
**21.25 Blue Bloods** *(11:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan-fjölskyldunnar í New York þar sem fjölskylduböndum er komið á glæpamenn borgarinnar sem aldrei sefur.
**22.10 Law & Order UK – LOKAÞÁTTUR** *(13:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum.
**23.00 The Borgias** *(1:9)*
**23.45 The Walking Dead** *(13:16)*
**00.35 Lost Girl** *(6:22)*
**01.20 Excused**
**01.45 Blue Bloods** *(11:22)*
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Wells Fargo Championship **2013** *(3:4)* **12.40** Golfing World **13.30** Wells Fargo Championship **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** The Open Championship Official Film **1976** **19**.50 THE PLAYERS Official Film **2012** *(1:1)* **20.40** Champions Tour - Highlights *(8:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(19:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(18:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölvur, tækni og kennsla 21.00 Fiskikóngurinn 21.30 Á ferð og flugi**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


# Hágæða flotefni í Múrbúðinni



Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm

Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm

Weberfloor 4310 Trefjastyrkt flotefni 5-50mm

Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot

Dekaplan 230 Flotefni

Deka Acryl grunnur

STERKARI KRÓNA = LÆKKAÐ VERÐ!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |
| Akureyri | Óseyri 1. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-14 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!


INDISKA
INDISKA * REYKJAVÍK * ISLAND
OPNAR Í DAG
KRINGLAN

SUMARFRÍIÐ



**„Ég er að flytja út til Danmerkur í júlí. Ég verð ekkert að vinna þangað til, þannig að ég ætla að njóta mánaðarins sem ég fæ í sumarfrí og njóta Íslands.“**

Stella Sigurðardóttir, Íslandsmeistari í handbolta með Fram.

# Verðlaunagripinn má nota sem handlóð

Sigríður Heimisdóttir vöruhönnuður hannaði verðlaunagripi fyrir Íslandsmeistaramótið í kraftlyftingum.

„Þar sem ég er með brennandi áhuga á hönnun þá blöskraði mér hvað verðlaunagripir eru stundum leiðinlega hefðbundnir, stórir og óspennandi. Ég bauðst því til þess að hanna verðlaunagrip fyrir Íslandsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum og reyndi að hafa hann bæði fallegan og nothæfan,“ segir vöruhönnuðurinn Sigríður Heimisdóttir sem hannaði þrjá farandbikara úr áli fyrir Íslandsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum sem fram fer á laugardag.

Verðlaunagripirnir líta út eins og handlóð og má nota þá sem slíka. „Þeir vega ekki nema 6,2 kíló þó þeir líti út fyrir að vera þyngri. En pælingin er að fólk geti notað lóðin,“ segir hún.



Sigríður hóf sjálf að stunda kraftlyftingar fyrir rúmu ári og segir íþróttina vera hina mestu skemmtun. Hún kveðst þó ekki ætla að taka þátt í mótinu sjálfu. „Ég tek ekki þátt en ég ætla að fylgjast með því. Ég fylgdist með móti í fyrsta sinn í mars og fannst það alveg hryllilega gaman. Ég hvet fólk til þess að mæta á laugardag.“ - sm



**HANNAR VERÐLAUNAGRIP** Sigríður Heimisdóttir hannaði farandgripi fyrir Íslandsmeistaramótið í kraftlyftingum. Gripurinn lítur út eins og lóð og má nota hann sem slíkan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt app



Fáðu FM95BLÖ í símann þinn!

Sæktu þér nýja appið og hlustaðu á FM957 hvar og hvenær sem er!

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

FM957

# Réðu til sín höfund Beavis and Butthead

Hugmyndasmiðir teiknimyndaþáttanna Space Stallions hafa fengið liðsstyrk.

„Það er gott að hafa gaur með okkur sem er með áratugareynslu í þessu,“ segir Ágúst Freyr Kristinsson, annar af hugmyndasmiðum teiknimyndaþáttanna Space Stallions sem eru í undirbúningi.

Bandaríkjamaðurinn Andy Rheingold, sem hefur samið handritið að fjölda Beavis and Butthead-þátta og unnið við þróun teiknimyndanna Svampur Sveinsson fyrir sjónvarpsstöðina Nickelodeon, hefur verið ráðinn til að hjálpa Ágústi Frey og Þorvaldi Gunnarssyni með handritið að Space Stallions.

„Við Þorvaldur erum aðallega teiknitgaurar og handritsgerð er ekki okkar sterkasta hlið. En við erum búnir að koma þessu mjög langt á veg,“ segir Ágúst Freyr.

Hann og Þorvaldur gerðu á sínum tíma samning við íslenska framleiðslufyrirtækið GunHil. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá landaði það samningi við breska fyrirtækið Cake Distribution, auk þess sem markaðsfyrirtækið Fuel hefur bæst í hópinn. Í gegnum þau náðust samningar við Rheingold. „Þetta er allt klíkuskapur þegar þetta er komið á svona stórt „level“. Það þekkjast allir á einhvern hátt. Bara með því að tengjast þessum stóru fyrirtækjum erum við að komast í góð sambönd,“ segir hann.

Búast má við að ferlið við að koma Space Stallions að í sjónvarpi taki nokkur ár og kosti mikið fé. Strákarnir hafa þegar fengið þróunarstyrk frá Evrópusambandinu upp á um tíu milljónir króna.

Í fyrra kynntu þeir teiknimyndina á Cartoon Forum í Toulouse og fengu mjög góð viðbrögð. „Þá var þetta á frekar hráu stigi en eftir sumarið verðum við búnir að vinna þetta betur.“

Í haust ætla Ágúst Freyr og Þorvaldur á sölurúnt um Bandaríkin en draumurinn er að koma Space Stallions að á þarlendum sjónvarpsstöðvum. „Þetta er allt eða ekkert-verkefni. Við viljum vera þar með þáttaröð.“ freyr@frettabladid.is



**ÁGÚST FREYR KRISTINSSON** Annar af hugmyndasmiðum Space Stallions er ánægður með nýja liðsstyrkinn.



## Söguþráður Space Stallions

Nafn seríunnar útleggst sem Geimfolarnir á íslensku og fjallar um hóp sem heldur út í geim til að bjarga alheiminum. Þættirnir eru í anda níunda áratugarins og eru ætlaðir fullorðnum. Þeir eru í raun skopstæling á teiknimyndum á borð við ThunderCats og He-Man en samt takast þeir á við nútímavandamál með nútímahúmor.



# Vildi líkjast Loga Bergmann

Tómas Ingi Tómasson í Pepsi-mörkunum mætti til leiks með nýtt útlit í ár.

Tómas Ingi Tómasson, álitsgjafi í þættinum Pepsi-mörkin á Stöð 2 Sport og fyrrverandi fótboltamaður, vakti mikla athygli er hann mætti dökkhærður í fyrsta þátt tímabilsins, en Tómas Ingi er allajafna ljóshærður. Auk þess hefur verið skerpt á augabrúnum Tómasar, eins og hann orðar það.

„Ég ákvað að koma inn í mótið með pompi og prakt. Ég veit að fólki leiðist ekki að tala um aðra og mér skilst að Twitter hafi logað eftir þáttinn. Helsta ástæðan fyrir því að ég litaði hárið er sú að mig langaði að líkjast Loga Bergmann, hann er mentorinn minn og mín fyrirmynd á skjánum. Ég þekki hann vel og fallegri karlmaður finnst ekki,“ segir Tómas Ingi og hlær.

Hann viðurkennir að breytingarnar hafi ekki fallið í kramið hjá hans nánustu og átti hann sjálfur erfitt með að venjast þeim í fyrstu. „Þetta var hræðilegt til að byrja með. Ég fékk nett áfall þegar ég vaknaði daginn eftir og leit í spegil og við mér blasti dökkhærður maður. Fólkið í kringum mig var frekar ósátt við breytinguna og ætli mamma hafi ekki verið svekktust.“

**Ég veit að fólki leiðist ekki að tala um aðra og mér skilst að Twitter hafi logað eftir þáttinn.**

Óráðið er hvort Tómas Ingi verði dökkhærður fram á haust og segist hann ætla að láta áhorfendur Stöðvar 2 um að ákveða framhaldið. „Ég ætla að fylgjast með Twitter og sjá hvað fólk hefur að segja. Ætli ég verði ekki svona fram á mitt mót,“ segir hann að lokum. - sm



**NÝTT ÚTLIT** Tómas Ingi Tómasson, fyrrverandi fótboltakappi, lét lita hár sitt fyrir fyrsta fótboltaleik tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Fullt verð 43.990
PAKKATILBOÐ AÐEINS
28.995,-

**SCIERRA CC3 PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Léttir og sterkir vöðluskór.



Fullt verð 34.995
VIKUTILBOÐ AÐEINS
24.995,-

**SCIERRA CC3 VORTILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum. Stígvél eru með filtsóla.



Fullt verð 44.990
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.995,-

**SCIERRA CC3 XP PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Léttir og sterkir vöðluskór.



Fullt verð 42.990
VORTILBOÐ AÐEINS
27.995,-

**RON THOMPSON HYDROFORCE PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. Léttir og sterkir vöðluskór.



Fullt verð 68.800
VORTILBOÐ AÐEINS
53.900,-

**SIMMS FREESTONE PAKKATILBOÐ**
4ra laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum. Stígvél eru með filtsóla.



Fullt verð 12.995
TILBOÐ AÐEINS
10.995,-

**DAM TASLAN NÆLONVÖÐLUR**
Þunnar og liprar vöðlur með áföstum stígvélum. Stígvél með gúmmísóla.



Fullt verð 41.990
VORTILBOÐ AÐEINS
28.995,-

**RON THOMPSON PAKKATILBOÐ**
Ron Thompson neoprenvöðlur. Vandaðar vöðlur úr hlýju og sterku neoprenefni. Stígvél með filtsóla.
Ron Thompson Climate veiðijakki. Algjörlega vatnsheldur vöðlujakki með útöndun.



Fullt verð 9.995
TILBOÐ AÐEINS
8.995,-

**RT ONTARIO KRAKKAVÖÐLUR**
Vöðlur fyrir yngri veiðimenn. Mjúkt fóðrað PVC efni. Stígvél með gúmmísóla.




Fullt verð 6.900
TILBOÐ AÐEINS
5.500,-

**VEIÐIKORTIÐ - VIKUTILBOÐ!**
Veiðikortið 2013 fæst á aðeins 5.500 þegar keypt er með tilboðum í blaðinu
**Gildir frá 4. til 11. maí.**

VERSLAÐU Á NETINU




**SAMA VERÐ UM ALLT LAND**
Við sendum frítt um allt land. Þeir sem panta vörur úr blaðinu í netverslun okkar í maí fá þær sendar frítt með póstinum.
Við borgum burðargjöldin.

VEIDIHORNID.IS

1 9 9 8 — 2 0 1 3

Framúrskarandi fyrirtæki 2010
Framúrskarandi fyrirtæki 2011
Framúrskarandi fyrirtæki 2012

T R A U S T F J Ö L S K Y L D U F Y R I R T Æ K I Í 1 5 Á R

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frestar útgáfunni um ár



**Þorbjörg Marínósdóttir** hefur verið með sína fjórðu bók í bígerð sem hún stefndi á að koma út fyrir sumarið. Þorbjörg, eða Tobba eins og hún er betur þekkt, ætlar hins vegar að vanda frekar til verka og útgáfa bókarinnar frestast því um ár. Tobba ætlar að leggjast í skriftir í sumar, meðal annars í Hrísey og Berlín, en bókin er sjálfsævisaga höfundarins. **- áp**

### Jafnréttisskóli á laggirnar



Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í gær tillögu Vinstri grænna um að setja á stofn Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Skólinn verður að fyrirmynd Náttúruskólans, en hann hefur verið starfræktur í sex ár með góðum árangri. Markmið skólans er að skapa vettvang fyrir heilsteypt jafnréttisstarf í skólum í samræmi við lög, nýjar aðalnámskrár og mannréttindastefnu borgarinnar. **Sóley Tómasdóttir,** borgarfulltrúi Vinstri grænna, er einn af upphafsmönnum tillögunnar sem var flutt í fyrsta sinn árið 2007. „Jafnréttisskóli verður stórt og mikilvægt skref í átt að bættri menntun barnanna í borginni og auknu jafnrétti til framtíðar," sagði Sóley á Facebook-síðu sinni í gær. **- mlþ**

### Mest lesið vísir

1 Týndar í tíu ár – fundust heilar á húfi
2 Hætti að greiða lán en hirti leigutekjur
3 Heiðarlegu viðskiptavinirnir tapa á hegðun þjófanna
4 Ein kvennanna eignaðist dóttur í prísundinni
5 Leifsstöð heitir ekki Leifsstöð
6 Fæddust um þremur mánuðum fyrir tímann


*Spennandi saga frá Færeyjum um riddara ... álfastelpur ... og DREKA*




*www.forlagid.is*



50% AFSLÁTTUR!
10 DAGA TILBOÐUM REKKJUNNAR LÝKUR Í DAG
AF ÞEIM SÖKUM VELJUM VIÐ 4 RÚM SEM VIÐ SELJUM Í DAG MEÐ 50% AFSLÆTTI




CELESTIAL DIAMOND (KING SIZE)
FULLT VERÐ 331,233 Kr.
NÚ 165,616 Kr. MEÐ 50% AFSLÆTTI

CACHE EURO (QUEEN SIZE)
FULLT VERÐ 218,453 Kr.
NÚ 109,227 Kr. MEÐ 50% AFSLÆTTI

DOVER PLUSH (KING SIZE)
FULLT VERÐ 349,085 Kr.
NÚ 174,543 Kr. MEÐ 50% AFSLÆTTI

STOCKHOLM (QUEEN SIZE)
FULLT VERÐ 163,600 Kr.
NÚ 81,800 Kr. MEÐ 50% AFSLÆTTI



rekkjan

Rekkjan ehf · Ármúla 44 · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM